

**Undirbúningur fyrir veitingu leyfa til  
rannsóknar og vinnslu kolvetnis**

**Margrét Vala Kristjánsdóttir hdl. LL.M.**

*Unnið fyrir samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál*

**OS-2006/006**



Undirbúningur fyrir veitingu leyfa til  
rannsóknar og vinnslu kolvetnis

**Margrét Vala Kristjánsdóttir, hdl. LL.M.**

*Unnið fyrir samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál*

**OS-2006/006**

ISBN 9979-68-188-8



<b>Skýrsla nr.:</b> OS-2006/006	<b>Dags.:</b> Maí 2006	<b>Dreifing:</b> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
		<b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Undirbúningur fyrir veitingu leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis		<b>Upplag:</b> 30
		<b>Fjöldi síðna:</b> 136
<b>Höfundar:</b> Margrét Vala Kristjánsdóttir, hdl. LL.M.		<b>Verkefnisstjóri:</b> Sveinbjörn Björnsson
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Fyrsti áfangi skýrslu um olíuleitarmál		<b>Verknúmer:</b> 3017320
<b>Unnið fyrir:</b> Unnið fyrir samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Skýrslan er fyrsti áfangi undirbúningi fyrir veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni á landgrunni Íslands. Fremst er samantekt á efninu. Síðan kemur stutt greinargerð um fyrirkomulag við veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni í Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Írlandi. Næst eru drög að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi ásamt viðaukum og greinargerð um uppsögn leyfis og eftirgjöf svæða. Þá koma tvær greinargerðir, annars vegar um skatta og gjöld og hins vegar um umhverfis- og öryggismál. Loks er greinargerð um samkomulag við Noreg um olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu. Greinargerðunum og drögunum að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi er ætlað að draga fram þessi atriði og mynda grundvöll til umræðu, bæði hjá samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál og þeim vinnuhópum sem kunna að koma að undirbúningi málsins í framhaldi af þessari athugun. Lögð er áhersla á það í skýrslunni að tilgreina hvaða verkefni þarf að vinna frekar.		
<b>Lykilorð:</b> Ísland, Færeyjar, Jan Mayen, landgrunn, olíuleit, kolvetni, rannsóknir, vinnsla		<b>ISBN-númer:</b> 9979-68-188-8
		<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>
		<b>Yfirlit af:</b> Steinar Þór Guðlaugsson



# Formáli

Skýrsla þessi er unnin fyrir samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál samkvæmt samningi undirritaðrar við Orkustofnun, dags. 6. maí 2004. Skýrslan er fyrsti áfangi undirbúnings fyrir veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni og er ætlað að vera vinnuskjal samráðsnefndarinnar, meðal annars um tilhögun síðari áfanga undirbúningsins og til upplýsingar fyrir viðeigandi stjórnvöld um þau verkefni sem í honum felast.

Skýrslan er unnin á grundvelli verklýsingar samkvæmt samningi og umræðna á fundum samráðsnefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar, Steinar Þór Guðlaugsson, verkefnisstjóri landgrunnsrannsókna hjá Íslenskum orkurannsóknum, hefur lagt til efni, lesið yfir og rætt efni skýrslunnar og kann ég honum bestu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð hans og góðar ábendingar.

Steinar Þór hefur einnig ritað greinargerð um framhald olíuleitarmála sem birtist í VII. hluta skýrslunnar. Þar koma fram ályktanir sem nefndin dregur af skýrslunni og yfirlit samkvæmt 2. lið verklýsingar verkefnisins yfir þann undirbúning sem ljúka þarf áður en til leyfisveitinga getur komið.

Reykjavík, janúar 2005

Margrét Vala Kristjánsdóttir hdl.





## EFNISYFIRLIT

I. Hluti	
Samantekt.....	5
II. Hluti	
Greinargerð um fyrirkomulag við veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis í nágrannalöndunum, sérstaklega í Færeyjum.....	19
III. Hluti	
Drög að stöðluðu leyfi ásamt viðaukum og greinargerð.....	35
IV. Hluti	
Greinargerð um skatta og gjöld.....	75
V. Hluti	
Greinargerð um umhverfis- og vinnuöryggismál .....	93
VI. Hluti	
Greinargerð um samkomulag við Noreg frá 22. október 1981, um olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu .....	119
VII. Hluti	
Greinargerð um framhald olíuleitarmála .....	123
Heimilda- og lagaskrá.....	134



I. Hluti

Samantekt

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	9
2	GREINARGERÐ UM FYRIRKOMULAG VIÐ VEITINGU LEYFA TIL RANNSÓKNA OG VINNSLU Á KOLVETNI Í NÁGRANNALÖNDUNUM .....	11
3	FYRSTU DRÖG AÐ STÖÐLUÐU RANNSÓKNAR- OG VINNSLULEYFI .....	12
	3.1 Almennt um vinnulagið .....	12
	3.2 Stjórnsýsla .....	13
	3.3 Uppbygging leyfisins.....	14
4	SKATTAR OG GJÖLD .....	15
5	UMHVERFIS- OG VINNUÖRYGGISMÁL.....	16

# 1 Inngangur

Skýrsla þessi er þáttur í undirbúningi fyrir veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni samkvæmt samningi við Orkustofnun, dags. 6. maí 2004.

**Forsendur** verkefnisins koma fram í 2. gr. samningsins þar sem segir:

„Í gildi eru lög nr. 13/2001, um leit rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Lögin setja almennan ramma um leit að olíu og jarðgasi á landgrunninu og vinnslu olíu- og jarðgaslinda og gera ráð fyrir tvenns konar leyfum. Annars vegar eru veitt leyfi til leitar með mælingum og sýnatöku af hafsbotni. Heimilt er að gefa út fleiri en eitt leitarleyfi á sama svæði en boranir eru ekki leyfðar. Leitarleyfin voru útfærð nánar í reglugerð iðnaðarráðherra nr. 553/2001 og hófst leitin sama ár með útgáfu þriggja ára leitarleyfis á Jan Mayen-svæðinu til norska olíuleitarfyrirtækisins InSeis. Hins vegar gera lögin ráð fyrir að veitt verði leyfi til rannsókna og vinnslu sem fela í sér einkarétt til rannsókna og vinnslu á tilteknu afmörkuðu svæði. Enn hafa engin slík leyfi verið veitt og áður en til þess getur komið þarf að útfæra leyfin nánar og ljúka ýmsum öðrum undirbúningi. Rétt er að sá undirbúningur taki mið af því að til leyfisveitinga geti komið hvar sem er á landgrunninu, þó flest bendi nú til þess að fyrst muni koma til álita að veita leyfi á Jan Mayen-svæðinu. Með þessum samningi er ætlunin að ljúka fyrsta áfanga þessa undirbúnings.“

**Verklýsing** samkvæmt samningnum hljóðar svo:

1. Að yfirfara og endurskoða lög, reglugerðir og önnur atriði sem snúa að borunum og vinnslu kolvetnis á landgrunninu með það að markmiði að undirbúa veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfa. Sérstaklega þarf að huga að:
  - a. útfærslu rannsóknar- og vinnsluleyfa (þ.m.t. fyrirmyndum að leyfum),
  - b. sköttum og gjöldum af starfseminni
  - c. umhverfis- og vinnuöryggismálum og
  - d. áhrifum samkomulagsins frá 22. október 1981 við Noreg um olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu.
2. Að semja yfirlit um annan undirbúning sem ljúka þarf áður en til leyfisveitinga getur komið og gera tillögur um hvernig skynsamlegt sé að standa að honum. Þetta á einkum við um hvernig skuli meta eða kanna
  - a. líkleg áhrif rannsóknarborana og olíuvinnslu á íslenskan efnahag og atvinnulíf,
  - b. hvaða lágmarkskröfur skuli gera um efnahagslegan og annan ávinning samfélagsins af starfseminni ef heimila ætti vinnslu innan fárra ára fremur en að láta nýtingu hugsanlegra auðlinda bíða betri tíma,
  - c. hvernig veðurfari, hafís, straumum og stöðugleika hafsbotns er háttað á líklegum leyfissvæðum,
  - d. líkleg umhverfisáhrif af borunum og olíuvinnslu og leiðir til að tryggja að núverandi ástand umhverfisins verði nægilega vel þekkt áður en starfsemin hefst svo hægt verði að fylgjast með hugsanlegum umhverfisbreytingum af hennar völdum í framtíðinni,

- e. kostnað ríkisins af því að hefja leyfisveitingar til rannsóknarborana og olíuvinnslu og gera tillögu um hvernig stjórnsýslu og ráðgjöf verði best hagað.

Umfjöllun um fyrri hluta þessarar verklýsingar kemur fram í nokkrum þáttum skýrslunnar. Fyrst er stutt greinargerð um fyrirkomulag við veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni í Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Írlandi. Næst eru drög að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi ásamt viðaukum og greinargerð um uppsögn leyfis og eftirgjöf svæða. Þá koma tvær greinargerðir, annars vegar um skatta og gjöld og hins vegar um umhverfis- og öryggismál, sbr. liði 1 b og c í verklýsingunni. Loks er greinargerð um samkomulag við Noreg um olíuvinnslu á Jan Mayen svæðinu, sbr. lið 1 d. Í skýrslunni eru ekki sérstakar greinargerðir um atriði samkvæmt 2. lið sammingsins. Yfirlit um þann undirbúning sem þar greinir koma hins vegar fram í greinargerð Steinars Þórs Guðlaugssonar í VII hluta skýrslunnar sem jafnframt hefur að geyma ályktanir sem samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál hefur dregið af öðrum hlutum skýrslunnar

Umfjöllun um einstaka þætti skýrslu þessarar er alls ekki tæmandi. Er hér um að ræða fyrstu umfjöllun um ýmis atriði sem talið er að þarfnist sérstakrar skoðunar við undirbúning fyrir veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Þeim greinargerðum sem hér fara á eftir og drögum að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi er ætlað að draga fram þessi atriði og mynda grundvöll til umræðu, bæði hjá samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál og þeim vinnuhópum sem kunna að koma að undirbúningi málsins í framhaldi af þessari fyrstu athugun. Nánari skoðun dregur örugglega fram fleiri þætti sem þarfnast athugunar. Einnig er líklegt að ekki reynist ástæða til að huga frekar að einhverjum þáttum sem við fyrstu sýn þóttu skoðunar verðir. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að áður en skýrsla þessi var útbúin til prentunar komu fram nokkrar athugasemdir og ábendingar um efni hennar, m.a. frá Umhverfisstofnun. Er það gott dæmi um viðbrögð og þær athuganir sem gera verður ráð fyrir að eigi sér stað við frekari undirbúning fyrir veitingu þeirra leyfa sem hér um ræðir. Einnig er rétt er að taka fram að í lýsingu á verkefninu er kveðið á um að fremur skuli leggja áherslu á að gefa heildarmynd af viðfangsefninu en að fullvinna alla verkþætti. Er því er lögð áhersla á það í skýrslunni að tilgreina hvaða verkefni þarf að vinna frekar.

## 2 Greinargerð um fyrirkomulag við veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni í nágranna-löndunum

Vinnsla verkefnisins hófst með ritun greinargerðar um fyrirkomulag við veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni í Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Írlandi. Fyrir lá að stöðluð rannsóknar- og vinnsluleyfi þessara ríkja yrðu að einhverju leyti höfð til hliðsjónar við gerð slíkra leyfa hér á landi. Samkvæmt verklýsingu skyldi þó lögð megináhersla á að lýsa fyrirkomulagi þessara mála í Færeyjum. Umfjöllunin snýr í fyrsta lagi að fyrirkomulagi á veitingu leyfa, þ.e.a.s. hvort um leyfisútboð eða opna gátt er að ræða, auglýsingu eftir umsækjendum og hæfi þeirra. Einnig er gerð grein fyrir atriðum sem snerta leyfin sjálf, þ.e.a.s. tímalengd veittra leyfa, skyldum og kvöðum sem á leyfishafa hvíla, meðal annars í sambandi við rannsóknir, innlenda hagsmuni og gjaldtöku. Umfjöllunin snýr einnig að réttindum leyfishafa, framsalsheimildum og kröfum um hlutdeild innlendra fyrirtækja.

Fyrirkomulag við veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfa er í stórum dráttum það sama í Færeyjum, Grænlandi og Noregi, þótt einhver munur sé á útfærslu þeirra. Leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru sérleyfi og eru að jafnaði veitt til tiltekins tíma eftir leyfisútboð þar sem stjórnvöld auglýsa eftir umsóknum um leyfi. Í auglýsingu skulu koma fram þær viðmiðanir og skilyrði sem lögð verða til grundvallar við veitingu leyfa og gert er ráð fyrir þátttöku ríkisfyrirtækja í leyfinu nema í Færeyjum. Ríkin hafa einnig einhverja samsetningu svæðis- og framleiðslugjalda og sérstaks kolvetnisskatts. Grænlendingar og Færeyingar setja í stöðluð leyfi ákvæði sem eiga að tryggja innlenda hagsmuni. Noregur er hins vegar aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur því ekki sama svigrúm til þess að binda leyfi skilyrðum um notkun norsks vinnuafls, vöru og þjónustu.

Þótt reglur um rannsóknar- og vinnsluleyfi í Færeyjum, Grænlandi og Noregi séu í flestum meginatriðum svipaðar eru þær þó settar fram með mismunandi hætti. Grænlenska leyfið er í alla staði mjög skipulegt og hefur að geyma ítarlegar reglur. Færeyska leyfið er einnig yfirgripsmikið en þó ekki eins ítarlega útfært og það grænlenska. Í Noregi mynda lög og reglugerð um kolvetnisstarfsemi hins vegar rammann um leyfisveitingarnar. Reglugerðin er mjög ítarleg um þá skilmála sem gilda skulu um leyfi, t.d. viðmið, réttindi, skilyrði og skuldbindingar. Staðlað leyfi er hins vegar mjög almennt og stutt og vísar til gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma til viðbótar.

Eins og í Færeyjum, Grænlandi og Noregi er kolvetnisstarfsemi á Írlandi háð leyfum sem veitt eru samkvæmt umsóknum, leyfishafar verða að uppfylla ákveðin skilyrði um sérfræðiþekkingu og fjárhagslega getu, þeim ber að leggja fram vinnuáætlun, greiða gjöld fyrir útgáfu leyfa og sérstakan kolvetnisskatt af tekjum sínum vegna starfseminnar. Írska kerfið er hins vegar frábrugðið að því leyti að þar er opin gátt meginreglan. Leyfisútboðum er ekki beitt nema í undantekningartilvikum. Leyfistegundir eru einnig fleiri og leyfishafi greiðir engin framleiðslugjöld.

Um fjöllumuninni um fyrirkomulag leyfisveitinga í nágrennalöndunum var ekki ætlað að vera tæmandi um einstaka þætti fyrirkomulagsins. Valdir voru nokkrir grundvallarþættir slíkra leyfa. Talið var rétt að bíða með umfjöllun um nokkra mikilvæga þætti þar til ítarlegri skoðun þeirra hefði farið fram. Tilfni getur verið til að stilla upp fleiri þáttum með sama hætti til að fá fram skýrari heildarmynd í hverju ríki og auðvelda samanburð. Er þar einkum um að ræða umfjöllun um skatta og gjöld og reglur sem snerta umhverfis- og öryggismál. Einnig kann að vera æskilegt að taka saman með ítarlegri hætti upplýsingar um stjórnarsýslu í þessum löndum, bæði innri stjórnarsýslu kolvetnismála og gagnvart öðrum stjórnvöldum, einkum þeim sem fara með framkvæmd og eftirlit umhverfis- og öryggismála. Er hér um að ræða eitt af mörgum atriðum sem meta þarf þörf fyrir og taka afstöðu til í sambandi við framhald undirbúningsvinnu fyrir veitingu leyfa.

## 3 Fyrstu drög að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi

### 3.1 Almennt um vinnulagið

Í upphafi verkefnisins var gert ráð fyrir að hafa mætti hliðsjón varðandi efni og uppbyggingu af stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi frá Færeyjum við gerð draga að slíku leyfi fyrir Ísland. Grænenska leyfið var þó einnig haft til hliðsjónar. Ákvæði þess grænenska þóttu í ýmsum atriðum skýrari eða á einhvern hátt heppilegri en þess færeyska. Koma þau því víða í stað eða til fyllingar þeim ramma sem mótaður var á grundvelli færeyska leyfisins. Eins og áður segir er norska fyrirmyndin mjög stutt og almenn. Var því fremur horft til laga og reglugerðar um kolvetnisstarfsemi en leyfisins sem fyrirmyndar. Uppsetning írska leyfisins er mjög frábrugðið hinum fyrirmyndunum. Stafar það meðal annars af því hversu tegundir leyfa þar eru margar. Ákvæði þess höfðu þó töluverð áhrif á mótun tillagna um reglur um eftirgjöf svæða.

Drög að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi eru skrifuð á ensku. Var það gert í samráði við samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál. Fyrirmyndirnar eru allar á ensku og fullunnið rannsóknar- og vinnsluleyfi mun verða á því tungumáli enda fyrst og fremst gert ráð fyrir samskiptum og veitingu leyfa til erlenda aðila. Þótti því heppilegra að vinna leyfin á því tungumáli í stað þess að færa fyrirmyndirnar til íslensku og svo aftur til ensku þegar þau væru fullunnin.

Í drögunum að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi er gerð tillaga um efni og framsetningu þess. Víða fylgja skáletraðar athugasemdir sem er ýmist ætlað að vera til skýringar á viðkomandi tillögu eða vekja umræðu og athygli á þeim álitaeftum sem taka þarf afstöðu til áður en endanleg útgáfa leyfisins verður kynnt. Bókstafirnir F og G ásamt einhverjum texta koma víða fyrir í athugasemdunum. Slíkum tilvísunum er ætlað að vekja athygli á orðalagi eða efni í grænlensku eða færeysku fyrirmyndinni sem bera þarf saman við viðkomandi tillögu og ákveða endanlega útgáfu.



## 3.2 Stjórnsýsla

Í upphafi þessara fyrstu draga að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi eru skilgreiningar á ýmsum hugtökum og skammstöfunum sem notuð eru í leyfinu. Þar er þó ekki að finna skýringu á hugtakinu „*Petroleum Administration*” sem kemur víða fram í leyfinu. Er því ekki ljóst við hvaða stjórnvald er átt í hverju tilviki, t.d. hvort um er að ræða verkefni Orkustofnunar eða iðnaðarráðherra. Er þetta með vilja gert þar sem það er ein af niðurstöðum þessa verkefnis að skoða þurfi sérstaklega hvort rétt sé að fela Orkustofnun frekari verkefni við framkvæmd laga nr. 13/2001.

Verkefni Orkustofnunar snúa einkum að eftirliti með framkvæmd laganna og upplýsingagjöf, sbr. VI. kafla laganna. Samkvæmt 24. gr. annast Orkustofnun eftirlit með leitar-, rannsóknar og vinnsluvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt. Stofnunin gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum ráðherra. Orkustofnun skal einnig safna öllum upplýsingum um landgrunnið sem til verða við starfsemi samkvæmt lögnum, sbr. 25. gr., og taka við skýrslum leyfishafa um rannsóknir þeirra og vinnslu samkvæmt ákvæðum í viðkomandi leyfi, sbr. 26. gr.

Verkefni Orkustofnunar snúa því fyrst og fremst að eftirliti og samskiptum við leyfishafa og iðnaðarráðherra eftir að leyfi hefur verið veitt. Iðnaðarráðherra veitir rannsóknar- og vinnsluleyfi auk þess sem ráðherra þarf að gefa leyfi og/eða veita samþykki sitt vegna ýmissa áfanga kolvetnisstarfsemi. Lögin kveða hins vegar ekki sérstaklega á um hvernig haga skuli ýmsum öðrum þáttum stjórnsýslu í sambandi við kolvetnisstarfsemi. Má þar nefna samskipti við umsækjendur áður en leyfi er veitt, móttaka gagna og leiðbeiningar til umsækjenda. Í drögum að rannsóknar- og vinnsluleyfi kemur fram hver aðkoma íslenskra stjórnvalda þarf að vera á hinum ýmsu stigum kolvetnisstarfsemi. Leyfishafi þarf t.d. að skila ýmsum upplýsingum og gögnum og stjórnvöld þurfa að taka ýmsar ákvarðanir um framvindu mála. Eins og áður segir þarf leyfi og samþykki iðnaðarráðherra vegna ýmissa þátta starfseminnar. Hlutverk Orkustofnunar eins og því er lýst hér að framan tekur ekki til stjórnvaldsákvarðana. Er því gert ráð fyrir miklum afskiptum ráðherra af gangi mála og allar ákvarðanir eru á hans hendi.

Athugunarefni er hvort æskilegt sé að iðnaðarráðherra geti falið Orkustofnun að veita rannsóknar- og vinnsluleyfi og taka að einhverju leyti aðrar ákvarðanir sem lögin virðast gera ráð fyrir að ráðherra hafi með höndum. Til samanburðar má benda á heimild iðnaðarráðherra í nýjum raforkulögum til að fela Orkustofnun leyfisveitingarvald. Ef niðurstaða þeirrar skoðunar verður að iðnaðarráðherra skuli áfram veita sjálft leyfið er tilefni til að skoða sérstaklega hvort rétt sé að fela Orkustofnun önnur verkefni sem samkvæmt gildandi lögum virðast vera háð ákvörðun ráðherra. Er því lagt til að fram fari sérstök rannsókn á verksviði iðnaðarráðherra og Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 13/2001 og hvort rök standa til að gera breytingar og/eða mæla með skýrari hætti fyrir um hlutverk Orkustofnunar við framkvæmd laganna. Af þessum ástæðum er hugtakið „*petroleum administration*” notað í drögum að rannsóknar- og vinnsluleyfi þar sem taka þarf afstöðu til þess hvort Orkustofnun eða iðnaðarráðherra skuli hafa

viðkomandi verkefni með höndum. Af sömu ástæðu er orðið iðnaðarráðherra, „*Minister of Industry*“, einnig skáletrað í drögumunum.

### 3.3 Uppbygging leyfisins

Rannsóknar- og vinnsluleyfi er sérleyfi til handa leyfishafa til rannsókna og vinnslu á kolvetni á ákveðnu svæði í tiltekinn tíma. Þótt um staðlað leyfi sé að ræða er gert ráð fyrir að efni leyfisins verði endanlega ákveðið samkvæmt samkomulagi leyfisveitanda og leyfishafa. Er þess vænst að athugasemdir sem fylgja tillögum um efni og uppsetningu leyfisins verði a.m.k. fyrst í stað til leiðbeiningar um þau atriði sem þarfnast nánari umfjöllunar og ákvörðunar. Líklegt er að einhverjar athugasemdir séu ástæðulausar og unnt verði að hreinsa drögin sem þeim nemur. Hins vegar er alveg ljóst að frekari umfjöllun mun leiða í ljós fleiri álitaefni sem ástæða verður til að skoða nánar.

Viðaukar eru þrír og eru þeir hluti hvers leyfis. Gert er ráð fyrir að í þeim verði kveðið á um þau atriði sem eru sérstök fyrir hvert leyfi, þ.e.a.s. um hvaða svæði er að ræða, tímalengd viðkomandi leyfis og skuldbindingar leyfishafa samkvæmt vinnuáætlun. Þannig er í 2. gr. leyfisins gerð grein fyrir því kerfi sem notað er til að tilgreina svæði en að öðru leyti vísað til 1. viðauka um það svæði sem viðkomandi leyfi tekur til. Á sama hátt er í 3. gr., sem fjallar um tímalengd leyfis, vísað til 2. viðauka um gildistíma leyfisins. Samkvæmt 2. viðauka er leyfinu skipt í þrjú tímabil sem síðan tengjast skuldbindingum samkvæmt 4. gr. leyfisins sem vísar til 3. viðauka um skuldbindingar einstakra leyfishafa á hverju þessara tímabila.

Ákvæði um svæði og tímalengd og skuldbindingar samkvæmt leyfinu tengjast á vissan hátt í reglum um uppsögn leyfis og um eftirgjöf svæða. Gert er ráð fyrir að leyfishafi gefi eftir hluta af því svæði sem hann hefur fengið leyfi til á tilteknum tíma nema hann hafi skuldbundið sig til borana á næsta tímabili. Í greinargerð um uppsögn og eftirgjöf svæða sem fylgir drögum að leyfi í III. hluta skýrslunnar er gerð er grein fyrir þeim sjónarmiðum sem liggja að baki reglum um eftirgjöf svæða og þeim álitaefnum sem taka þarf afstöðu til við mótun slíkra reglna. Tillögur um efni 2. gr. leyfisins um uppsögn og eftirgjöf svæða byggja á þeirri umfjöllun.

Efni þessara fyrstu draga að rannsóknar- og vinnsluleyfi verður ekki rakið hér nánar. Á þeim eru ýmsir lausir endar sem þarf að fjalla um og ýmis álitaefni sem þarf að taka afstöðu til. Ýmis tæknileg atriði þarfnast frekari skoðunar. Sem dæmi um álitaefni af þeim toga má nefna þrepaskiptingu leyfis, framkvæmdakvaðir og eftirgjöf leyfissvæða. Tillögur leyfisins um fyrirkomulag skattamála þarfnast einnig ítarlegrar skoðunar. Eins og fram kemur í greinargerð um skatta og gjöld í IV. hluta skýrslunnar, verða ákvæði í stöðluðu leyfi um þessa þætti ekki mótuð fyrir en fyrir liggur hvaða forsendur íslensk stjórnvöld munu leggja til grundvallar. Hins vegar er æskilegt að þessi drög taki til flestra þeirra þátta sem verða endanlegri útgáfu leyfisins. Eru því settar fram tillögur um tilhögun gjaldtöku að fyrirmynd færeyska leyfisins. Gildi þeirra ræðst hins vegar af því hvort og að hve miklu leyti íslensk stjórnvöld byggja á fordæmi Færeyinga við mótun laga og reglna um skatta og gjöld vegna kolvetnisstarfsemi.

Í færeyska og grænlenzka leyfinu eru nokkur ákvæði þar sem innlendir hagsmunir koma við sögu. Er þar meðal annars um að ræða skuldbindingar sem eiga að tryggja innlendum fyrirtækjum þátttöku í kolvetnisstarfsemi og í verslun með vöru og þjónustu. Einnig er lögð áhersla á að slík starfsemi hafi jákvæð áhrif á hæfni, atvinnu- möguleika og tækniþekkingu innlendra aðila. Vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið voru slík ákvæði ekki sett inn í fyrstu drög að íslensku rannsóknar- og vinnsluleyfi. Við frekari undirbúning fyrir veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni er hins vegar nauðsynlegt að skoða hvort og þá hvernig unnt er að stuðla að íslenskri hlutdeild í kolvetnisstarfsemi, tækniþekkingu og viðskipta- möguleikum innlendra fyrirtækja án þess að skilmálar þar að lútandi brjóti gegn EES- samningnum. Slík athugun kann leiða til nýrra ákvæða sem ætlað er að hvetja til íslenskrar hlutdeildar og yfirfærslu á tækniþekkingu í næstu útgáfu staðlaðs rannsóknar- og vinnsluleyfis. Í því sambandi er rétt að skoða hvernig Norðmenn hafa staðið að þessum málum.

## 4 Skattar og gjöld

Mótun reglna um skattlagningu tekna og álagningu gjalda vegna kolvetnisstarfsemi er mikilvægur þáttur í undirbúningi fyrir veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kol- vetni. Í samkeppni um fjármagn og sérþekkingu olúfyrirtækja getur hagstætt skatta- umhverfi haft áhrif á það að hvaða svæðum þau kjósa að beina athygli sinni. Hins vegar þarf einnig að tryggja eiganda auðlindarinnar eðlilega hlutdeild í nýtingu hennar. Er þannig mikilvægt að gæta jafnvægis milli hagsmuna leyfisveitanda og leyfishafa þegar tekin er ákvörðun um skattlagningu og gjaldtöku vegna kolvetnis- starfsemi. Þau ríki sem litið hefur verið til við gerð þessarar skýrslu hafa mótað reglur sem byggja á samsetningu skatta og ýmissa gjalda þótt þau hafi farið mismunandi leiðir við útfærslu þeirra.

Í greinargerð um skatta og gjöld í IV. hluta skýrslunnar er í stuttu máli gerð grein fyrir helstu tegundum skatta og gjalda sem lögð hafa verið á í tengslum við rannsóknar- og vinnsluleyfi og mismunandi útfærslu þeirra í nágrannalöndunum. Sérstök umfjöllun er um fyrirkomulag þessara mála í Færeyjum. Í greinargerðinni er lögð rík áhersla nauðsyn þess að skoða málið heildstætt. Ákvörðun um álagningu einnar tegundar gjalda verði þannig að taka mið af því hvernig annarri gjaldtöku er háttáð. Hið sama gildir um skattlagningu, ákvarðanir þar að lútandi verða að taka mið af þeim fjárhags- legu byrðum sem lagðar eru á leyfishafa að öðru leyti. Undirbúningur reglna um skatta og gjöld felst þannig í því að ákveða heildarmyndina, þ.e.a.s. hversu mikil hlutdeild ríkisins skuli vera og hvaða tegundir skatta og gjalda skuli notaðar í þeim tilgangi.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignaskatt, munu gilda um tekjur vegna kolsvetnis- starfsemi ef til vinnslu á kolvetni kemur, nema annað verði ákveðið. Það þarf því að skoða hvort löggin ná með eðlilegum hætti til þessarar starfsemi og hvort og þá hvaða ný atriði þarf að mæla fyrir um í lögum. Í því sambandi þarf að skoða hvort fylla þarf upp í einhverjar eyður í skattalöggjöfinni og hvort núgildandi ákvæði eiga að einhverju leyti illa við um kolvetnisstarfsemi. Þá þarf að taka afstöðu til þess hvort rétt er að gera

viðeigandi breytingar á gildandi lögum eða hvort betur fari á því að setja sérstök lög um álagningu skatts vegna kolvetnisstarfsemi.

Í greinargerðinni um skatta og gjöld er fjallað um einstök athugunarefni. Er þar um að ræða stutt yfirlit á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem byggt var á í Færeyjum við endurskoðun færeyskra skattalaga. Vegna þeirrar sérstöðu sem kolvetnisstarfsemi er talin hafa í skattalegu tilliti er ástæða til athuga hvort tekjuskattur lögaðila samkvæmt gildandi lögum telst eðlilegur en hér er um að ræða lægra skatthlutfall (18%) en víðast annars staðar. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvort fylgja beri fordæmi Færeyinga og leggja á sérstakan kolvetnisstak en slíkum skatti er ætlað að tryggja eðlilega hlutdeild í tekjum af starfsemi sem getur skilað sérstaklega miklum hagnaði. Að baki slíkum skatti er sú hugmynd að skattgreiðandinn þurfi ekki að greiða hann fyrir en hann hefur haft ákveðinn ábata af einstakri olíulind. Hann á þess því kost að reikna þann kostnað sem hann kann að hafa haft vegna viðkomandi auðlindar með einhverjum lágmarks vöxtum áður en til álagningar hins sérstaka kolvetnis-skatts kemur. Einnig er athugunarefni hvort útvíkka beri takmarkaða skattskyldu á sama hátt gert var í Færeyjum, þannig að ekki skipti máli hvar teknanna er aflað ef þær eru til komnar vegna kolvetnisstarfsemi. Af öðrum einstökum atriðum sem taka þarf afstöðu til má nefna reglur skattalaga um afskriftir, frádráttarbæran kostnað og frádrátt vaxta-gjalda. Um þessa þætti og aðra sem skoða þarf við mótun heildarmyndarinnar vísast til umræddrar greinargerðar um skatta og gjöld.

Vegna þess hve undirbúningur fyrir veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfa er skammt á veg kominn hér á landi eru tillögur í fyrstu drögum að stöðluðu leyfi settar fram til sem dæmi um hvernig leyfisskilmálar geta litið út. Þeim tillögum ásamt greinargerðinni um skatta og gjöld er ætlað að opnað umræðuna um skattlagningu hugsanlegra tekna vegna kolvetnisvinnslu á íslensku yfirráðasvæði. Eins og segir í niðurlagi greinargerðarinnar er ljóst að mikil stefnumótunarvinna er fyrir höndum og í framhaldinu vinna við að koma stefnu stjórnvalda í þessum málum í lagalegan búning. Er því lagt til að framhald þessa þáttar undirbúningsins verði unnið í samvinnu við fjármálaráðuneytið og sérfræðinga í skattarétti.

## 5 Umhverfis- og vinnuöryggismál

Samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit rannsóknir og vinnslu kolvetnis, skal þess gætt við veitingu leyfa samkvæmt lögunum að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Leyfishafi skal gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin uppfylli kröfur sem gerðar eru til kolvetnisstarfsemi á hverjum tíma. Hann skal einnig stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöð og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón eða draga úr afleiðingum tjóns sem orðið hefur, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf. Í lögunum kemur ekki fram með hvaða hætti ráðherra uppfyllir kröfu um tillit til umhverfissjónarmiða eða hvernig leyfishafi fullnægir skyldum sínum á sviði umhverfis- og vinnuöryggismála. Af lögskýringargögnum er hins vegar ljóst að ætlast var til að ákvæði annarra laga, s.s. laga um mat á umhverfisáhrifum og lög um

aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, giltu um starfsemi samkvæmt lögum um eftir því sem við gæti átt.

Framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 13/2001 eru því matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í greinargerð um umhverfis- og vinnuöryggismál í V. hluta skýrslunnar er meðal annars fjallað um matsskyldu þeirra einstöku þátta kolvetnisstarfsemi sem háðir eru sérstöku leyfi eða samþykki ráðherra. Þar kemur fram að boranir á rannsóknartímanum, leiðslubúnaður utan verndarsvæða og lokun hafstöðva, eru ekki meðal framkvæmda sem talin eru í 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Gefur þetta tilefni til að nánari könnunar og ákvörðunar um hvort efni standa til að mæla með skýrum hætti um að þær framkvæmdir sem ráðherra þarf að samþykkja samkvæmt lögum nr. 13/2001 séu matsskyldar, annað hvort í þeim lögum eða í viðaukunum með lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í greinargerðinni eru talin þau lög á sviði umhverfis- og öryggismála sem helst yrðu talin gilda um kolvetnisstarfsemi. Er þar um að ræða lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Gerð er grein fyrir markmiðum þessara laga, gildissviði þeirra og stjórn-sýslu, þ.e.a.s. hvernig yfirstjórn samkvæmt lögum er háttáð og stjórn-sýsluverkefnum ráðuneyta og undirstofnana í stórum dráttum. Yfirstjórn samkvæmt framangreindum lögum er á valdsviði margra ráðuneyta. Framkvæmd, eftirlit og vald til reglu-setningar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, er þannig í höndum umhverfisráðherra og Umhverfisstofnunar. Landhelgisgæslan og Siglingastofnun Íslands koma einnig að eftirliti samkvæmt síðast greindu lögum undir yfirstjórn dómismálaráðherra og samgönguráðherra. Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og hefur Vinnueftirlit ríkisins stóru hlutverki að gegna samkvæmt þeim lögum, meðal annars vegna útgáfu starfsleyfa.

Yfirstjórn framangreindra laga er þannig í höndum annarra ráðuneyta en iðnaðarráðuneytisins samkvæmt reglugerð nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands. Það er því á valdsviði annarra ráðherra að fara með framkvæmd ýmissa mála sem taka þarf tillit til við framkvæmd laga nr. 13/2001. Þannig koma ýmsar reglur til með að gilda um starfsemina sem ekki stafa frá yfirstjórn auðlindamála. Á hinn bóginn kann iðnaðarráðherra að hafa heimild til að setja reglur sem einkum snúa að málum sem lúta yfirstjórn annarra ráðuneyta. Er hér átt við heimild iðnaðarráðherra til að setja reglur um hafstöðvar og sérstök öryggisbelti. Sú heimild byggir á því að rétt sé að iðnaðarráðherra hafi heimild til að setja sérreglur um vinnuáðstöðu á hafstöðvum þar sem gerðar séu strangari kröfur en almennt gildi um vinnuáðstöðu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma. Samkvæmt þessu gilda viðeigandi lög um starfsemina en iðnaðarráðherra getur sett strangari reglur á grundvelli laga nr. 13/2001 sem aftur vísa til gildandi laga á viðkomandi sviði. Virðist því tilefni til að kanna nánar grundvöll þessarar heimildar iðnaðarráðherra.

Það er einnig athugunarefni hvort iðnaðarráðherra hefur nauðsynlegar valdheimildir til á stýra öllum þáttum kolvetnisstarfsemi, þ. á m. umhverfis- og öryggismálum, sem eru samofin allri framkvæmd starfseminnar, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 13/2001. Slíkt myndi vafalaust vera til hægðarauka fyrir leyfishafa sem annars þurfa að hafa samskipti við marga aðila eftir að þeir hafa fengið rannsóknar- og vinnsluleyfi á grundvelli laga nr. 13/2001. Hjá því verður hins vegar ekki litið að önnur stjórnvöld búa yfir sérþekkingu á viðkomandi sviði sem yfirfæra þyrfti til iðnaðarráðuneytisins eða Orkustofnunar. Ef síðara sjónarmiðið reynist sterkara er engu að síður ástæða til að skoða hvort þeir þættir sem önnur stjórnvöld hafa með höndum eru nægilega aðgreindir frá verkefnum iðnaðarráðherra samkvæmt lögum nr. 13/2001.

Hver sem niðurstaðan verður að því er snertir valdheimildir ráðherra við framkvæmd umhverfis- og öryggisþátta fyrirhugaðrar kolvetnisstarfsemi er ljóst að setja þarf reglur þar að lútanda og að góð samvinna þarf að vera á milli stjórnvalda auðlindamála og annarra viðeigandi stjórnvalda við mótun slíkra reglna. Af umfangi þeirra reglna sem settar hafa verið í nágrannalöndunum um þessi mál verður ráðið að stórt og vandasamt verkefni sé fyrir höndum.

## II. Hluti

Greinargerð  
um fyrirkomulag við veitingu leyfa  
til rannsókna og vinnslu kolvetnis  
í nágrannalöndunum,  
sérstaklega í Færeyjum

## EFNISYFIRLIT

1	FÆREYJAR .....	21
1.1	Inngangur .....	21
1.2	Fyrirkomulag á veitingu leyfa .....	21
1.2.1	Leyfisútboð .....	21
1.2.2	Sérleyfi.....	22
1.2.3	Kolvetni .....	22
1.2.4	Auglýsing.....	22
1.2.5	Hæfi umsækjenda .....	22
1.2.6	Færeyskir hagsmunir.....	23
1.2.7	Tímalengd.....	23
1.2.8	Skyldur/kvaðir.....	24
	Almennt.....	24
	Rannsóknir .....	25
	Gjöld .....	25
1.2.9	Aðrar skyldur .....	26
1.2.10	Framsál.....	27
1.2.11	Ríkisfyrirtæki.....	27
1.2.12	Stjórnvaldsfyrirmæli .....	27
2	GRÆNLAND.....	28
2.1	Almennt.....	28
2.2	Einstök atriði.....	29
2.2.1	Hæfi.....	29
2.2.2	Svæði.....	29
2.2.3	Tímalengd.....	29
2.2.4	Skyldur .....	30
2.2.5	Gjöld.....	30
2.2.6	Ríkisfyrirtæki.....	31
2.2.7	Sameiginleg leyfi.....	31
3	NOREGUR.....	31
3.1	Almennt.....	31
3.2	Helstu atriði sem tiltekin eru í leyfinu .....	32
3.3	Tími og skuldbindingar .....	32
4	ÍRLAND .....	33



# 1 Færeyjar

## 1.1 Inngangur

Um leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni í Færeyjum gilda lög nr. 31/1998, um kolvetnisstarfsemi. Þriðji kafli laganna fjallar um rannsóknir og vinnslu á kolvetni. Þar er færeysku stjórninni heimilað að gefa út leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni á þeim svæðum sem tilgreind eru í viðkomandi leyfi. Lögin kveða á um lágmarksskilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa og gera jafnframt ráð fyrir því að frekari skilmálar (e: *terms and conditions*) komi fram í leyfunum sjálfum. Er annars vegar um að ræða almenn skilyrði sem gilda um öll leyfi og geta umsækjendur ekki samið sig undan þeim. Til viðbótar slíkum almennum skilyrðum er gert ráð fyrir að leyfi til rannsókna og vinnslu hafi að geyma sérstaka skilmála sem gilda skuli í viðkomandi tilviki. Er þar um að ræða skilmála sem ekki verða settir fyrirfram með almennum hætti áður en umsóknir berast heldur verða til við umfjöllun og viðræður við umsækjendur áður en leyfi er veitt. Hér á eftir verður nánar fjallað um fyrirkomulag við veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetnum í Færeyjum. Mun umfjöllunin einkum beinast að fyrirkomulagi á opnun svæða og almennum skilyrðum fyrir veitingu slíkra leyfa samkvæmt lögum og stöðluðum leyfum (e: *Model License*) til rannsókna og vinnslu á kolvetni í Færeyjum.

## 1.2 Fyrirkomulag á veitingu leyfa

### 1.2.1 Leyfisútboð

Lög nr. 31/1998 heimila stjórnvöldum eins og áður segir að gefa út leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Áður en leyfisveiting getur farið fram þarf að fara fram svokallað leyfisútboð (e: *Licensing Rounds*) þar sem svæði eru skilgreind í **lögum** og settir fram almennir skilmálar og skilyrði fyrir viðkomandi leyfi. Í greinargerð með slíkum lögum á jafnframt að gera grein fyrir helstu áhrifum kolvetnisstarfsemi á nokkrum sviðum á umhverfi og færeyskt samfélag. Svæði hafa tvisvar sinnum verið opnuð á grundvelli laga nr. 31/1998. Í fyrra skiptið með lögum nr. 5 frá 8. febrúar 2000 og í það síðara með lögum nr. 67 frá 11. maí 2004. Í báðum tilvikum voru opnuð tiltekin afmörkuð svæði og kveðið á um helstu skilmála og skilyrði í stöðluðu leyfi (SL) sem kemur fram í fylgiskjali B (*Model Licence*), og stjórnvöldum falið að gefa út leyfi á þeim grundvelli. Rétt er að taka fram að í fyrra tilvikinu var leyfisveitingin í höndum olíumálaráðherra. Valdheimildin hefur síðan verið færð til ráðherra iðnaðar og viðskipta og er iðnaðar- og viðskiptaráðherra Færeyja því falið að gefa út leyfi samkvæmt lögum nr. 67/2004. Stjórnsýsla olíumála fer fram hjá færeysku olíustofnuninni (e: *Faroese Petroleum Administration*). Umfjöllun um fyrirkomulag leyfisveitinga hér á eftir verður byggð á stöðluðu leyfi samkvæmt síðari lögnum, en gerð verður grein fyrir því í hverju breytingar frá eldra leyfinu felast eftir því sem við á.

### 1.2.2 Sérleyfi

Leyfi samkvæmt 3. kafla laganna veitir handhafa þess einkarétt til rannsókna og vinnslu á því svæði sem leyfið nær til. Leyfið er m.ö.o. sérleyfi til þess að rannsaka og vinna kolvetni (sjá 3 hér á eftir) á viðkomandi svæði. Þó er gert ráð fyrir að unnt sé að veita nokkrum aðilum sameiginlegt leyfi. Í slíkum tilvikum verða leyfishafar að gera með sér samkomulag um framkvæmd slíks leyfis. (SL 16. gr.)

### 1.2.3 Kolvetni

Samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. SL tekur leyfið til rannsókna og vinnslu jarðolíu, jarðgass, þ.m.t. þéttigass og annars kolvetnis sem er til staðar náttúrulega í jarðlögum og hægt er að framleiða í fljótandi eða loftkenndu formi. Undanskilið er kolvetni s.s. kol, olíuleir eða annað kolvetni sem framleitt er með uppleysiaðferð, sbr. 2. mgr. 3. gr. Ef leyfishafi finnur önnur efni en þau sem leyfið tekur til skal hann greina yfirvöldum frá þeim fundi sínum.

### 1.2.4 Auglýsing

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 31/1998 skal auglýsa eftir umsækjendum áður en leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni er veitt. Er gert ráð fyrir því að auglýst verði eftir umsóknum þegar þingið hefur samþykkt lög um nýtt leyfisútboð. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum um fyrsta leyfisútboðið kemur fram að gert sé ráð fyrir að slík auglýsing verði birt í einu eða fleiri færeyskum blöðum og í viðeigandi erlendum tímaritum. Í auglýsingu komi fram almennir skilmálar og skilyrði leyfis. Þrátt fyrir orðalag 1. mgr. 7. gr. laganna er gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að birta tilkynningu um að leyfi verði veitt öllum umsækjendum sem uppfylli skilyrði án undangenginnar auglýsingar, sem kallað er að hafa opna gátt (e: *open door policy*). Þannig megi veita leyfi eftir því sem umsóknir berast, sbr. athugasemd við 7. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 31/1998. Þar kemur einnig fram að í sérstökum tilvikum sé heimilt að veita leyfishöfum á svæðum sem liggja að leyfissvæðinu forgangsrétt til kolvetnisstarfsemi (e: *neighbouring block policy*).

### 1.2.5 Hæfi umsækjenda

Leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni má aðeins veita þeim sem taldir eru hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og tæknilegt og fjárhagslegt bolmagn, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Umsækjendur verða einnig að uppfylla almenn skilyrði viðkomandi leyfis. Er þar hvort tveggja um að ræða atriði sem skylt er að mæla fyrir um í leyfi samkvæmt ákvæðum laganna og önnur atriði sem stjórnvöldum er heimilt að leggja til grundvallar við veitingu leyfis, sbr. 2. mgr. 6. gr. Í þessu sambandi er jafnframt tekið fram í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 5/2000, um fyrsta leyfisútboðið, að tekið verði tillit til þess við leyfisveitingu hvort umsækjandi sé fær um að uppfylla öryggiskröfur, taka tillit til umhverfissjónarmiða og geti brugðist fljótt og vel við yfirvofandi hættu sem skapast getur af starfsemi hans. Að þessum skilyrðum

uppfylltum er í athugasemdunum, sbr. grein 7.3, tekið fram að val milli umsækjenda muni fyrst og fremst ráðast af því hvort umsóknargögn staðfesti vilja og getu umsækjanda til þess að stunda þær rannsóknir sem eru forsenda leyfis. Í samræmi við markmið laganna að tryggja færeyska hagsmuni í þessum efnun munu slík atriði einnig hafa áhrif á val umsækjenda.

### 1.2.6 Færeyskir hagsmunir

Markmið laga nr. 31/1988 er að stuðla að skynsamlegri og viðeigandi nýtingu kolvetnis, færeyskum efnahag og atvinnulífi til hagsbóta. Áhersla er því lögð á að náttúruauðlindir séu nýttar á skynsamlegan hátt en jafnframt að sú nýting hafi jákvæð áhrif í Færeyjum. Auk framangreindra skilyrða um hæfi umsækjenda til að stunda þá starfsemi sem leyfi taka til er það skilyrði að Færeyjar fái hlutdeild í þeim ágóða sem kann að verða til vegna starfseminnar. Í samræmi við þetta markmið er í 10. gr. laganna kveðið á um að í leyfi skuli kveðið á um skyldu leyfishafa til þess að nýta sér færeyskt vinnuafl, vöru og þjónustu. Jafnframt er í 11. gr. laganna mælt fyrir um að leyfi skuli hafa að geyma fyrirmæli um notkun færeyskra hafna og flugvalla og í 18. gr. um að kolvetni sem fyrirtæki hafa framleitt á grundvelli leyfis samkvæmt lögnum skuli flutt á land í Færeyjum. Lögin skylda þannig leyfishafa til þess að hygla Færeyjum ef leyfi leiðir til verðmætasköpunar. Í samræmi við ákvæði laganna að þessu leyti er nánar kveðið á um þessi atriði í SL og í viðauka 3 við SL. Þeim ákvæðum verður hins vegar að svo stöddu ekki lýst hér, einkum vegna skuldbindinga Íslands skv. EES- samningnum.

### 1.2.7 Tímalengd

Leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni á grundvelli laga nr. 31/1998 skulu veitt til tiltekins tíma. Um er að ræða sameiginlegt rannsóknar- og vinnsluleyfi en talið var nauðsynlegt að rannsóknarleyfi fylgdi leyfi til vinnslu til þess að olúfyrirtæki myndu vera tilbúin að leggja fé í rannsóknir. Leyfishafar hafa þó ekki ótakmarkaðan tíma til rannsókna. Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir að leyfi til rannsókna megi veita til allt að 12 ára en framlengja megi slíkt leyfi í tvö ár í senn. Heildartími leyfis má þó ekki vera lengri en 16 ár. Hámarkstími vinnsluleyfis er hins vegar 30 ár, sbr. 2. mgr. 8. gr. Rétturinn til vinnslu nær a.m.k. til þess svæðis sem leyfishafi hefur rannsakað og hyggst hefja vinnslu á kolvetni. Þó má veita leyfi til vinnslu á stærra svæði með þeim takmörkunum sem kann að vera kveðið á um í viðkomandi leyfi.

Í fyrri SL sem gefið var út á grundvelli laga nr. 5/2000, þ.e.a.s. fyrsta leyfisútboðinu, var valkvætt ákvæði um tíma til **rannsókna**, sbr. 5. gr. SL. Annars vegar var um að ræða leyfi til sex ára og hins vegar níu ára. Í athugasemdum með lögnum kemur fram að leyfi til sex ára teljist nægilegt til rannsókna á svæðum sem eru jarðfræðilega tiltölulega aðgengileg og þar sem upplýsingar liggja fyrir. Á slíkum svæðum fari oftast fram ein eða fleiri boranir sem gefi leyfishafa nauðsynlegar upplýsingar til þess að ákveða hvort frekari rannsókna sé þörf. Á öðrum svæðum kunni aðstæður að vera erfiðari og minni upplýsingar fyrirbyggjandi og því nauðsynlegt að framkvæma

einhverjar rannsóknir áður en boranir hefjast. Í slíkum tilvikum geti verið rétt að veita leyfi til níu ára þannig að leyfishafi geti notað fyrstu þrjú árin til frumrannsókna. Í slíkum tilvikum ber leyfishafa, á grundvelli samkomulags við ráðherra, að leggja fram vinnuáætlun eftir fyrstu þrjú árin um framkvæmd rannsókna á eftirstandandi tímabili.

Fyrirkomulag er með öðrum hætti í SL á grundvelli laga nr. 67/2004, um annað leyfisútboð. Ekki er kveðið á um tímalengd leyfis í SL sjálfu. Í 4. gr. er vísað til 2. viðauka um skilmála leyfis og vinnuáætlun. Þar er gert ráð fyrir að leyfisveitandi ákveði í hverju tilviki til hversu langs tíma leyfi skuli veitt. Þar segir:

„The licence term shall be ..... years, divided into two parts: an initial term of ..... years with a fixed work programme, and a term of ..... years with a contingent work programme....“

Leyfistímanum er þannig skipt í tvo hluta. Gildir ákveðin vinnuáætlun um hvorn hluta um sig. Ef leyfishafinn hyggst ekki framkvæma seinni áætlunina rennur leyfið út við lok fyrra tímabilsins.<sup>1</sup>

Ákvæði beggja SL um framlengingu leyfis til **vinnslu** kolvetnis eru hins vegar samhljóða. Mælt er fyrir um heimild til slíkrar framlengingar samkvæmt umsókn leyfishafa til 30 ára frá þeim tíma sem leyfið er veitt. Slíkt leyfi er háð því að leyfishafi hafi fundið kolvetni í vinnanlegu magni og fullnægt öllum skyldum sínum samkvæmt gildandi leyfi. Beiðni hans um framlengingu skal einnig bera með sér að vinnsla sé tæknilega framkvæmanleg, gróðavænleg og að umsækjandi hyggist í raun hefja slíka vinnslu á svæði sem hann afmarkar nánar. Þá verður leyfi aðeins framlengt vegna vinnslu að leyfishafi hafi lagt fram framkvæmda- og vinnsluáætlun fyrir leyfissvæði (e: *field development plan*) og það verið samþykkt af ráðherra.

### 1.2.8 Skyldur/kvaðir

#### Almennt

Eins og fram kemur í inngangi er í lögum nr. 31/1998 mælt fyrir um að kveðið skuli á um almenna skilmála í leyfum. Samkvæmt lögnum á þannig að taka fram í leyfi m.a. hverjar skyldur leyfishafi beri í sambandi við rannsóknir, færeykska hagsmuni, gjaldtöku, skilmála og skilyrði í hverju tilviki fyrir sig. Ekki er um að ræða tæmandi talningu í lögnum og er færeysku stjórninni því frjálst að binda leyfi frekari skilyrðum. Hér verður stuttlega fjallað um helstu skyldur og kvaðir sem fram koma í SL sem fylgja lögum nr. nr. 67/2004. Rétt er ítreka hér að í SL eru þessi atriði sett fram með almennum hætti. Þar er um að ræða fyrirmynd en sérstök skilyrði kunna að vera sett í hverju tilviki fyrir sig. Endanlegt efni veittra leyfa er því ekki ákveðið fyrr en eftir

---

<sup>1</sup> Greinargerð vegna laga nr. 5/2000 er ekki tiltæk á þessari stundu en gera má ráð fyrir að þar komi fram skýringar á breyttu fyrirkomulagi. Á heimasíðu færeysku olíustofnunarinnar, oms.fo, segir að athugasemdirnar muni verða birtar um leið og þær eru tilbúnar.

að viðræður hafa átt sér stað við umsækjendur, sbr. athugasemdir við 7. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 31/1998.

## Rannsóknir

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 31/1998 skal tilgreina í leyfinu þær skyldur sem hvíla skulu á leyfishafa varðandi rannsóknir. Tilgangurinn er að tryggja að fram fari marktækar rannsóknir og er gert ráð fyrir að þessar skyldur séu útfærðar í svokölluðum vinnuáætlunum, (e: *work programme*). Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins kemur fram að hér geti verið um að ræða skyldur til að inna ákveðna vinnu af hendi eða að verja tiltekinni fjárhæð í rannsóknir á því svæði sem leyfið tekur til og innan ákveðins tímaramma. Algengt er að vinnuáætlun feli m.a. í sér skyldu til að framkvæma ákveðið magn hljóðendurvarpsmælinga og bora ákveðinn fjölda rannsóknarhola niður á ákveðið dýpi. Vinnuáætlun getur einnig kveðið á um að frekari rannsóknir fari fram ef kolvetni finnst við boranir. Eðlilegt getur verið að vinnuáætlun endurspegli þær væntingar sem gerðar eru til þess að svæði geymi olíu eða gaslindir og þegar um áhugaverð svæði er að ræða sé hægt að krefjast þess að leyfishafi framkvæmi líka rannsóknir á svæðum sem þykja minna áhugaverð.

Í 4. gr. SL er vísað til 2. viðauka um vinnuáætlun og kveðið á um að leyfishafi skuli á leyfistímanum framkvæma þessa áætlun og önnur atriði samkvæmt viðaukanum. Samkvæmt viðaukanum er leyfishafa skylt að hafa látið framkvæma ákveðið magn hljóðendurvarpsmælinga og að ákveðinn hluti mælinganna skuli fara fram á leyfisvæðinu. Síðan skal hann að þeim tíma liðnum sem tilgreint verður í leyfinu hafa borað eina borholu samkvæmt nánari fyrirmælum vinnuáætlunarinnar, þ.e.a.s. niður að fyrirfram ákveðinni jarðmyndun eða að ákveðnu dýpi, hvort heldur sem fyrr næst. Þá er kveðið á um að ákvörðun um frekari boranir eða hvort leyfishafi hyggist afsala sér leyfi, skuli tekin fyrir þann tíma sem tiltekinn er í leyfinu. Áður en vinna samkvæmt áætluninni hefst skal leyfishafi bera það undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra hvort áform hans teljist uppfylla skilyrði vinnuáætlunarinnar.

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið hafa leyfi að geyma ákveðnar kröfur sem sett eru fram í vinnuáætlun. Aðilar hafa hins vegar svigrúm til þess að meta og semja um nánari útfærslu eins og tímafresti eða dýpt borana eða stærð rannsakaðs svæðis eftir því sem best þykir eiga við í hverju tilviki. Endanlegt efni leyfis liggur því ekki fyrir fyrr en eftir að umsóknir hafa komið fram og samningaviðræður við umsækjendur átt sér stað.

## Gjöld

Í 9. gr. laga nr. 31/1998 er einnig mælt fyrir um að tilgreina skuli í leyfi þau gjöld sem leyfishafa er gert að greiða til færeyskra yfirvalda. Í því sambandi er tekið fram að gera megi kröfu um greiðslu svæðisgjalds á grundvelli stærðar þess svæðis sem leyfi tekur til (e: *area rental*) og framleiðslugjald á grundvelli verðmætis sem verður til við vinnsluna (e: *royalty*). Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins segir að leiga muni

almennt verða ákveðið gjald á hvern ferkílómetra fyrir tiltekið tímabil. Hún geti verið sú sama fyrir allan leigutímann en geti einnig farið stighækkandi eftir skilgreindum tímabilum. Síðarnefnda fyrirkomulagið hafi hins vegar þann kost umfram það fyrrnefnda að það getur verið til þess fallið að tryggja að leyfishafinn muni aðeins óska eftir framlengingu leyfis til að rannsaka svæði sem hann hafi í raun í hyggju að rannsaka. Þessi leið er farin í SL. Samkvæmt 7. gr. skal leyfishafi greiða 500 DKR á ári fyrstu 6 árin fyrir hvern ferkílómetra. Sjöunda leyfisárið hækkar árlega greiðslan upp í 1000 DKR og síðan stighækkandi fyrir hvert tímabil. Í 2. mgr. 7. gr. er síðan kveðið á um gjalddaga og greiðslufyrirkomulag að öðru leyti, þ. á m. dráttarvexti.

Framleiðslugjöldum er hins vegar ætlað að tryggja Færeyjum hlutdeild í þeim ágóða sem leyfishafinn kann að hafa þegar vinnsla á kolvetni hefur verið hafin. Fjallað er um framleiðslugjöld í SL, greinum 8-10. Í stuttu máli er þar um að ræða gjaldtöku sem miðast við kolvetnisvinnslu leyfishafa á þriggja mánaða tímabilum. Gjaldtakan er 2% af verðmæti framleiðslunnar. Nánar er kveðið á um útreikninga, gjalddaga og hvernig meta skuli framleiðslu til verðmætis og önnur framkvæmdaatriði auk þess sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra er veitt heimild til að gera kröfu um að öll greiðslan eða hluti hennar sé greidd með kolvetni.

Tekið er fram að gjaldtökuheimildir séu ekki tæmandi taldar í 9. gr. og að þær útiloki ekki venjulega skattheimtu af tekjum leyfishafa sem stafa af vinnslu kolvetna á grundvelli slíkra leyfa sem hér um ræðir. Sérstök lög eru um skattheimtu, lög nr. 26/1999 (e: *on taxation of income from hydrocarbon activities*). Um skattalega hlið mála vísast til greinargerðar um skatta og gjöld hér á eftir. Hins vegar er rétt að fram komi hér að við setningu laga nr. 5/2000, um annað leyfisútboðið, var lögð áhersla á jafnvægi. Olíufyrirtæki verði að geta treyst því að ekki verði verulegar breytingar á sköttum og gjöldum þeirra til ríkisins. Þannig verði að líta á skatta og gjöld og sem eina heild Verði skattprósentan hækkuð verði jafnframt að endurskoða framleiðslugjöld og aðra gjaldtöku þannig að ekki verði veruleg breyting á heildargjöldum olíufyrirtækjanna. Þannig skapist jafnvægi á milli hagnaðarmöguleika ríkisins af auðlindum sínum og þeirrar áhættu sem olíufyrirtækin taka við upphaf kolvetnisrannsókna.<sup>2</sup>

### 1.2.9 Aðrar skyldur

Í samræmi við 12. gr. laga nr. 31/1998 hefur SL að geyma nánari ákvæði um upplýsinga og þagnarskyldu leyfishafa og eftirlit leyfisveitanda. Sömuleiðis er þar að finna ákvæði um skyldur leyfishafa að loknum leyfistíma, sbr. 13. gr. laganna. Almenn ákvæði laganna sem gilda um rannsóknar- og vinnsluleyfi sem og önnur leyfi sem veitt eru á grundvelli laganna, mæla einnig fyrir um efni útgefna leyfa, t.d. um skaðabætur og tryggingar, og er nánari útfærslu slíkra atriða að finna í SL. Verður ekki fjallað um þessi atriði að svo stöddu. Þó er rétt að gera stuttlega grein fyrir ákvæði laganna og SL um framsal réttinda samkvæmt útgefnum leyfum.

---

<sup>2</sup> Greinargerð með lögum nr. 5/2000, bls. 12-13.

### 1.2.10 Framsal

Samkvæmt 39. gr. laganna eru leyfi samkvæmt lögnum óframseljanleg og ekki má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema að fengnu samþykki ráðherra. Gjaldþrot leyfishafa veitir stjórnvöldum heimild til afturköllunar leyfis. Það rennur því ekki til þrotabús leyfishafa. Í 25. gr. SL er nánar fjallað um framsalsbannið. Þar kemur fram að bannið taki ekki einungis til beins framsals á leyfi heldur einnig til framsals með óbeinum hætti, t.d. breytinga á eignarhaldi fyrirtækis sem fengið hefur leyfi samkvæmt lögnum. Bannið tekur einnig til annarra samninga sem leiða til breytinga á áhrifum innan þess. Þá kemur fram að stjórnvöldum sé heimilt að taka gjald fyrir ef þau heimila framsal á leyfi.

### 1.2.11 Ríkisfyrirtæki

Við mótun þess fyrirkomulags sem að framan hefur verið lýst var sérstaklega hugað að því hvort ríkið ætti að eiga olúfyrirtæki. Í greinargerðinni með lögum nr. 5/2000 er í stuttu máli gerð grein fyrir þeirri vinnu, niðurstöðu hennar og röksemdum. Niðurstaðan var sú að færeyskar aðstæður mæltu ekki með ríkisfyrirtæki. Lög um kolvetnisstarfsemi hefðu að geyma ýmis tæki sem þjónuðu sama tilgangi og ríkisfyrirtækjum væri ætlað að tryggja. Vegna aðildar Íslands að EES-samningum er ekki víst að hægt sé að tryggja þessa hagsmuni með sambærilegum hætti hér á landi.

### 1.2.12 Stjórnvaldsfyrirmæli

Samkvæmt 6. kafla laga nr. 31/1998 er stjórnvöldum heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd tiltekinna ákvæða laganna. Í gildi er reglugerð nr. 35/2001 um hollustu-hætti, vinnuöryggi og verndun umhverfis (e: *health, safety and the environment during the exploration phase of the Hydrocarbon Activities*). Þessi reglugerð er nú í endurskoðun og var fundur um drög nýrrar reglugerðar í Færeyjum 21. júní sl. Sú reglugerð mun taka til allra þátta kolvetnisstarfsemi. Ekki er fjallað um umhverfis- og öryggismál í SL.

SL er fylgiskjal með lögum um opnun svæða. Í samræmi við ákvæði laga 31/1938 er þar kveðið nánar á um atriði sem snúa að framkvæmd leyfisveitinga. Í Færeyjum er ekki kveðið á um framkvæmd leyfisveitinga í reglugerð, sbr. hins vegar í Noregi. SL myndar því rammann með lögnum. Veiting leyfis í einstökum tilvikum er hins vegar stjórnvaldsákvörðun.

## 2 Grænland

### 2.1 Almennt

Reglur um leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni falla undir auðlindalög nr. 335/1001, með síðari breytingum, (e: *Mineral Resources Act*), sbr. lög nr. 368/1998. Lögin taka til hvers kyns auðlinda í jörðu. Þannig gilda ákvæði 3. kafla laganna um rannsóknir og vinnslu á öllum slíkum auðlindum en í 4. kafla eru sérstök ákvæði um rannsóknir og vinnslu á kolvetni. Reglur um rannsóknir og vinnslu eru í grundvallaratriðum svipaðar og í Færeyjum. Slík starfsemi er háð leyfi heimastjórnarinnar á grundvelli samkomulags milli hennar og dönsku ríkisstjórnarinnar, sbr. 3. gr. Um er að ræða sérleyfi á tilteknum svæðum sem veitt eru til tiltekins tíma og sem óheimilt er að framselja nema með samþykki heimastjórnarinnar. Einnig er gert ráð fyrir gjalddöku í formi svæðisgjalds og framleiðslugjalds og að kveðið skuli nánar á um skilmála og skilyrði í viðkomandi leyfi. Þegar ákveðið hefur verið að veita leyfi á tilteknu svæði eru gefin út stöðluð leyfi þar sem fram koma almennir skilmálar. Eins og í Færeyjum er lögð áhersla á að tryggja innlenda hagsmuni, m.a. með því að setja í leyfi skilyrði um notkun vinnuafis, vöru og þjónustu frá Grænlandi og Danmörku auk þess sem leyfi verður aðeins veitt fyrirtækjum sem skráð eru á Grænlandi. Svæði eru hins vegar ekki opnuð með lögum eins og í Færeyjum. Danska ríkisstjórnin og grænlenska heimastjórnin taka sameiginlega ákvörðun um að auglýsa eftir umsóknum um rannsóknar- og vinnsluleyfi á tilteknum svæðum. Áður en tekin er ákvörðun um að auglýsa opnun svæða skal umhverfis- og orkumálaráðherra leggja skýrslu fyrir sérstaka þingskipaða nefnd þar sem fram kemur um hvaða svæði er að ræða og almennir skilmálar leyfis. Grænlenska heimastjórnin er leyfisveitandi eins og áður segir en stjórnarsýslan fer fram í námu- og olíustofnun (e: *Bureau of Minerals and Petroleum*). Gefin hafa verið út allmörg leyfi á grundvelli laga laganna. Leyfi hafa verið veitt í kjölfar opinberrar auglýsingar eftir umsóknum en einnig án slíkrar auglýsingar (e: *open door*).

Í júní 2003 gaf grænlenska heimastjórnin út tilkynningu varðandi framtíðaráform í þessum efnum (e: *Strategy regarding exploration and exploitation of hydrocarbons in Greenland, 2003*). Þar kemur fram að miklar upplýsingar hefðu safnast saman frá því fyrri stefna var mótuð 1999 og markmiðum hennar væri náð. Nýjar upplýsingar lægju nú fyrir sem sköpuðu grundvöll fyrir opnun nýrra svæða. Eins og áður yrði höfð opin gátt á svæðum sem ólíklegt væri að samkeppni yrði um eða svæðum sem litlar upplýsingar lægju fyrir um. Hins vegar skyldi auglýst eftir umsóknum á tilteknum svæðum. Í apríl 2004 var síðan auglýst eftir umsóknum um rannsóknar- og vinnsluleyfi við Vestur-Grænland og gefið út staðlað leyfi vegna þeirra (e: *Exclusive Licence 2004/xx for exploration and exploitation of hydrocarbons in an offshore area in West Greenland*). Í auglýsingunni kemur m.a. fram um hvaða svæði er að ræða, helstu skilmálar leyfa, hvaða upplýsingar þurfi að koma fram í umsókn og hæfisskilyrði og viðmið.



Lýsing á stöðluðu leyfi hér á eftir verður byggð á framangreindu SL. Einnig hefur verið skoðað leyfi fyrir svæði með opinni gátt frá 2002 (e: *Open-door areas in Greenland*). Eru þau í öllum meginatriðum samhljóða. Lýsing hér á eftir verður eins og áður segir byggð á því fyrrnefnda.

## 2.2 Einstök atriði

### 2.2.1 Hæfi

Aðeins þeim sem hafa til að bera næga sérþekkingu og fjárhagslegt bolmagn er veitt leyfi á grundvelli auðlindalaganna. Frekari hæfisskilyrði koma ekki fram í SL. Í auglýsingu eftir umsóknum<sup>3</sup> koma hins vegar fram viðmið við mat á umsóknum (e: *selection criteria*) Auk framangreindra atriða þarf umsóknin að bera með sér vilja og hæfi umsækjanda til að inna viðkomandi rannsóknir af hendi. Jafnframt að litið verði til þess hvernig umsækjendur hyggist tryggja grænlenka hagsmuni.

### 2.2.2 Svæði

Eins og áður segir eru leyfi veitt á tilteknu svæði og skulu þau samkvæmt 2. gr. SL tilgreind í 1. viðauka. Samkvæmt lögnum er leyfishafa heimilt að minnka í skömmtum það svæði sem hann hefur leyfi til að rannsaka og þar með leysa sig undan skuldbindingum á því svæði sem hann skilar. Nánar er kveðið á um þetta í 2. gr. SL. Þar kemur m.a. fram að á tilteknum tímavæðingum skuli leyfishafinn skila ákveðnu hlutfalli af svæðinu samkvæmt ákvæðum 2. viðauka.

### 2.2.3 Tímalengd

Samkvæmt 7. gr. laganna veitir heimastjórnin leyfi til rannsókna og vinnslu á auðlindum. Heimilt er að veita aðskilin leyfi til rannsókna og vinnslu. Í 11. gr. segir að leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni skuli veitt til allt að 10 ára en þegar sérstaklega standi á megi veita leyfi til allt að 16 ára. Hafi skilyrði leyfis verið uppfyllt eigi leyfishafi rétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í 30 ár. Leyfið gildir þá á þeim svæðum þar sem hagkvæmt er að vinna kolvetni og leyfishafi hyggst nýta til vinnslu.

Í 3. gr. SL segir að **rannsóknarleyfi** skuli vera í gildi þann tíma sem ákvarðaður sé samkvæmt 2. viðauka. Samkvæmt 3. gr. skal skipta leyfi í tímabil. Þar er einnig kveðið á um hámarkstíma leyfis, hvernig framlengingu leyfis skuli háttað o.fl. Um tímalengdina sjálfa vísar 3. gr. hins vegar til 2. viðauka. Samkvæmt honum er rannsóknarleyfi skipt í 3 tímabil og skal lengd þeirra ákveðin í hverju tilviki fyrir sig. Fyrir lok fyrsta tímabilsins ber leyfishafa annaðhvort að staðfesta að hann muni standa við skuldbindingar á næsta tímabili sem tilgreindar eru í 3. viðauka, eða skila leyfi sínu. Á

---

<sup>3</sup> sbr. auglýsingu frá apríl 2004.

sama hátt skal hann skila leyfi sínu fyrir lok annars tímabilsins ef hann hyggst ekki takast á hendur þær skuldbindingar sem fylgja því þriðja. Eftirgjöf svæða sem lýst er í kaflanum um svæði hér að framan skal eiga sér stað við sömu tímamót. Framlenging leyfis vegna vinnslu tekur síðan til þess svæðis sem eftir stendur.

Fjallað er sérstaklega um framlengingu vegna **vinnslu** í 8. gr. SL. Er það skilyrði fyrir slíkri framlengingu að leyfishafi hafi fundið kolvetni í vinnanlegu magni og lagt fram tillögu um vinnslu þess á afmörkuðu svæði. Hann verður einnig að hafa uppfyllt öll skilyrði rannsóknaleyfis og rökstyðja umsókn sína samkvæmt nánari fyrirmælum ákvæðisins. Framlengingin virðist hins vegar fremur vera útgáfa nýs leyfis en eiginleg framlenging á rannsóknaleyfi þar sem gert er ráð fyrir að gefið verði út sérstakt vinnsluleyfi þar sem fram komi um hvers konar leyfi er að ræða, svæði, leyfistími og að skilmálar rannsóknarleyfisins skuli einnig gilda um vinnsluleyfið.

#### 2.2.4 Skyldur

Lögð er áhersla á að leyfi feli í sér skuldbindingu til rannsókna. Fjallað eru um slíkar skuldbindingar í 6. gr. Um efni þeirra vísar 6. gr. hins vegar til 3. viðauka. Þar er sett upp ákveðin áætlun um hvernig staðið skuli að þeim rannsóknum sem leyfið tekur til. Er þar um að ræða kröfur um að tilteknum rannsóknarþáttum verði lokið innan hvers tímabils (sjá 2.2.3 hér að ofan). Er þar um að ræða ramma sem fylla skal út í eftir því sem við þykir eiga í hverju tilviki. Í 6. gr. er einnig kveðið á um ýmsar skyldur leyfishafa beri rannsóknir árangur, s.s. tilkynningaskyldu og skyldu til að leggja mat á þann fund og endurskoðun áætlunar m.t.t. þessa.

SL hefur einnig að geyma ákvæði um skyldur leyfishafa til að framkvæma athuganir á tæknilegum atriðum, verndun umhverfis og áhrifum á þjóðfélag og efnahag sem nauðsynlegar þykja á hverju stigi rannsóknar og vinnslu, sbr. SL. 7.

#### 2.2.5 Gjöld

Samkvæmt 8. gr. laganna eiga leyfi til rannsókna og vinnslu að kveða á um þau gjöld sem leyfishafa ber að greiða á leyfistímanum. Í því sambandi er t.d. heimilt að krefjast árlegra gjalda á grundvelli stærðar þess svæðis sem leyfið tekur til (e: *area fee*). Einnig er heimilt að krefjast gjalda sem byggjast á framleiðslu (e: *royalty*).

Í 4. gr. SL kemur fram að leyfishafi skuli greiða tiltekna fjárhæð fyrir útgáfu leyfis til rannsókna og helmingi hærri fjárhæð þegar slíkt leyfi er framlengt vegna vinnslu kolvetnis. Jafnframt er leyfishafa gert að greiða árlega leigu fyrir viðkomandi vinnslu-svæði. Í 11.g er hins vegar fjallað um framleiðslugjöld í 18 undirgreinum auk þess sem vísað er til 6. viðauka um útfærslu slíka gjalda (e: *Accounting principles for accountig items included (and not included) in the value (calculation basis) to be used for determining the surplus royalty according to Article 11*). Í 7. viðauka er efnisyfirlit fyrir árlega yfirlýsingu leyfishafa um framleiðslugjaldið (e: *Items in annual surplus royalty statement*).

## 2.2.6 Ríkisfyrirtæki

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laganna er yfirvöldum heimilt að gera þátttöku ríkisfyrirtækis að skilyrði fyrir leyfi. Samkvæmt auglýsingunni frá 2004 er það meðal helstu skilyrða leyfis að ríkisfyrirtækið Nunaoil A/S eigi 12.5 % hlut í öllum leyfum en meðleyfishafar beri allan kostnað ríkisfyrirtækisins á rannsóknarstiginu (e: *carried interest*) Nánar er kveðið á um þátttöku ríkisins fyrirtækisins í 12. gr. SL. Ríkisfyrirtækið skal eiga réttindi og skyldur samkvæmt rannsóknarleyfinu í réttu hlutfalli við hlut sinn.

## 2.2.7 Sameiginleg leyfi

Þar sem fleiri aðilar eru leyfishafar ber þeim samkvæmt 22. gr. SL að haga samstarfi sínu í samræmi við sérstakt samkomulag (e: *Joint operating agreement*). Hefur heima- stjórnin gefið út fyrirmynd að slíku samkomulagi (e: *Model joint operating agreement*) í apríl 2004. Er þar um að ræða stórt og ítarlegt plagg um starfsemi samkvæmt viðkomandi leyfi milli ríkisfyrirtækisins og annarra aðila leyfisins. Á sama tíma var einnig gefin út fyrirmynd ábyrgðaryfirlýsinga hluthafanna gagnvart grænlenku heimastjórninni, danska ríkinu og Nunaoil A/S, (e: *Model Guarantee*).

# 3 Noregur

## 3.1 Almennt

Í Noregi gilda lög nr. 72 frá 29. nóvember 1996, um kolvetnisstarfsemi, (n: *lov om petroleumsvirksomhet*) og reglugerð frá 27. júní 1997 sem sett var með konunglegri tilskipun. Noregur er aðili að samningnum um evrópska efnahagssvæðið og eru gildandi lög í samræmi við tilskipun 94/22/EB. Lögin kveða á um eignarrétt norska ríkisins á kolvetnisauðlindum neðansjávar og mynda, ásamt reglugerðinni, ramma um veitingu leyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á kolvetni en öll kolvetnisstarfsemi er háð leyfi stjórnvalda. Olú- og orkumálaráðuneytið fer með valdheimildir, þ. á m. leyfis- veitingar. Stjórnsýsla er jafnframt í höndum undirstofnunar ráðuneytisins Norwegian Petroleum Directorate, NPD. Áður en rannsókna- og vinnsluleyfi eru veitt þarf að opna fyrir slíka starfsemi í samræmi við 1. mgr. 3. gr. og auglýsa að fyrirhugað sé að veita leyfi á tilgreindum svæðum eftir ákvæðum gr. 4. mgr. 3. gr. Þó er heimilt að viðhafa opna gátt, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni eru sérleyfi og eru, eins og áður segir, að jafnaði veitt eftir leyfisútboð þar sem stjórnvöld auglýsa eftir umsóknum um leyfi. Í auglýsingu koma fram þær viðmiðanir og skilyrði sem lögð verða til grundvallar við veitingu leyfa. Nýlega var auglýst eftir umsóknum í 18 leyfisútboðinu.

Rannsókn- og vinnsluleyfi eru lögnum og reglugerðinni til fyllingar. Þar er kveðið á um réttindi og skyldur leyfishafa gagnvart ríkinu og skilmála hvers leyfis. Fyrirkomu- lagið er því í stórum dráttum það sama og í Færeyjum og Grænlandi og lýst hefur

verið hér að framan. Noregur er hins vegar, eins og áður segir, aðili að samningnum um evrópska efnahagssvæðið og hefur því ekki sama svigrúm til þess binda leyfi skilyrðum um notkun norsks vinnuafls, vöru og þjónustu.

Það vekur einnig athygli að enska hugtakið „*exploration licence*“ er í norsku lögunum notað um leitarleyfi (n. *undersökelse*). Í fyrirmynd frá árinu 2001 er slíkt leyfi kallað „*Licence for petroleum exploration (reconnaissance licence)*“. Rannsóknar- og vinnsluleyfi nefnast hins vegar „*production licence*“, sbr. 3. kafla laganna.

Eins og áður segir mynda lögin og reglugerð frá 27. júní 1997 rammann um leyfisveitingarnar. Reglugerðin er ítarleg um t.d. viðmið, réttindi, skilyrði og skuldbindingar, þ.e.a.s. um þau atriði sem fjallað er um í SL samkvæmt færeysku og grænlenku lögunum. Í tilefni af fyrirspurn um SL í Noregi barst sýnishorn af rannsóknar- og vinnsluleyfi olíu- og orkumálaráðuneytisins vegna 17. leyfisútbóðsins (e: *Petroleum production licence no.... concerning Petroleum Activities*). Er það alls ekki eins ítarlegt og SL í Færeyjum og Grænandi. Reglugerðin virðist því þjóna því hlutverki að setja niður helstu skilmála enda er í SL vísað til gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma til viðbótar þeim skilmálum sem fram koma í leyfinu sjálfu.

## 3.2 Helstu atriði sem tiltekin eru í leyfinu

Í leyfi er tekið fram til hvaða **svæðis** það skuli taka, svæðið er þannig afmarkað í leyfinu sjálfu. Ákvæði um **leyfistíma** er opið. Í leyfinu er gert ráð fyrir þátttöku **ríkisfyrirtækisins** Petoro AS. Gert er ráð fyrir að leyfistími sé ákveðinn í hverju tilviki fyrir sig og heimild til framlengingar. Einnig er heimilt að takmarka framlengingu við tiltekinn hluta upphaflegs leyfis. Fjallað eru um **skuldbindingar** leyfishafa í 4. gr. Leyfisins. Sú vinna sem leyfishafi skuldbindur sig til að inna af hendi og mælikvarðar, s.s fjöldi borhola, eru ekki ítarlega skilgreind en ætlast til að kveðið sé á um þessi atriði eftir því sem við á í hverju tilviki. Leyfishafar skuldbinda sig hins vegar til að gera þær prófanir sem NPD telur nauðsynlegar og til skýrslugjafar að liðnum tveimur árum frá leyfisveitingu. Þá er í leyfinu kveðið á um gjaldtöku og umsjónarmann og að leyfishafi skuldbindi sig til þess að gera nauðsynlega samninga<sup>4</sup> innan tiltekins tíma.

## 3.3 Tími og skuldbindingar

Eins og áður segir er vísað til laga og reglugerðar um efnisatriði leyfisins. Rannsóknar- og vinnsluleyfi eru í upphafi veitt til **rannsóknar** í allt að tíu ár, sbr. 9. gr. laganna, og verða leyfishafar að uppfylla sérstaka rannsóknarskyldu, sbr. 8. mgr. sömu greinar, á þessu tímabili. Uppfylli leyfishafi rannsóknarleyfi þessa rannsóknarskyldu er meginreglan sú að honum er veitt **vinnsluleyfi** í allt að 30 ár, 50 ár í undantekningartilvikum, á helmingi þess svæðis sem leyfið tekur til. Sérstakt svæðisgjald er innheimt fyrir hvern ferkílómetra.

---

<sup>4</sup> Hér er um að ræða Joint Operating Agreement og Accounting Agreement. Fyrirmyndir slíkra leyfa v. 17. leyfisútbóðs liggja fyrir.

Samkvæmt reglugerðinni má skylda leyfishafa til þess að bora tiltekinn fjölda borhola niður á ákveðið dýpi eða jarðmyndun og að kveða skuli á um þessi atriði og tímafresti í því sambandi í viðkomandi leyfi, sbr. 13. gr. reglugerðarinnar. Þá eru í reglugerðinni nánari ákvæði um framkvæmd framlengingar leyfis til vinnslu.

Í 4. kafla laga nr. 29/1996 eru ákvæði um vinnslu á olíu. Í þeim kafla eru ákvæði um svæðisgjald og framleiðslugjald, sbr. 10. mgr. 4. gr., og í 5. kafla reglugerðarinnar eru nánari fyrirmæli um gjaldtöku. Heimildir til skattlagningar eru hins vegar í lögum nr. 35/1975 (e: *The Petroleum Taxation Act*).

## 4 Írland

Írsku lög sem taka til kolvetnisstarfsemi kallast „*Petroleum and Other Minerals Development Act, 1960.*“ Ráðherra sjávarútvegs- og auðlindamála gefur út leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetna. Eins og í Færeyjum, Grænlandi og Noregi er starfsemi á þessu sviði háð leyfum sem veitt eru samkvæmt umsóknum, leyfishafar verða að uppfylla ákveðin skilyrði um sérfræðiþekkingu og fjárhagslega getu. Þeim ber að leggja fram vinnuáætlun og greiða gjöld fyrir útgáfu leyfa. Írsku kerfið er hins vegar frábrugðið að því leyti að leyfisútbodum er ekki beitt nema í undantekningartilvikum. Meginreglan er að hafa opna gátt. Leyfistegundir eru einnig fleiri en í þeim löndum sem fjallað hefur verið um hér að framan. Leyfi eru veitt samkvæmt reglum ráðuneytisins (e: *Licensing Terms for Offshore Oil and Gas, Exploration and Development*) Núgildandi reglur er frá árinu 1992.

Í fyrsta lagi er um að ræða **leitarleyfi** (e: *Prospecting License*) samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna, sem veitt er til eins, tveggja eða þriggja ára og heimilar leyfishafa að leita að olíu hvar sem er á írsku landgrunninu, að því tilskildu að svæði hafi ekki þegar verið ráðstafað. Önnur tegund leyfa er svokallað „*licensing option*“ sem veitir leyfishafa forgangsrétt að rannsóknarleyfi á tilteknu svæði á gildistíma leyfisins sem eru venjulega 12 mánuðir. Í þriðja lagi er um að ræða **rannsóknaleyfi** (e: *Exploration License*) sem veitt eru samkvæmt 8. gr. laganna. Slík leyfi eru þrenns konar: a) leyfi til rannsókna á minna en 200 metra dýpi (e: *Standard Exploration Licence*) sem veitt er til 6 ára, b) leyfi til rannsókna á meira en 200 metra dýpi (e: *Deepwater Exploration License*) sem veitt er til 12 ára og c) leyfi til rannsókna á tilteknum svæðum sem ráðherra ákveður og auglýsir (e: *Frontier Exploration Licence*) og veitir svo í þann tíma sem við á í hvert skipti. Í öllum tilvikum er leyfishafa skylt að fylgja rannsóknáætlun sem samþykkt hefur verið af ráðherra og leggja fram nýjar áætlanir fyrir ráðherra fyrir lok hvers tímabils. Einnig er um að ræða skyldu til að bora eina rannsóknarholu innan tiltekins tíma og gefa eftir 50% af rannsóknarsvæðinu hafi undirbúningur ekki verið hafinn að annarri borholu (*Standard*) eða vinnuáætlun ber ekki með sér að frekari boranir séu fyrirhugaðar (*Deepwater* og *Frontier*). Í öllum tilvikum er leyfishafa gert að greiða leigu sem miðast við stærð svæðis og fer stighækkandi eftir því sem svæðið minnkar.

Ef rannsóknir bera árangur og leyfishafi telur líkur á, en ekki fullvíst að um vinnanlega lind sé að ræða, getur leyfishafi sótt um einhvers konar bráðabirgðaleyfi (e: *Lease*

*undertaking*), sbr. 10. gr. laganna. Eiginlegt **vinnsluleyfi**, sbr. 13. gr. laganna, er hins vegar veitt þegar ljóst er að hagkvæmt sé að vinna lindina, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Ráðherra ákveður til hversu langs tíma slík leyfi eru veitt. Leyfishafi greiðir leigu fyrir það svæði sem leyfið tekur til, ákveðna fjárhæð á ferkílómetra. Loks getur handhafi vinnsluleyfis fengið leyfi á **svæði sem liggur að vinnslusvæði** (e: *Reserved Area Licence*) þar sem hann hefur sömu réttindi og á rannsóknasvæði.

Eins og áður segir greiðir leyfishafi leigu vegna þeirra svæða sem leyfi taka til. Á Írlandi eru hins vegar ekki framleiðslugjöld. Leyfi verða hins vegar aðeins veitt þeim sem skattlagðir verða á Írlandi eftir ákvæðum skattalaga.

### III. Hluti

Drög að stöðluðu leyfi ásamt  
viðaukum og greinargerð

## EFNISYFIRLIT

1	MODEL LICENSE.....	37
1.1	Exclusive License for Exploration and Production of Hydrocarbons .....	38
1.2	Model Licence Articles.....	39
	Article 1 – Definitions.....	39
	Article 2 – License Area .....	39
	Article 3 – License Period .....	41
	Article 4 – Exploration Committments .....	41
	Article 5 – Conditions of the Extension for the purpose of Production .....	43
	Article 6 – Development plan.....	45
	Article 7 – Rights of the Licencee.....	46
	Article 8 – Third-Party Activities in the Licence Area.....	47
	Article 9 – Coordination .....	47
	Article 10 – Fees and Rentals.....	48
	Article 11 – Royalty .....	49
	Article 12 – Establishment of the value of hydrocarbons subject to Royalty .....	50
	Article 13 – Statement of Royalty .....	52
	Article 14 – Icelandic participation.....	53
	Article 15 – Joint Operating Agreement .....	53
	Article 16 – Supervision.....	54
	Article 17 – Reporting .....	56
	Article 18 – Confidentiality .....	57
	Article 19 – Methods and equipment .....	59
	Article 20 – Damages and indemnity .....	59
	Article 21 – Joint and Several Liability .....	59
	Article 22 – Guarantee .....	60
	Article 23 – Transfer of a License .....	60
	Article 24 – Legislation .....	60
	Article 25 – Registration .....	61
	Article 26 – Disputes .....	61
1.3	Um drögin.....	61
	APPENDIX 1 – Area covered by the licence, cf. Article 2.....	62
	APPENDIX 2 – License period for the purpose of exploration pursuant to Article 3.....	63
	APPENDIX 3 – Work Programme for the License, pursuant to Article 4 .....	64
2	GREINARGERÐ UM UPPSÖGN OG EFTIRGJÖF SVÆÐA AF HÁLFU LEYFISHAFA .....	65
2.1	Grænland .....	65
	2.1.1 Uppsögn ( <i>Surrender</i> ) .....	65
	2.1.2 Eftirgjöf svæða ( <i>Relinquishment</i> ).....	65
2.2	Írland .....	66
2.3	Noregur.....	67
2.4	Færeyjar .....	68
	2.4.1 Uppsögn .....	68
	2.4.2 Eftirgjöf svæða.....	70
2.5	Hvað gerum við?.....	70
2.6	Tillaga.....	72



# 1 MODEL LICENSE

for

Exploration for and Production of Hydrocarbons

Ministry of Industry

## 1.1 Exclusive License for Exploration and Production of Hydrocarbons

Pursuant to Article 7 of Icelandic Parliamentary Act No. 13 of 13 March 2001, on prospecting, exploration and production of Hydrocarbons (**the Act**), and based on the information stated in the company's (companies') applications(s) of [date] and other information disclosed, the *Minister of Industry* hereby grants an exclusive license for exploration for and production of hydrocarbons within the area indicated in Article 2 hereof (**the License**) to the following company or companies jointly (**the Licensee**), which hold the percentage shares indicated:

Company .....

Reg. no. <sup>5</sup>..... Registered office: .....

Percentage share ..... %

Company .....

Reg. no. .... Registered office: .....

Percentage share ..... %

Company .....

Reg. no. .... Registered office: .....

Percentage share ..... %

Company ..... is the Operator

The provisions of the Act and the terms set out below shall apply to the license. The licence thus granted shall be subject to the following conditions:

---

<sup>5</sup> ath. með skráningu og skráningarnúmer.

## 1.2 Model Licence Articles

### Article 1 – Definitions

For the purpose of this License and the attached Appendices, the following terms shall have the meaning indicated below:

The NEA: The National Energy Authority.

Hydrocarbons: mineral oil, condensate, natural gas and other hydrocarbons found naturally in the subsoil which can be produced in a gaseous or liquid form.

Hydrocarbon discovery: any indication of an accumulation of hydrocarbons penetrated by an Exploratory well.

Hydrocarbon deposit or deposit: a contiguous (G.- continuous) accumulation of hydrocarbons in the subsoil. In case of doubt, the Minister of Industry shall determine what constitutes a hydrocarbon deposit.

Exploratory well: a well that is drilled to investigate whether hydrocarbons are present in a formation or other unit within a geological structural or stratigraphic trap in which the presence of hydrocarbons has not previously been demonstrated. The reopening and redrilling of a well shall not be considered a new Exploratory well unless where approved by the *Petroleum Administration*.<sup>6</sup>

License: a license for exploration and production granted by the Minister of Industry.

Exploration period: the License period in which the exploration work takes place, i.e. prior to an extension of the License for the purpose of production.

Production period: the period for which the License is extended for the purpose of production.

IKR: Icelandic kroner

Joint Operating Agreement (JOA) : the agreement concluded between the companies holding shares in a license about the performance of the activities comprised by such license.

### Article 2 – License Area

The License shall apply to the area delineated by the corner coordinates indicated in Appendix 1. A map of the area is attached.

---

<sup>6</sup> Ath. hér hvers vegna ekki skilgreining á exploratory well í Færeyjum. Getur þetta ekki valdið vafa? Er þá einkum haft í huga vegna aðgreiningar á appraisal well og delineation well.

Á Grænlandi er skilgreining leyfissvæða almenn og sveigjanleg og ekki stuðst við blokkakerfi eins og víðast hvar annars staðar. Hér er tillaga að skilgreiningu á blokkakerfi að færeyskri og norskri fyrirmynd:

*Offshore areas inside the outer boundary of the continental shelf are divided into blocks bounded by co-ordinate lines of constant geographic latitude and longitude, unless adjacent land areas, common boundaries with the continental shelf of other states, or other circumstances warrant otherwise. Each whole-degree quadrant is labelled according to its south-eastern corner co-ordinates, e.g. 6708 (N67,W08), and is divided into X blocks of Y latitudinal minutes and Z longitudinal minutes each. The blocks are labelled, row by row from west to east, starting in the quadrant's north westernmost corner, e.g. 6708/3. The geodetic reference for the co-ordinate and block system is the World Geodetic System 1984 (WGS-84)*

Færeyjar: X=30, Y=10, Z=12

Noregur X=12, Y=15, Z=20

#### **ATH greinargerð í kafla 2 um eftirgjöf svæða – Tillaga á þeim grundvelli:**

At the end of the first and second sub-periods, respectively, of the exploration period, the Licensee shall, as a minimum, relinquish the percentage shares of the license area indicated in Appendix 2, unless the work commitments for the next sub-period, include the drilling of at least one exploration well. For the purpose of calculating the areas to be relinquished [appraisal area] and areas where the license has been extended for the purpose of production shall be excluded.

The Licensee's proposal for relinquishment under the above paragraph shall be submitted to the *Petroleum Administration* for approval no later than x days<sup>7</sup> before the end of each individual sub-period, unless another time is approved. The relinquishment shall take effect from the end of the sub-period in question. If proposals are not received in time the *Petroleum Administration* may determine which parts of the license area shall be relinquished.

At any time after the end of the first sub-period of the exploration period, the Licensee may relinquish parts of the license area. Such relinquishment shall not affect the exploration commitments for the second or the third subperiod. (*sjá til samanburðar F 5(4) obligations pursuant to legislation, this License or any other applicable rules and regulations, conditions or orders.*) The relinquishment shall take effect from the date of the *Petroleum Administration's* approval.

Relinquishment shall be approved by the *Petroleum Administration*. The relinquished area shall after each relinquishment consist of contiguous and compact units of a form and size that make them suitable for further exploration and production. (*F: and be delimited by degrees of longitude and latitude, expressed in whole minutes*) The same applies

---

<sup>7</sup> Grænlensku leyfisárin m.v. áramót, viljum við taka upp slíkt kerfi?

to the areas for which the the license term is extended for the purpose of production in accordance with Article 10(2) of the Act.

### Article 3 – License Period

The License shall be valid for the period indicated in Appendix 2. The license period for the purpose of exploration (exploration period) is divided into sub-periods, as indicated in Appendix 2.

The *Minster of Industry* may extend the exploration period for the purpose of further exploration by up two years at a time in accordance with Article 10(1) of the Act. Applications for any such extensions shall be submitted to the *Petroleum Administration* no later than 90 days before the expiry of the exploration period. Any extension will be granted as an addendum to the license.

The Licensee may at any time surrender the License provided that all exploration commitments for the subperiod in which the License is surrenderd have been fulfilled. Notice thereof shall be forwarded to the *Petroelum Administration* within x days from the intended date of effect.

Subject to the conditions specified in Article 5, the *Minister of Industry* will grant the Licensee an extension of the License for the purpose of production by a period of 30 years (the production period) for parts of the License area. Extensions may be granted separately for one or more areas.

The Licensee may surrender a License granted for the purpose of production subject to 12 months` notice, provided that the *abandonment activities*<sup>8</sup> have been performed in accordance with Articles x-x before the License is surrendered.

### Article 4 – Exploration Committments

The licensee shall carry out the exploration commitments set out in Appendix 3.

If the exploration period of the License is extended in accordance with Article 3(2) exploration commitments or other types of work commitments will be stipulated for any such sub-period in the addendum to the license.

The exploration commitments shall be deemed to be fulfilled when the exploration work specified in Appendix 3 has been completed.

Any exploration wells drilled during a sub-period in addition to the exploratory wells stipulated in Appendix 3 for the period in question may be credited against exploration commitments in subsequent periods.

---

<sup>8</sup> Ath orðalag, í enskri þýðingu á á lögunum er notað decommissioning fyrir lokun hafstöðva.

If a hydrocarbon discovery is made, the Licensee shall:

promptly notify the Petroleum Administration

- a) submit a report to the *Petroleum Administration* evaluating the discovery within eight months (*G six*) after the completion of the discovery well, and
- b) *if the discovery requires further evaluation*<sup>9</sup>, submit an appraisal programme to the *Petroleum Administration* for the further work necessary according to good international oilfield practice under similar circumstances to ascertain whether a hydrocarbon deposit has been demonstrated under conditions such that production is technically feasible and could reasonably be considered profitable

The appraisal programme shall include a time schedule for the work to be performed in order to provide a sufficient basis for submitting a declaration of commerciality for the relevant hydrocarbon deposit *no later than 4 months*<sup>10</sup> prior to the expiry of the exploration period *or any extensions granted by the Minister of Industry for the purpose of further exploration pursuant to Article 10(1)*<sup>11</sup>

The Appraisal programme shall be revised continuously on the basis of the results obtained. The appraisal programme and any amendments thereto shall be approved by the *Petroleum Administration*. The appraisal programme shall not qualify as fulfilment of the exploration commitments stipulated in Appendix 3.

**G: Þetta þarf að skoða nánar:**

*During and after the planning and implementation of an appraisal programme the Licensee is entitled to delineate a reasonably sized contiguous area around the discovery well comprising the anticipated Hydrocarbon deposit (the appraisal area). The delineation of such appraisal area is subject to approval by the Petroleum Administration. If during an entire sub period, the License comprises appraisal areas only, the Licensee shall not be obliged to drill Exploratory wells in accordance with Appendix 3.*

*A commitment to drill an exploratory well cannot be replaced by other activities without prior approval of the Petroleum Administration. Other types of exploration activity, including seismic surveys, appraisal wells, delineation wells, production wells, and other non-exploratory wells, do not qualify to fulfil such exploration commitment. The same applies to investigations preparing for the construction of development and production facilities, installations, etc., unless approved by the Petroleum Administration. However, further drilling from an appraisal*

---

<sup>9</sup> Hefur leyfishafi meira svigrúm ef þessi setningarhluti fylgir með eða er hann bara til skýringar á “further work”?

<sup>10</sup> F hefur þessi tímamörk, þ.e. grundvöllur fyrir deklaratón þarf að liggja fyrir a.m.k. 4 mánuðum fyrir lok exploration period. Hvers vegna vilja þeir þennan fyrirvara?

<sup>11</sup> Upphaflegt exploration period eða eftir framlengingu. Þarf nokkuð að tala um það, er ekki nóg að tala um fyrir lok exploration period eins og í grænlenska. Framlengt exploration period hlýtur að tilheyra exploration period.

*well may count as an exploratory well, where this is approved by the petroleum Administration in advance.*

*In case the licensee has not fulfilled the exploration commitments for a sub-period, and provided that the Petroleum Administration has decided not to revoke the Exploration License in accordance with section x below, the licensee is obliged to carry out the unfulfilled exploration commitments during the subsequent sub-period in addition to the exploration commitments stipulated in Appendix 3. (Er þetta endurtekning? Við erum búin að segja getur ekki losnað undan skuldbindingum sínum.)*

*In case exploration commitment are not fulfilled and the License has terminated the Licensee shall at the Petroleum Administration's request pay compensation to the Petroleum Administration In determining the amount of compensation payable, the petroleum Administration shall take into consideration the cost of meeting the unfulfilled commitments and allow for the expenses that would be incurred by having third parties perform the work for the Petroleum Administration. Payment of such compensation shall be made no later than 30 days after the Petroleum Administration has made the pertinent request. Once the compensation has been paid, the licensee shall have no other obligations with respect to the unfulfilled exploration commitments.*

*(Ath. í sambandi við kafla um bætur, kannski rétt að hafa útfærsluna þar.)*

## **Article 5 – Conditions of the Extension for the purpose of Production**

If the Licensee has discovered and prepared a proposal for the *delimitation* of one or more commercial hydrocarbon deposits that the Licensee intends to exploit, and provided that the terms of the License have been complied with, the Licensee shall be entitled to an extension of the License for the purpose of production in accordance with Article 10(2) of the Act. The Licensee shall forward a request for an extension to the *Petroleum Administration no later than four months*<sup>12</sup> before the end of the exploration period.

The Licensee's request for an extension for the purpose of production for one or more hydrocarbon deposit(s) shall be based on the results of one or more appraisal programmes and be accompanied by

- a) a declaration to the effect that
  - one or more hydrocarbon deposit(s) have been demonstrated
  - the finding is commercially exploitable
  - the licensee intends to exploit the deposit(s)
- b) a feasibility study of the deposit(s) comprised by the declaration. The feasibility study shall contain a description and an evaluation of the deposits with respect to geology and reservoir technology, as well as a

---

<sup>12</sup> Þetta hangir saman við kröfuna um að grundvöllur declaration í 4. gr. þurfi að liggja fyrir 4 mán. áður en rannsóknartímabilið rennur út.

specification of the technical, financial, *environmental* and other conditions underlying the Licensee's declaration

- c) the Licensee's proposal for the *delimitation*<sup>13</sup> of the area for which the Licensee requests the extension. (*F: Within that area the Licensee shall designate the area within which it is believed the hydrocarbon deposit(s) lie.*)

The *Minister of Industry (G: the BMP)* shall undertake the *delimitation* of the area or areas for which the license term is extended for the purpose of production. The delimitation shall be indicated by geographical co-ordinates (*F: and by depths*) according to the following principles:

- a) The extended License will comprise the area in which commercially exploitable deposits have been demonstrated and *delimited*, according to the available seismic data and drilling data *or other relevant data*.
- b) The basis for the *delimitation* will be the deposits in question and their extent, as documented by the Licensee to the satisfaction of the *Petroleum Administration* in the above mentioned feasibility study, with due regard being paid to the Licensee's proposal, cf. 8(2)c.
- c) (*F: The depth of the delimited area shall be considered to extend at least to the point penetrated by drilling and in any case shall include all hydrocarbon deposits for which the extension is granted.*)
- d) *Where conditions so require, a delimited area may include more than one deposit*
- e) *If the delimitation of the deposit cannot be established with a major degree of certainty, the Minister of Industry shall take this into account in determining the extent of any additional area falling under the License( and the associated depths.)*
- f) *Síðan spurning um c) og d) í G þar sem segir:*  
*Exploitation License may consist of several subareas, each delineated as indicated above.*

og

*Areas situated outside the Exploitation Licence area cannot be included in the Exploitation License area, unless the Exploitation Licence for such areas is granted in pursuance of section 7 of the Mineral Resources Act.*<sup>14</sup>

---

<sup>13</sup> delimitation vs. delineation, er merkingarmunur þar á? G. og F nota sitt hvort.

<sup>14</sup> Gæta samræmis varðandi lögum svæða innan leyfis og hvort eru samhangandi. Aðlæg svæði þurfa sérstakt leyfi, þ.e.a.s. ekki heimild til að hygla varðandi aðlæg svæði. Vantar skýr. á þessum ákvæðum (G) og líka c og d (F).



## Article 6 – Development plan

Any extension of the license term pursuant to Articles 3(3) and 5 above is subject to the condition that prior to a deadline set by the *Minister of Industry in granting the extension, the Licensee shall submit a plan for developing and handling production from the designated hydrocarbon deposits(s) (field development plan) that meets with the approval of the Minister of Industry pursuant to section 15(2) of the Act, and to the condition that the Licensee shall initiate production at the time provided for in the approval.*

*The development plan shall consist of a description of all necessary activities, such as<sup>15</sup>:*

- a) development, including a plan for drilling*
- b) production, handling, storage and transportation*
- c) navigation, fishing, scientific investigations, practical surveys, other lawful third-party activities*
- d) decommissioning plan*

*The activities shall be viewed in the light of technical, financial, health, safety, environment and socio-economic aspects.*

The Minister of Industry may establish detailed rules on the content and form of the field development plan pursuant to Article 15 of the Act as well as on the information to be submitted in connection with the plan.

*Dæmi um útfærslu í G (gr. 8.07-8.09) Slíkt plan shall consist of the following material:*

- a) A development plan describing all necessary activities, including development, production, storage and transportation activities, as stipulated by section 10 of the Mineral Resources Act, including a time schedule for the licensee's development activities.*
- b) An environmental impact assessment, prepared in cooperation with the BMP, of the development plan mentioned in section 8.07(a). The BMP may demand that the assessment be amended or amplified if it is considered inadequate by the BMP.*

---

<sup>15</sup> Í færeysku **lögnum**, gr. 15.3, kemur fram að svona fields development plan skuli :

“contain information and assessments regarding the hydrocarbon discovery and the associated production activities, including technical, financial, safety, environmental, navigation and fishing information, as well as review of the impact of the development project on Faroese economy and employment. Finally, an account shall be given of a proposed plan for decommissioning installation and facilities. If the field is to be developed in two or more stages, the plan should comprise the overall development activities insofar as possible.”

Í íslensku lögnum er ekki á sambærilegan hátt vikið að því sérstaklega hvað skuli koma fram í framkvæmda- og vinnsluáætlun og tekið fram í athugasemdum við 15. gr. frumvarpsins að það ráðist af aðstæðum hverju sinni. Lagt er til að setja almennt orðað ákvæði í leyfið og jafnvel huga að því hvort við bætum einhverju slíku inn í lög.

- c) *An abandonment plan as stimulated in section 19 of the Mineral Resources Act. The plan shall include cost estimates for the abandonment activities; see section 17.03*

8.08

*Prior to the start up of development and production, the plans mentioned in section 8.07 shall have been approved as stipulated by sections 10 and 19 of the Mineral Resources Act.*

8.09

7. When the License for an area terminates, (*the Licensee relinquishes the whole or part of the license area. Þarf þetta? Er ekki nóg að segna terminates- af hvaða ástæðu sem það kann að vera*) the Licensee shall submit a final report to the *Petroleum Administration* on the hydrocarbon potential of the relinquished area.

---

<sup>23</sup> **NOTE:** Appendix 3 is for illustrative purposes only. Each work programme shall be determined on the basis of individual submissions and subsequent decisions by the Minister of Trade and Industry.

## 2 Greinargerð um uppsögn og eftirgjöf svæða af hálfu leyfishafa

### 2.1 Grænland

#### 2.1.1 Uppsögn (*Surrender*)

Leyfi gr. 3.03: „ The Licensee may surrender the Exploration Licence with effect from the end of any year of the exploration period, provided that all exploration commitments for the subperiod in which the licence is surrendered have been fulfilled. Notice thereof shall be forwarded to the BMP no later than 15 December in the year in question. “

Annex 2: Þar er kveðið á um að leyfishafi skuli skila rannsóknarleyfinu við lok hvers tímabils hafi hann ekki hafið undirbúning að þeim skuldbindingum sem hann hefur tekist á hendur á næsta tímabili.

Samkvæmt þessu getur leyfishafi skilað leyfi eftir hvert tímaþrep á rannsóknartímanum og losnað við þær skuldbindingar sem fylgdu þeim tímabilum sem uppsögnin tekur til. Hann verður hins vegar að standa við þær skuldbindingar sem orðnar eru virkar, þ.e.a.s. fylgja þeim tímabilum sem þegar eru hafin.

Leyfi gr. 3.06: Heimild til að segja upp vinnsluhluta leyfisins með 12 mánaða fyrirvara að því tilskildu að fyrirmælum um lokun svæða hafi verið fullnægt.

#### 2.1.2 Eftirgjöf svæða (*Relinquishment*)

Lögin gr. 7(2): „In an exploration license, terms may be stipulated about a gradual reduction of the licence area and about the work commitments to be fulfilled by the licence. “

Í SL eru tvenns konar ákvæði um eftirgjöf. Annars vegar gr. 2.02 þar sem kveðið er á um **skyldu** leyfishafans til þess að gefa eftir ákveðið lágmarkshlutfall á rannsóknartímanum eins og nánar er tilgreint í 2. viðauka. Leyfishafanum er samkvæmt viðaukanum skylt að gefa eftir 25% af svæðinu að liðnu hverju þrepi innan leyfistímans.

Leyfishafanum er einnig **heimilt** að gefa eftir hluta af svæðis þegar fyrsta tímabilið er liðið, sbr. SL grein 2.03. Slík eftirgjöf hefur ekki áhrif á skuldbindingar hans á öðru og þriðja tímabilinu. (*Such relinquishment shall not affect the exploration commitments for the second or the third sub-period.*) Þetta bendir til þess að heimilt sé að gefa eftir svæði eftir hvert þrep, það leysi leyfishafann hins vegar ekki undan skuldbindingum sem fylgja síðari þrepum. Þær eiga sér þá stað á því svæði sem eftir stendur.

Eftirgjöf samkvæmt gr. 2. er háð samþykki BMP og gerð er krafa um að þau svæði sem eru gefin eftir skuli: „*after each relinquishment consist of contiguous and compact units of a form and size that make them suitable for further exploration and exploitation.*”

Síðan eru ákvæði um tímafresti o.fl.

Hér er því um að ræða bæði skyldu og heimild til eftirgjafar. Annars vegar um fyrirfram ákveðna lágmarks % á ákveðnum tímabilum leyfis og hins vegar samkvæmt ákvörðun leyfishafans sjálfs. Krafa um eftirgjöf virðist því ekki tengjast frammistöðu leyfishafans eða því hvort framganga hans á fyrra tímabili bendi til þess að hann verði líklegur til að standa við skuldbindingar samkvæmt seinni tímabilum, sbr. hins vegar írska leyfið.

## 2.2 Írland

Í 20. gr. kemur fram að ákvörðun um hvaða svæði skuli gefin eftir sé undir leyfishafanum sjálfum komin. Það svæði sem stendur eftir verður hins vegar að vera: „*of reasonably regular shape in a continuous area.*” Samkvæmt 21. gr. er eftirgjöf svæða einnig háð því að leyfishafi hafi staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt leyfinu.

Í 21. gr. „*Voluntary termination of Exploration Licence and surrender of acreage*” segir:

„*Provided that the licensee has observed all obligations and discharged all liabilities imposed by or incurred under the terms and conditions of an Exploration Licence the licensee may, at any time during the Licence period, by giving to the Minister not less than three months previous notice in writing to that effect, **determine the Exploration Licence or surrender its interest in any specified part of the licensed area.***”

Hér vaknar spurning sem snertir orðalagið *determine the Exploration Licence*. Samkvæmt orðabókum hefur það merkinguna að ákvarða e-ð eða „*to limit*” eða „*to fix exactly*”. Með vísan til fyrirsagnar greinarinnar og samhengisins virðist það hins vegar vera notað hér merkingunni „*terminate*” eða að gefa leyfið frá sér. Spurning hvort það er réttur skilningur. Ef svo er, er ljóst að leyfishafi getur hvenær sem er sagt sig frá leyfinu að því tilskildu að hann hafi staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt leyfinu. Hér er því heimild til uppsagnar og eftirgjafar svæða eins og annars staðar. Heimildin er hins vegar ekki tengd við ákveðin tímabil eins og í Grænlandi.

Jafnframt er kveðið á um skyldubundna eftirgjöf svæða, sjá greinar 17-19.

Tegundir af rannsóknarleyfum eru þrjár, þ.e.a.s *Standard*, *Deepwater* og *Frontier*. Í öllum tilvikum ber leyfishafa að gefa eftir svæði (*surrender of acreage*) hafi hann ekki framkvæmt ákveðna hluti innan ákveðins tíma.

17. gr.

Standard: Á fyrstu þremur árunum ber leyfishafa m.a. að bora a.m.k. eina rannsóknarholu. Við lok fjórða árs skal leyfishafi skal gefa eftir 50% af svæðinu nema hann hafi byrjað á holu nr. 2

18. gr.

Deepwater: Við lok fjórða árs skal leyfishafi gefa eftir 50% af svæðinu nema leyfi hafi að geyma skuldbindingu til að bora holu nr. 2 fyrir lok sjöunda leyfisárs. Við lok sjöunda árs ber honum að gefa eftir 50% nema leyfi hafi að geyma skuldbindingu til að bora þriðju holuna . Við lok áttunda árs ber honum að skila leyfinu ef hann hefur ekki borað holu nr. 2.

19. gr.

Frontier: Skipt í fjögur tímabil. Þremur mánuðum fyrir lok fyrsta tímabilsins skal leyfishafinn tilkynna ráðherra um hvaða svæði hann hyggst halda á næsta tímabili. Fyrir lok annars tímabilsins verður hann að gefa eftir 50% af því svæði nema leyfið hafi að geyma skuldbindingu til að ljúka við þriðju holuna fyrir lok þriðja tímabilsins. Hið sama gildir um þriðja tímabilið. Hafi hann hins vegar ekki hafið þriðju borun við lok þriðja tímabilsins ber honum að skila leyfinu.

Eins og í grænenska SL gerir írski staðallinn ráð fyrir bæði skyldu og heimild til eftirgjafar. Skylda til 50% eftirgjafar á Írlandi tekur hins vegar mið af því hvort leyfishafi hafi framkvæmt ákveðna hluti í samræmi við viðkomandi leyfi á meðan 25% skyldubundin eftirgjöf á Grænlandi fylgir tímabilum án tillits til frammistöðu.

Að því er varðar leyfi til vinnslu, Petroleum Lease segir í 33. gr. um „Right to determine Petroleum Lease“.

„Without prejudice to any obligation or liability imposed by or incurred under the terms and conditions of Petroleum Lease the lessee, may at any time after the date of issue of the Lease, by giving the Minister not less than twelve months previous notice in writing to that effect determine the Lease. “

## 2.3 Noregur

Samkvæmt gr. 3.14 í lögnum getur leyfishafinn gefið eftir svæði á fyrstu 10 árum rannsóknartímans. Eftir þann tíma getur hann gefið eftir svæði fyrir hver áramót með þriggja mánaða fyrirvara. Heimild til reglugerðarsetningar um afmörkun slíkra svæða. Í reglugerðinni er kveðið á um lögum og tilgreiningu slíkra svæða auk þess sem eftirgjöf er háð samþykki yfirvalda.

Í SL er kveðið á um möguleika til framlengingar á leyfum. Framlenging getur annars vegar tekið til svæða þar sem boranir hafa skilað árangri og hins vegar til svæða sem

leyfishafi vill kanna nánar. Önnur svæði verður hann að gefa eftir. (þarf að skoða þetta nánar?)

## 2.4 Færeyjar

Í lögunum er ekki sérstakt ákvæði um eftirgjöf eða uppsögn af hálfu leyfishafa. Þó er ljóst að eftirgjöf getur átt sér stað, sbr. gr. 22(1). Ákvæði um skyldubundna eftirgjöf eða beina heimild til handa leyfishafa að gefa eftir svæði á rannsóknartímanum er heldur ekki að finna í SL. Þó er ljóst að gert er ráð fyrir að leyfishafi skili leyfi sínu og að svæði séu gefin eftir:

Clause 26(1): „Where the rights under this License are *relinquished* during the exploration period, such relinquishment shall include the entire license area, unless the Minister of Trade and Industry consents to parts of the area being relinquished.“

Clause 5(4): „The areas to which the right to explore for and to produce hydrocarbons is *relinquished* ..... shall be contiguous and be delimited by degrees of longitude and latitude, expressed in whole minutes.“

Clause 27: „Expiry, *relinquishment* or revocation of the License shall not relieve the Licensee of its obligations pursuant to legislation, this License or any other applicable rules and regulations, conditions or orders.

Annex 2 3. tl. .... The decision to drill or to *relinquish* the License shall be taken not later than .....

5. tl. .... If the Licensee *relinquishes* the whole or part of the license area, the Licensee shall submit a final report to the Minister of Trade and Industry on the hydrocarbon potential of the relinquished area.

Hins vegar er sérstök heimild til eftirgjafar á vinnsluhluta leyfisins í SL:

Clause 26(2) Where the term of the License has been extended in respect of one or more areas for the purpose of production, the Licensee may relinquish the right to any area or areas subject to one year`s notice.

### 2.4.1 Uppsögn

Í SL grein 26(1) er talað um relinquishment of the rights under the License á rannsóknartímanum og að slík „*relinquishment*“ skuli taka til alls svæðisins nema ráðherra samþykki eftirgjöf að hluta. Hér virðist orðið relinquishment vera notað bæði um uppsögn leyfis (relinquishment of the rights under the License) og í sambandi við eftirgjöf á svæði að hluta.



Annex 2:

Í 3. tl. er talað um relinquishment of the License. Í 5. tölulið er talað um relinquishment of the License area. Orðið relinquishment virðist því því einnig hér vera notað um bæði uppsögn af hálfu leyfishafa og eftirgjöf svæða. Það ráðist af samhenginu hvort átt er við uppsögn leyfis eða eftirgjöf svæða. Rétt er að skoða ákvæði 3. tl. nánar:

„Not later than .... years after the License is issued, the Licensee shall have drilled one exploration well, as follows:

The exploration well(s) shall be drilled through/to (geological formation) or to a max. depth of .... metres, whichever is reached first. The decision to drill or to **relinquish the License** shall be taken not later than.....“

Hér virðist því vera um að ræða heimild fyrir leyfishafa til að segja upp leyfinu ef hann tekur þá ákvörðun á einhverju tilteknu tímamarki áður en komið er þeim tíma sem fyrri málsgreinin tiltekur.

Virkar þetta þá í raun eins og á Grænlandi, að hægt sé að skila leyfinu og losna undan skuldbindingum þeirra tímabila sem uppsögnin tekur til?

Rétt er að skoða þetta í samhengi við fyrri ákvæði í Annex 2:

1. tl.: „ The license term shall be .... years, divided into two parts: an initial term of .... years with a fixed work programme, and a term of ..... years with a contingent work programme. If the Licensee does not intend to carry out the contingent work programme the license shall expire at the termination of the initial license term.“
2. tl.: „Not later than 2 years after the License is issued, the Licensee shall have produced .... km. of their own.....“ og svo nánar um hljóðendurvarpsmælingar.

3. tl. kveður síðan eins og áður segir á um skyldu til að bora. Leyfinu er ekki skipt í tímabil með sama hætti og í Grænlandi. Hér eru tímabilin þó tvö, það fyrra með svokölluðu „fixed work programme“ og síðara tímabil með „contingent work programme“. Í SL og viðaukunum er ekki gert ráð fyrir að „contingent work programme“ sé lýst í leyfinu, það komi til síðar sem viðbót við leyfið. Eins og þetta er sett upp virðast boranirnar tilheyra fyrra tímabilinu. Vegna ákvæðis 27. gr. SL um að relinquishment leysi leyfishafa ekki undan skuldbindingum sínum samkvæmt leyfinu og vegna þess að orðið relinquishment virðist notað bæði um uppsögn og eftirgjöf svæða, vaknar sú spurning hvort ekki sé hægt að segja sig frá leyfinu áður en til borunar kemur eins og í Grænlandi, þar sem boranir tilheyra tímabili nr. 2 og leyfishafi getur sagt upp leyfinu við lok fyrsta tímabilsins, þ.e.a.s. eftir að hafa framkvæmt hljóðendurvarpsmælingar en áður en til borana kemur. Þar sem 3. tl. gerir ráð fyrir að leyfishafi geri upp við sig hvort hann ætli að bora eða segja upp leyfinu áður en x ár eru liðin frá útgáfu leyfisins, og þar með komið að því tímabili sem borunarskyldan verður virk, verður spurningunni hér að framan svarað játandi. Í Færeyjum er hægt að segja upp leyfinu áður en til borana kemur, jafnvel þótt skyldan til að bora tilheyri fyrra tímabilinu.

## 2.4.2 Eftirgjöf svæða

Hér vísast til framangreindra ákvæða SL og viðauka. Ráðherra getur gefið leyfishafa heimild til að gefa eftir svæði að hluta á rannsóknartímanum. Meginreglan er þó að eftirgjöf taki til alls svæðisins, sem er þá í raun uppsögn, ráðherra getur þó eins og áður segir heimilað eftirgjöf á hluta svæðisins. Þegar hlutar svæðis eru gefnir eftir þurfa þau að uppfylla skilyrði um löggun og afmörkun. Eftirgjöf hefur ekki áhrif á skuldbindingar leyfishafa samkvæmt leyfinu og hann þarf að gefa yfirvöldum skýrslu um svæðið sem hann gefur eftir.

Það er hins vegar ljóst að leyfishafa ber ekki skylda til að gefa eftir svæði á rannsóknartímanum, sbr. hins vegar Írland og Grænland. Skyldan á Írlandi verður hins vegar aðeins virk að leyfishafi hafi ekki framkvæmt ákveðna hluti. Má því segja að eftirgjöfin þar sé í raun valkvæð þar sem leyfishafi hefur sjálfur mest með það að gera hvort hann framkvæmir það sem hann á að framkvæma til að halda öllu svæðinu. (Hér má þó benda á 1. tölulið í Annex 2 með færeyska SL þar sem segir að ef leyfishafi hefur ekki í hyggju að „carry out the contingent work programme“ renni leyfi út eftir fyrra tímabil leyfistímans. Þetta er þó ekki eftirgjöf eins og á Írlandi heldur rennur leyfið einfaldlega út.) Grænlandsku reglurnar virðast því strangastar að þessu leyti þar sem eftirgjöf skal fara fram á ákveðnum tímabilum óháð athöfnum leyfishafa.

## 2.5 Hvað gerum við?

Að því er **uppsögn** á leyfistímanum varðar hefur sú leið verið valin að hafa í 3. gr. SL, þar sem fjallað eru tímalengd leyfis, ákvæði um að leyfishafi geti sagt upp leyfinu á hverju tímabili (enda tókum við upp fyrirkomulag Grænlandinga um tímaþrep). Uppsögn leysir leyfishafa undan skuldbindingum þeirra tímabila sem uppsögnin tekur til. Það er hins vegar skilyrði uppsagnar að staðið hafi verið við þær skuldbindingar sem þegar eru orðnar virkar við uppsögnina.

Að því er **eftirgjöf svæða** varðar er spurningin hvort rétt er að halda fast við við færeysku fyrirmyndina þannig að leyfishafi geti ákveðið að gefa eftir svæði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum eða hvort ástæða er til að gera frekari kröfu um eftirgjöf svæða þ.e.a.s. um skyldubundna eftirgjöf, annaðhvort m.t.t. þess hvort hann hefur staðið við skuldbindingar sínar eða óháð frammistöðu þannig að gefa verði eftir tiltekið lágmark á ákveðnum tímamörkum.

Í báðum tilvikum þarf að skoða hvort gefa megi eftir svæði hvenær sem er eða á tilteknum tímapunktum. Skyldan fylgir tímaþrepanum í Grænlandi sem ekki eru til staðar í Færeyjum. Eins og tillögurnar um viðauka 2 og 3 líta út er gert ráð fyrir tímaþrepum samkvæmt grænlandsku fyrirmyndinni. Heimildin til eftirgjafar í Grænlandi er hins vegar hvenær sem er eftir fyrsta tímabilið og skiptir þessi skipting því minna máli, sérstaklega þar sem skuldbindingar samkvæmt seinni tímabilum haldast. Þessi tímaþrep skipta því sennilega ekki síst máli í sambandi við heimildina til að segja sig frá leyfinu, sbr. 3. gr. í leyfinu um tímalengd, þar sem skuldbindingar á þeim tímabilum sem uppsögnin tekur til falla niður.

## Hver eru hugsanlega rök fyrir að skylda til eftirgjafar?

1. Hér gæti þurft að skoða upphaflega stærð svæðis. Meiri ástæða kann að vera til að leggja áherslu á eftirgjöf þegar svæði eru í upphafi mjög stór. Á nýjum svæðum og ókönnuðum eða svæðum sem kunna að þykja ólíkleg á þeim tíma þegar leyfisveitingin fer fram getur verið eðlilegt og skynsamlegt að hafa leyfis-svæði stór í upphafi. Það kann hins vegar að kalla á að leyfishafi skilgreini með tímanum heppilegustu svæðin sem hann vill einbeita sér að og gefi önnur eftir. Í slíkum tilvikum getur verið heppilegt að hafa í leyfi ákvæði þar sem leyfishafa væri gert skylt að gefa eftir tiltekinn hluta af svæðinu á hverju tímaþrepi.
2. Tryggja að leyfishafi haldi ekki stærri svæðum en hann hefur raunverulega í hyggju að skoða nánar og að halda honum við efnið, þ.e.a.s að hann taki sér ekki lengri tíma en tilefni er til til þeirra rannsókna. Leyfishafar gætu haft tilhneigingu til þess að eiga möguleikana „í banka“ án þess að sinna rannsóknum á tilteknum svæðum sem dregur úr möguleikum annarra að rannasaka viðkomandi svæði. Skyldubundin eftirgjöf heldur mönnum m.ö.o. við efnið.

Spurning er hvort ná megi sama markmiði með því að tengja við svæðisgjöld sem jafnvel fari stighækkandi eftir tímabilum og við hverja framlengingu. Það ætti að leiða til þess að leyfishafi tefji ekki við rannsóknir, láti frá sér svæði og sæki ekki um framlengingu á leyfi vegna svæða sem hann hyggst ekki rannsaka frekar. Færeyingar eru með svæðisgjöld á rannsóknartímanum. Grænlandingar eru hins vegar ekki með svæðisgjöld á rannsóknartímanum þegar um leyfisútbod er að ræða þannig að það eitt og sér skýrir ekki þann mismun sem er á reglum um eftirgjöf í þessum löndum. Skiptir það máli í þessu sambandi að Grænlandingar hafa svæðisgjöld í „open door“ SL? Þar eru svæði sérstaklega stór og kann að vera að svæðisgjöldin séu notuð til að þvinga fram eftirgjöf umfram hin skyldubundnu 25%.

3. Getur verið að rök fyrir skyldu til eftirgjafar eigi mismunandi við eftir því hversu líklegt er að kolvetni finnist á viðkomandi svæði. Það getur verið meiri ástæða til að skylda til eftirgjafar á líklegum svæðum en ólíklegum. Á það við um Grænland, eru þau svæði líklegri en t.d. þau sem færeysku SL taka til? Það er því spurning hvort ákvæði um skyldubundna eftirgjöf svæða hafi fælandi áhrif. Svæði sem þykja ekki eins eftirsóknarverð gætu því liðið fyrir skyldubundna eftirgjöf. Þetta á þó líklega ekki við þar sem leyfissvæðin hafa verið ákveðin stór í upphafi, sbr. nr. 1 hér að framan þar sem hugmyndin um eftirgjöf er þáttur í ákvörðum um stærð svæðis.

Hér má einnig benda á að það getur líka verið ástæða til að skylda til eftirgjafar á ólíklegum svæðum þar sem það kann að tryggja að ólíkum aðferðum eða hugmyndafræði verði beitt þegar fleiri komast að, hver með sínar aðferðir.

## 2.6 Tillaga

Eins og áður segir hefur grænlenka leyfið sérstöðu að því er varðar skyldubundna eftirgjöf. Í Færeyjum er gert ráð fyrir að leyfishafar geti gefið eftir svæði. Þar eru ákveðin skilyrði og sennilega líka hvatar til að minnka rannsóknarsvæði með svæðisgjöldum. Er þetta ekki nægur hvati til að leyfishafi nýti sér heimild sína til að gefa eftir svæði? Óvíst er hvesu mikil eftirspurnin mun verða á íslenskum svæðum. Það hefur einnig verið talað um að markmiðið sé að gera rannsóknir þar aðlaðandi. Það er því spurning hvort það getur verið liður í þeirri viðleitni að miða við færeysku leiðina (en taka samt upp þrepaskiptinguna frá Grænlandi).

- heimild til eftirgjafar
- eftir fyrsta tímaþrepið
- eftirgjöf hefur ekki áhrif á skuldbindingar samkvæmt leyfinu
- takmarkanir að því er snertir lögum svæða
- hvatar til að gefa eftir svæði, þ.e.a.s. stighækkandi svæðisgjöld
- skýrslugjöf um þau svæði sem gefin eru eftir

Eins og áður segir getur eftirgjöf verið þáttur í ákvörðun um stærð svæða. Við mat á því hvort ástæða er til að hafa skyldubundna eftirgjöf getur því þurft að taka mið af ýmsum atriðum sem snerta þau svæði sem um er að ræða í hvert skipti. Eiga framangreindar röksemdir um stór svæði við hjá okkur og/eða er æskilegt að hleypa sem flestum að með sínar aðferðir þegar aðferðir leyfishafa hafa ekki skilað árangri? Eru svæðisgjöld nægilegur hvati til þess að leyfishafi gefi eftir svæði eða þarf frekari þvingunar við? Ef fyrri spurningunum er svarað játandi og þeirri síðustu neitandi getur verið ástæða til að gera frekari kröfu um eftirgjöf svæða.

Samkvæmt framansögðu verður ákvörðun um skyldubundna eftirgjöf m.a. að taka mið af því sem best á við það svæði sem um er að ræða í hvert skipti. Það kann því að vera rétt að setja skyldu til að gefa eftir tiltekna % af svæði í leyfinu. Aðferðarfræðin í grænlenka SL er aðgengileg. Fyrirmæli um eftirgjöf er í 2. gr. þar sem fjalla er um svæði og eftirgjöfin er tengd tímabilum samkvæmt 2. viðauka. Prósentutalan gæti hins vegar verið önnur eða ótilgreind þannig að hún verði hluti af þeim atriðum sem samið er um í hvert skipti.

Ef ekki á að leggja einhliða skyldu á leyfishafa að gefa eftir svæði er hugsanlegt að fara írsku leiðina og skylda til eftirgjafar ef leyfishafinn hefur ekki framkvæmt eða skuldbundið sig til að framkvæma ákveðna hluti á tilteknum tímabilum. Þetta er sennilega mildari leið en skilyrðislaus lágmarks eftirgjöf, sbr. Grænlenka leiðin, þar sem það er undir leyfishafanum sjálfum komið hvort hann forðast eftirgjöf með því að framkvæma eða takast á hendur ákveðnar skuldbindingar t.d. að bora holu. Í 2. gr. eru

drög að ákvæði þar sem krafa er um eftirgjöf en jafnframt reynt að milda hana í samræmi við írsku leiðina.

Í drögunum að SL og viðaukum er byggt á þessum minnispunktum:

Leyfistímanum er skipt upp í tímabil, sbr. 3. gr. og viðauka 2

Skuldbindingar fylgja tímabilum, sbr. viðauka 3

Heimild til uppsagnar, sbr. 3. gr.

Uppsögn tengist tímabilum sbr. viðauka 2

Skilyrði uppsagnar að skuldbindingum á yfirstandandi tímabili hafi verið fullnægt, skuldbindingar skv. síðari tímabilum falla niður, sbr. 3. gr.

Heimild til eftirgjafar, sbr. 2. gr.

Skuldbindingar á seinni tímabilum falla ekki niður, sbr. 2. gr.

Ákvæði um stærð og lögun svæða, sbr. 2. gr.

Skýrslugjöf um svæði sem gefin eru eftir, sbr. viðauka 3

Stighækkandi svæðisgjöld- verður útfært síðar

*og ef til vill:*

*Skylda til eftirgjafar, sbr. 2. gr. og viðauki 2, nema leyfishafi hafi skuldbundið sig til að bora holu á næsta tímabili. (einkennt m. skálettri í drögunum.)*



## IV. Hluti

Greinargerð  
um skatta og gjöld

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	77
2	SKATTAR OG GJÖLD.....	78
	2.1 Helstu tegundir skatta og gjalda.....	78
	2.2 Reglur nágrannalandanna.....	81
3	FÆREYSKA LEIÐIN.....	82
	3.1 Mikilvægi heildarmyndarinnar.....	82
	3.2 Lög um kolvetnisskatt.....	83
	3.3 Sérstakur kolvetnisskattur.....	86
4	ÍSLAND.....	87
	4.1 Inngangur.....	87
	4.2 Lög um tekjuskatt og eignarskatt.....	88
	4.3 Sérstakur kolvetnisskattur.....	91
5	LOKAORÐ.....	92



# 1 Inngangur

Meginmarkmið frumvarps þess er varð að lögum nr. 13/2001 var að setja rammalöggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis til þess að skýra réttarstöðu þeirra sem hyggjast stunda þessa starfsemi. Lögin gera ráð fyrir að veitt verði einkaleyfi til rannsókna og vinnslu á tilteknu, afmörkuðu svæði. Gera verður ráð fyrir að áhugi olíufyrirtækja á því að sækjast eftir slíkum leyfum markist af skilyrðum og skilmálum slíkra leyfa og sem eru útfærð í SL, sbr. III. hluta skýrslu þessarar. Skattar og gjöld sem fyrirtækin þurfa að greiða vegna slíkrar starfsemi hljóta einnig að hafa áhrif á það hvort þau telja eftirsóknarvert að sækjast eftir leyfum til rannsókna og vinnslu olíu á íslenska landgrunninu. Er því nauðsynlegt að undirbúningur slíkra leyfa taki einnig til athugunar á þeim þáttum.

Ljóst er að íslenska ríkið hefur hag af því að rannsakað verði hvort kolvetni í vinnanlegu magni er til staðar á íslensku yfirráðasvæði. Áhuginn hlýtur þó einnig að beinast að því að auka tekjur ríkisins, reynist vinnsla þess efnahagslega hagkvæm. Markmiðið hlýtur því að vera að tryggja ríkinu sanngjarnar tekjur af auðlindum sínum. Undirbúningur málsins verður því að miða við það að hlutur íslenska ríkisins verði sem stærstur, stöðugur og skili sér sem fyrst ef til vinnslu kolvetnis kemur. Olíufyrirtæki hafa hins bæði fjármagn og sérþekkingu sem þarf til að nálgast þessi verðmæti. Við erum í samkeppni við aðrar þjóðir um athygli þeirra og verðum að taka mið af því í öllum undirbúningi. Eins og áður segir líta olíufyrirtækin til skattalegs umhverfis þegar þau taka ákvörðun um hvert þau vilja beina sjónum sínum. Skattlagning er byrði og þau hljóta að líta til þess m.a. hversu mikinn hlut væntanlegra tekna sinna þau komi til með að greiða í skatta og önnur gjöld. Það þarf því að gæta jafnvægis milli hagsmuna leyfisveitanda og leyfishafa þegar tekin er ákvörðun um skattlagningu þeirra síðarnefndu.

Samkvæmt framansögðu verður sú vinna sem hafin er til undirbúnings veitingu leyfa til rannsókna og vinnslu einnig að taka til skattamála. Hér má velta upp þeirri spurningu hvort ákvörðun um skatthlutfall og nánari útfærsla á skattamálum megi ekki bíða þess tíma þegar fyrir liggur að kolvetni sé til staðar í vinnanlegu magni og vinnsla þess muni fyrirsjáanlega skila leyfishafanum einhverjum tekjum. Hann hafi ekkert nema kostnað af leyfinu fram til þess tíma og því bið á því að skattheimta verði virk. Eins og áður segir eru væntanlegir skattar, ásamt jarðfræðilegum forsendum, grundvallaratriði fyrir ákvörðun olíufyrirtækja um hvar skuli sækja um leyfi. Þau gera sér grein fyrir að eigendur landgrunnsins munu sjá tekjumöguleika og vilja eiga hlutdeild í hagnaði ef rannsóknir skila árangri og olíuvinnsla hefst. Þau vita því að þau munu þurfa að greiða skatta þegar og ef til vinnslu kemur. Ef væntanlegt skattumhverfi er ákvörðunarástæða að meira eða minna leyti fyrir vali þeirra þá vilja olíufyrirtækin fá upplýsingar um hvernig þessum málum muni verða háttáð þegar að vinnslu og skattheimtu kemur. Frestun undirbúnings að þessu leyti samræmist því ekki kröfu þeirra um stöðugleika og fyrirsjáanleika.

Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að fleiri atriði en beinir skattar hafa áhrif á eftirspurn eftir leyfum. Ef lítið er til annarra þjóða verður ráðið að einhvers konar samsetning skatta og ýmissa gjalda sé æskileg. Við ákvörðun um skattlagningu þarf því að taka tillit til annarrar gjaldtöku, og öfugt. Með vísan til þess sem áður segir að olúfyrirtæki líti til heildarniðurstöðunnar, þ.e.a.s. hversu mikið þau komi til með að þurfa að greiða við nýtingu leyfisins, hlýtur skattlagning tekna og útfærsla hennar að hafa áhrif á hvort og þá með hvaða hætti krafist er leyfisgjalda, svæðisgjalda og framleiðslugjalda af leyfishöfum. Er því mælt með því, eins og fram kemur í lokakafla þessarar greinargerðar, að hafinn verði undirbúningur löggjafar um skattlagningu af kolvetnisvinnslu eða viðeigandi breytingum á gildandi lögum um tekjuskatt og eignaskatt, þannig að þessi atriði liggi fyrir þegar fyrstu leyfin til rannsóknar og vinnslu kolvetnis verða veitt á Íslandi.

Í 2. kafla greinargerðar þessarar er stutt lýsing á helstu gjöldum sem lögð hafa verið á í tengslum við leyfi til rannsóknar- og vinnslu kolvetnis (2.1) og samantekt úr greinargerð með frumvarpi sem varð að færeysku skattalögunum nr. 26/1999 þar sem gerð er grein fyrir skattareglum nokkurra landa (2.2). Í kafla 3 verður nánar gerð grein fyrir helstu ákvæðum færeyskra laga um kolvetniskatt og sérstakan kolvetnisskatt. Loks verður skoðað í kafla 4 hvort og þá hvaða breytingar þurfa að eiga sér stað á íslenskum skattalögum ef við kjósum að fara sömu leiðir og Færeyingar í þessum efnum.

Umfjöllun um fyrirkomulag skattamála í Færeyjum vegna kolvetnisvinnslu byggir á skýrslu undirbúningsnefndar um kolvetnismál til færeysku ríkisstjórnarinnar; „*Preparation for oil exploration*“ sem gefin var út í Þórshöfn á árinu 1997. Einnig er byggt á lögum og athugasemdum um frumvörp þau er urðu að lögum nr. 26/1999, um kolvetnisskatt og lögum l. nr. 26/2000 um breytingu á þeim lögum.

## 2 Skattar og gjöld

Eins og að framan er rakið þarf að vera ákveðið samhengi á milli skattlagningar og annarrar gjaldtöku. Jafnframt þarf að taka afstöðu til þess hvort skattur vegna kolvetnisstarfsemi skuli samsvara almennum tekjuskatti fyrirtækja eða hvort leggja skuli á sérstakan skatt á hana. Nágrannaþjóðir okkar hafa farið mismunandi leiðir í þessum efnum.

### 2.1 Helstu tegundir skatta og gjalda

**Leyfisgjöldum** er ætlað að standa undir þeim kostnaði sem stjórnvöld hefur af meðferð og afgreiðslu umsókna um leyfisgjöld. Á sama hátt er mögulegt að gera olúfyrirtækjum að greiða fyrir nauðsynlegt eftirlit eða önnur nauðsynleg afskipti stjórnvalda. Hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða og ólíklegt að þær muni hafa afgerandi áhrif á tekjur ríkisins eða fælingarmátt fyrir olúfyrirtækin. Tilgangurinn er hins vegar að koma í veg fyrir að starfsemi á þessi sviði hafi í för með sér útgjöld fyrir skattborgarana.

Það hefur ótvírætt einhver útgjöld í för með sér að leggja lagalegan grundvöll fyrir starfsemi af því tagi sem hér um ræðir. Það er kostnaður sem íslensk stjórnvöld þurfa að bera áður en nokkuð er víst um hvort olúfyrirtæki komi til með að stíga það skref að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi eða hvort rannsóknir muni leiða til vinnslu. Leyfisgjöldin eru ekki hugsuð sem mótvægi við þann kostnað heldur eins og áður segir til að koma til móts við þann kostnað sem stjórnvíslan kemur til með að hafa vegna umsókna, sbr. 8. gr. laga nr. 13/2001. Gjaldtaka vegna eftirlits, sbr. 14. gr. laganna hvílir á sama grunni.

**Svæðisgjöld** eru í raun leiga fyrir það svæði sem leyfi tekur til. Auk þess sem slík gjöld skila tekjum í ríkissjóð geta þau virkað sem hvati fyrir leyfishafann að gefa eftir svæði sem hann hefur ekki í hyggju að rannsaka nánar. Eins og segir í greinargerð um eftirgjöf svæða, sbr. III. hluti 2, er mögulegt að leyfishafar vilji eiga möguleika á rannsóknnum „í banka“, þ.e.a.s. sinni ekki rannsóknnum á tilteknum svæðum á meðan þau einbeita sér að öðrum. Það dregur úr möguleikum annarra fyrirtækja að rannsaka viðkomandi svæði. Svæðisgjöld geta dregið úr þessari tilhneigingu þar sem líklegt er að leyfishafinn vilji losna sem fyrst undan því að greiða leigu fyrir ólíkleg svæði. Stighækkandi gjöld eftir tímabilum eða við framlengingu á leyfi þjóna þessu markmiði vel auk þess sem þau skila einhverjum tekjum strax. Á það ber þó að líta að álagning svæðisgjalda kann að íþyngja olúfyrirtækjum á rannsóknartímanum, tímabili útgjalda. Verður því að huga að því við útfærslu slíkra gjalda að þau nái tilgangi sínum og skili þjóðarúinu öruggum tekjum snemma á ferlinum en fæli olúfyrirtækin hins vegar ekki frá því að sækja um rannsóknar- og vinnsluleyfi.

**Framleiðslugjöld (e: *Royalties*)** tilheyra framleiðslustiginu. Þau byggjast á magni eða verðmæti framleiðslunnar. Slík gjöld tryggja nokkuð stöðugar og fyrirsjáanlegar tekjur allt frá upphafi vinnslunnar. Kostnaður fyrirtækisins hefur engin áhrif á útreikning slíkra gjalda, hann miðast aðeins við framleiðsluna. Olúfyrirtæki eru hins vegar að fá tekjur af framleiðslunni á sama tíma og greiðslur fara fram og að því leyti minni byrði en svæðisgjöldin. Algengara er að framleiðslugjöld miði við verðmæti en magn. Um getur verið að ræða fast hlutfall af tekjum eða stighækkandi (e: *sliding scales*), eftir vinnslumagninu. Hér er því um að ræða nokkuð góðan kost til tekjuöflunar þótt honum kunni að fylgja ýmis vandkvæði, sem ekki verða rakin hér. Framleiðslugjöld uppfylla hins vegar sennilega ekki ein og sér kröfur ríkisins um tekjur af olústarfseminni enda hefur þeim einkum verið beitt samhliða annarri skattheimtu. Eins og fram kemur í umfjöllun um reglur nágrannalandanna hér á eftir hafa framleiðslugjöld víða verið felld niður í nágrannaríkjunum. Olúfyrirtækjum kann að finnast það aðlaðandi að losna við að greiða slík gjöld. Vegna samkeppni um fjármuni og sérþekkingu þeirra verður því að taka tillit til þessa. Ef nýta á kosti þessarar leiðar er mögulegt að beita henni samhliða tekjuskatti. Hér komum við þá aftur að því sem áður segir um mikilvægi heildarmyndarinnar í þessum efnum. Ákvörðun um framleiðslugjöld verður því að taka mið af því hvernig fyrirtækin eru skattlögð að öðru leyti.

**Tekjuskattur** er lagður á öll fyrirtæki í landinu. Kveði lög ekki á um annað gilda sömu reglur um tekjur vegna vinnslu kolvetnis og gilda um aðra skattskylda starfsemi. Það er hins vegar athugunarefni hvort lögum um tekjuskatt og eignarskatt verði beitt

óbreyttum um þessa starfsemi, sem að mörgu leyti býr við sérstakar aðstæður. Það þarf með öðrum orðum að skoða hvort ástæða er til að setja að einhverju leyti sérstakar reglur um þessa starfsemi. Hér er vísað til þess að fyrirtæki á þessu sviði þurfa að leggja í mikinn kostnað á rannsóknartímanum. Skili rannsóknir árangri tekur við undirbúningur vinnslu og setja þarf upp dýran búnað. Síðan, þegar kolvetni er ekki lengur til staðar í vinnanlegu magni, þarf að fjarlægja þennan búnað og það krefst einnig fjárútláta. Þessi atriði og önnur gera það að verkum að skoða þarf sérstaklega t.d. reglur um afskriftir eigna, færarleika taps á milli ára og kostnaðar til og frá annarri starfsemi fyrirtækisins ef um slíkt er að ræða. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvert skatthlutfallið skuli vera og hvort fyrirtæki þurfa að vera skráð á Íslandi eða hvort heimilt er að hafa útibú hér á landi. Þessi atriði og önnur verða að einhverju leyti skoðuð í kafla 4 þar sem fjallað er um ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt með tilliti til hugsanlegrar skattheimtu olútekna í framtíðinni.

**Sérstakur kolvetnisskattur** er skattur sem lagður er á tekjur vegna kolvetnisstarfsemi. Slík starfsemi getur skilað fyrirtækjum mjög miklum hagnaði sem skilar sér ekki endilega til eigenda náttúruauðlindarinnar án sérstakra ráðstafana. Framleiðslugjöld og venjulegir tekjuskattar fyrirtækja duga þar ekki til. Hefur því verið leitað leiða til þess að bæta þar úr. Nágrannalöndin hafa farið mismunandi leiðir í þessu efni. Ólíkar leiðir byggja m.a. á mismunandi skilgreiningu á hagnaði auk þess sem skattlagningin spilar ekki alls staðar á sama hátt með öðrum gjöldum, eins og fram kemur í kafla 2.2. hér á eftir.

Ef markmiðið er að fá stærri hlutdeild í hagnaði vegna olíuvinnslu geta ýmsar leiðir komið til greina. Ein leiðin er að hækka fyrirtækjaskatt í landinu eða setja einhvers konar hátekjuskatt á fyrirtæki, þannig að þau greiði hærra hlutfall af tekjum sínum umfram einhverja tiltekna fjárhæð. Ekki er þó víst að þessar leiðir reynist heppilegar, hvað þá vinsælar hjá öðrum fyrirtækjum í landinu. Ný tekjuöflunarleið ríkisins réttlætir tæplega hækkun á skatti annarra fyrirtækja. Hér kæmi einnig til greina að hækka bara skatta hjá þeim fyrirtækjum sem leggja stund á þá starfsemi sem hér um ræðir.

Einnig mætti hugsa sér að hækka framleiðslugjöld. Það getur hins vegar haft ýmis vandkvæði í för með sér þar sem þau taka ekki tillit til kostnaðar fyrirtækjanna við það að nálgast þær tekjulindir sem á að skattleggja. Ef skattheimta á að ná til mjög mikils hagnaðar liggur sennilega beinast við að byggja skattheimtuna á einhverju kerfi sem skilgreinir þennan sérstaka hagnað. Hér er vísað til svokallaðrar „rate of return“ tegundar skattheimtu. Slíkum skatti er líst með svofelldum hætti í skýrslu nefndar þeirrar sem stóð að undirbúningi þessara mála í Færeyjum, Hydrocarbon planning commission to the Faroese Government:

„that is a tax attempting to catch an appropriate share of the profits which are left after the company has covered its direct expenses for exploration, operation and installations (apart from interest) and has obtained returns on its investments, with an interest rate which reflects an acceptable company requirement, including a risk premium, reflecting the risk of the oil province in question. Profits above this level are expected to be shared with the authorities in the form of a special tax.“ (Skýrsla bls. 278)

Fyrirtækin hafa því svigrúm til þess að endurheimta útlagðan kostnað og hagnast að einhverju marki áður en þau þurfa að greiða hinn sérstaka olíuskatt. Aðeins hagnaður umfram tiltekið viðmið er skattlagður.

## 2.2 Reglur nágrannalandsanna

Í **Danmörku** er skattlagning tvískipt, 34% fyrirtækjaskattur og sérstakur kolvetnis-skattur. Fyrirhugað er að lækka fyrirtækjaskattinn í 32%. Kolvetnisskatturinn er 70% og er reiknaður af hverri olíulind fyrir sig (e: *on a field by field basis*), og kostnaður viðkomandi svæðis er frádráttarbær. Þó er heimilt að draga fyrirtækjaskattinn og rannsóknarkostnað frá tekjum án tillits til þess hvar hann fellur til (e: *without any field restriction*). Tap af annarri starfsemi en kolvetnisstarfsemi verður hins vegar ekki dregið frá slíkum tekjum (e: *ring fenced*). Í Danmörku er krafist framleiðslugjalda.

**Norðmenn** gera kröfu um fyrirtækjaskatt og kolvetnisskatt. Frá árinu 1992 hefur tekju-skattur fyrirtækja verið 27% og kolvetnisskatturinn, sem leggst ofan á fyrirtækja-skattinn, 50%. Kolvetnisskatturinn reiknast af skattskyldum tekjum en gert er ráð fyrir skattleysi sem nemur 5% af fjárfestingum á 6 ára tímabili, eða samtals 30%. Fyrir 1992 var gerð krafa um 8-16% framleiðslugjöld en þau voru lögð af á árinu 1992.

Í **Bretlandi** er fyrirtækjaskattur 30%. Þar er í dag hvorki innheimtur sérstakur kolvetnisskattur né framleiðslugjöld. Umræða er um hvort þetta umhverfi er of hagstætt olíufyrirtækjunum.

Fyrirtækjaskattur á **Írlandi** er 25%. Enginn kolvetnisskattur og engin framleiðslugjöld.

Samkvæmt framansögðu er töluverður munur á því hvaða leiðir nágrannaþjóðirnar hafa farið. Bretland hafði áður bæði framleiðslugjöld (hæst 12,5%) og kolvetnisskatt (hæstur 75%). Í greinargerðinni með frumvarpi því er varð að kolvetnislögum í Færeyjum er dregin sú ályktun að hinar vægu skattareglur á Írlandi hafi hvatt til rannsókna á írskum svæðum, þótt þar kunni þróun olíumála líklega einnig að hafa átt einhvern hlut að máli. Hagstætt skattaumhverfi er vissulega til þess fallið að laða olíufyrirtæki til rannsókna. Rannsóknir kunna að vera meginmarkmið Íslendinga, a.m.k. fyrst í stað og því gæti komið til greina að gera vægar skattakröfur. Skili rannsóknirnar árangri verða hins vegar til tekjur sem eðlilegt er að skattleggja. Verði það gert minnkar fyrirsjáanleikinn sem olíufyrirtæki leggja áherslu á. Stefnumótun í þessum efnum snýr því m.a. að því hvort og þá hversu mikinn afslátt á að gefa til að fá rannsóknirnar framkvæmdar. Þá vaknar hins vegar sú spurning hvort stjórnvöld eru tilbúin að standa við þá stefnu þegar og ef til vinnslu kemur með þeim tekjum sem henni fylgja.

## 3 Færeyska leiðin

### 3.1 Mikilvægi heildarmyndarinnar

Samkvæmt því sem rakið hefur verið hér að framan er ljóst að kolvetnisvinnsla hefur nokkra sérstöðu í skattalegu tilliti og því þarf að skoða sérstaklega hvernig tekjur fyrirtækja vegna slíkrar starfsemi verða skattlagðar. Taka þarf afstöðu til þess hvaða kröfur skuli gera til hlutdeildar í hagnaði, hvort vel fari á því að setja sérákvæði í lög um tekjuskatt og eignarskatt eða sérlög um tekjur vegna olústarfsemi. Jafnframt hvort sérstakur skattur verði lagður á slíkra starfsemi umfram aðra starfsemi í landinu. Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að tilhögun skattlagningar taki mið af öðrum gjöldum sem fyrirtækjum er gert að greiða vegna starfsemi sinnar. Skilmálar og skilyrði í rannsóknar- og vinnsluleyfum hafa auk skatta/gjaldþáttarins áhrif á áhuga olíufyrirtækja að reyna fyrir sér á nýjum slóðum. Er því nauðsynlegt að skoða þessi mál heildstætt. Þegar Færeyingar stóðu frammi fyrir þeim undirbúningi sem við stöndum frammi fyrir nú var rík áhersla lögð á þetta. Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 26/1999 um kolvetnisskatt segir m.a. um mikilvægi heildarmyndarinnar gagnvart olíufyrirtækjunum:

„The level of taxation fixed by the tax legislation should, however, be viewed in conjunction with a number of other factors. The decision on whether to levy a special tax will be tied inseparably to the other requirements that will be imposed on oil companies when licences are issued, such as a possible royalty, requirements for participation by a state owned oil company, operational obligations, etc. The total financial burden of all the requirements must be compared to estimates of the prospectivity of the areas offered, and this picture, exploration for oil off the Faroe Islands must necessarily be able to compete with the investment opportunities offered in other regions.“<sup>24</sup>

Á þeim tíma sem frumvarpið til laga um kolvetnisskatt var lagt fram lá ekki fyrir hvernig skilmálum og skuldbindingum handhafa rannsóknar- og vinnsluleyfa yrði háttáð. Af þeim sökum vantaði enn hluta heildarmyndarinnar. Var í greinargerðinni lagt til að áfram yrði unnið að því að útfæra skilmála rannsóknar- og vinnsluleyfa. Ákveðið var að olíuskattur yrði, a.m.k. fyrst í stað, jafnhár almennum fyrirtækjaskatti sem er 27% í Færejum. Ákvörðun um hvort leggja skyldi sérstakan kolvetnisskatt til viðbótar skatti samkvæmt gildandi löggjöf skyldi hins vegar tekin eigi síðar en fyrsta leyfisútbóðið færi fram enda lögju þá fyrir stöðluð leyfi með sínum skuldbindingum og skilmálum.

Lögin um olíuskatt voru samþykkt 19. febrúar 1999. Með lögum nr. 26/2000 um breytingu á þeim lögum var, í samræmi við ofangreind áform, fyllt inn í heildarmyndina. Lögin byggja á því að 2% framleiðslugjöld, 27% kolvetnisskattur, sem jafngildi tekjuskatti fyrirtækja og sérstakur skattur honum til viðbótar myndi heildarskattinn. Markmið þess síðastnefnda er eins og segir í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu:

---

<sup>24</sup> Kafli A í almennum athugasemdum.

„tax the part of the licensee’s income that corresponds to the part of surplus that exceeds a certain internal rate of return of each individual oil field (IRR or ROR).“

Sérstakur olúskattur nær því til ábata fyrirtækisins af einstakri olíulind umfram ákveðið viðmið.

Samkvæmt framansögðu var ekki tekin ákvörðun um álagningu sérstaks skatts um leið og kolvetnisskatturinn var ákveðin. Áhersla var hins vegar lögð á að slík ákvörðun lægi fyrir þegar fyrsta leyfisútbóðið færi fram. Undirbúningsnefndin lagði einnig á það áherslu að samhliða þessari vinnu yrði reynt að leysa ýmis álitæfni sem tilheyrðu almennu skattalöggjöfinni og hefðu fyrirsjáanlega þýðingu í þessum efnum. Vísaði nefndin sértaklega til eftirfarandi atriða:

„Thin capitalisation, binding advance ruling, dividend tax on profit from subsidiary company to parent company, double taxation agreements, branches and capital gains tax (exit rules).“<sup>25</sup>

### 3.2 Lög um kolvetnisskatt

Markmið laga nr. 26/1999 var að útvíkka skattskyldu. Með þeim var einnig stigið stórt skref í átt að endanlegri niðurstöðu um heildarskatt vegna kolvetnisvinnslu. Tveir meginkaflar laganna fjalla um skattskyldu og útreikning tekjuskattsstofns. Að því er skattskylduna snertir þá er lögunum ætlað að ná til aðila, bæði fyrirtækja og einstaklinga, sem samkvæmt gildandi lögum voru ekki tengdir Færeyjum á þann hátt að það skapaði þeim skattskyldu samkvæmt almennum skattalögum. Taka lögin til allra tekna sem stafa af rannsóknum og vinnslu kolvetnis. Slíkar tekjur skulu aðgreindar frá tekjum vegna annarrar starfsemi (e: *ring-fenced*).

Samkvæmt 1. gr. laganna taka þau til allra tekna af leit, rannsókn og vinnslu kolvetnis og tengdri starfsemi í Færeyjum og á færeysku yfirráðasvæði, þ. á m. landgrunninu. Á það bæði við um tekjur fyrirtækja af slíkri starfsemi og tekjur einstaklinga sem við hana starfa. Lögin taka einnig til tekna af slíkri starfsemi í öðru ríki ef staðsetning kolvetnisauðlindar (e: *hydrocarbon deposits*) er bæði á færeysku yfirráðasvæði og svæði annars ríkis og milli þeirra gildir samningur um að framleiðsla á svæðinu teljist að hluta eða öllu til Færeyja. Loks skal greiða skatt til Færeyja vegna tekna af flutningi kolvetnis (e: *pipeline transmission of hydrocarbons*) sem er unnið á færeysku svæði en landað í öðru ríki og Færeyjar hafa réttinn til skattlagningar á grundvelli samnings þar að lútandi.

Tekjur skulu reiknaðar á grundvelli almennra skattalaga með undantekningum sem fram koma í lögunum um kolvetnisskatt. Af þeim skal greiða tekju- og eignarskatt samkvæmt ákvæðum almennra skattalaga með þeim undantekningum sem gerðar eru í II. og III. kafla sérlaganna. Skattskyldir aðilar eru einnig þeir sömu og í skattalögum með þeirri viðbót sem leiðir af 3. gr. laganna um kolvetnisskatt. Samkvæmt 3. gr.

---

<sup>25</sup> Preparation for Oil Exploration, Report of the Hydrocarbon Planning Commission, bls. 287-288.

laganna eru einstaklingar skattskyldir sem og dánarbú, fyrirtæki, sjálfstæðar stofnanir og félög og aðrir aðilar sem leggja stund á þá starfsemi sem lögin taka til. Dánarbú eru ekki skattskyld samkvæmt almennum lögum.

Lögin gilda eins og áður segir aðeins um tekjur vegna kolvetnisstarfsemi. Allar tekjur vegna slíkrar starfsemi eru skattskyldar samkvæmt lögum. Allir sem hafa slíkar tekjur skulu greiða af þeim skatt og verður skattskyldan virk um leið og þeirra er aflað, óháð heimilisfesti eða skráningu lögaðila og því hvort teknanna er aflað erlendis. Tvísköttunarsamningar geta þó haft áhrif á framkvæmd laganna að þessu leyti.

Lögin fela ekki í sér breytingu á almennum skattalögum að því er snertir ótakmarkaða skattskyldu nema að því leyti að dánarbú verða skattskyld. Samkvæmt almennum skattalögum greiða þeir sem hafa heimilisfesti og fyrirtæki sem eru skráð í Færeyjum skatt af öllum tekjum sínum sama hvar þeirra er aflað. Sérlögin breyta þessu ekki. Breytingin felst í því að takmörkuð skattskylda þeirra sem ekki eru heimilisfastir eða skráðir í Færeyjum verður virk strax eins og almennt gildir um þá sem bera fulla skattskyldu.

Í II. kafla laganna eru reglur um útreikning tekjuskattsstofns. Fyrirtæki sem hafa slíkar tekjur sem lögin taka til greiða af þeim tekjuskatt, eða kolvetnisskatt eins og hann heitir samkvæmt lögum. Einstaklingar greiða tekjuskatt. Almenn skattalög gilda í báðum tilvikum um tekjuskattsstofninn nema kolvetnisskattalögin mæli á annan veg. Í 4. gr. er mælt fyrir um hvaða tekjur mynda tekjuskattstofn samkvæmt lögum. Þannig er gerður greinarmunur á slíkum tekjum og öðrum tekjum skattgreiðandans. Kostnaður er frádráttarbær frá tekjum eftir almennum reglum skattalaga. Hins vegar aðeins heimilt að draga frá kostnað sem tengist þeim tekjum sem lögin taka til.

Efni II. kafla má skipta í fimm meginatriði: verð, aðskilnað tekna vegna kolvetnis frá annarri starfsemi leyfishafa, afskriftir, frádrátt rannsóknarkostnaðar og yfirfæranlegt tap. Verður hér gerð grein fyrir þessum atriðum í stuttu máli.

Tekjur vegna sölu kolvetnis reiknast almennt af **söluverði samkvæmt reikningi**. Telji skattyfirvöld hins vegar að söluverðið sé ekki í samræmi við markaðsverð er þeim heimilt að leggja markaðsverð (e: *norm prices*) til grundvallar.

Eins og áður segir verður að aðskilja tekjur vegna kolvetnis frá annarri starfsemi leyfishafa, (e: *ring fenced*). Er því ekki heimilt að draga tap af annarri starfsemi frá tekjum vegna kolvetnisvinnslu þegar skattgrundvöllurinn er fundinn. Tap vegna kolvetnisstarfsemi má hins vegar draga frá öðrum tekjum.

**Afskriftir** hafstöðva og búnaðar fylgja reglum almennra skattalaga sem heimila allt að 30% á ári af niðurfærðu verði (e: *written down value*).

Draga má **kostnað vegna rannsókna** frá skattskyldum tekjum. Ef kostnaðurinn er greiddur áður en vinnsla hefst er skattgreiðandanum heimilt að skipta honum og draga frá tekjum í fimm ár, í fyrsta skipti á því ári sem vinnsla hefst.



Kolvetnisvinnsla hefur nokkra sérstöðu vegna þess hversu miklar fjárfestingar er um að ræða og langur tími getur liðið þar til tekjurnar fara að skila sér. Er því heimild til að **yfirfæra tap** af kolvetnisstarfsemi rýmkuð, úr 5 árum í 20.

Hér að framan hefur verið lýst meginatriðum laga nr. 26/1999 um kolvetnisskatt. Vegna sérstöðu kolvetnisstarfsemi töldu Færeyingar að almennum skattalögum yrði ekki beitt óbreyttum um slíka starfsemi. Á undirbúningstíma laganna var ákveðið að reglur um mat, innheimtu og eftirlit með skattlagningu slíkra tekna skyldu settar fram í sérstökum lögum þar að lútandi. Jafnframt var gengið út frá því að undirbúningur yrði hafinn að reglum um sérstakan olíuskatt. Þá vakti fyrirhuguð skattlagning svo umfangsmikillar starfsemi athygli á ýmsum vandamálum sem kölluðu á breytingar á almennum skattalögum.

Eitt þessara álitafna tengist heimildum skattalaga til frádráttar vaxtagreiðslna (e: *thin capitalisation*), en þær þykja til þess fallnar að gera erlendum fyrirtækjum kleift að lækka tekjustofn sinn óeðlilega mikið með lánatilfærslum. Annað vandamál snertir réttarstöðu skattgreiðenda. Með flóknara skattkerfi, margbreytilegri og fleiri fyrirtækjum eykst krafan um vandaðri stjórnslu og leiðbeiningar stjórnvalda. Í þessu sambandi hefur verið talið nauðsynlegt að tryggja aðgang skattgreiðandans að forúrskurðum hjá skattfirvöldum (e: *advance clearance*) þannig að hann geti fyrirfram gert sér grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra aðgerða. Þriðja álitafnið snýr að skattlagningu verðmæta þegar starfsemi er hætt eða eignir færðar úr starfseminni (e: *capital gains taxation*). Hér er hætta á að afskriftarreglur leiði til þess að verðmætið reiknist minna en það er í raun þannig að ríkið verði af skatttekjum. Úr þessi verði bætt með því að meta verðmæti á þeim tíma sem það er tekið úr starfseminni, það fylgi m.ö.o. ekki afskriftarreglum. Þessi vandamál þóttu þó við gerð frumvarps þess sem varð að lögunum um kolvetnisskatt þess eðlis að þau væru ekki bundin við kolvetnisstarfsemi og því rétt að taka þau til skoðunar í tengslum við endurskoðun almennra skattalaga. Var því ekki unnið frekar að lausn þeirra í lögunum um kolvetnisskatt. Undirbúningur sérreglna vegna kolvetnisstarfsemi vakti þannig athygli á ýmsum breytingum sem gera þurfti á almennum skattalögum.

Í kolvetnislögunum er ekki heldur kveðið á um meðferð mála þegar skattskyldri starfsemi er hætt (e: *termination costs*). Slíku getur fylgt mikill kostnaður, sérstaklega þegar um stóran iðnað eins og olíustarfsemi er að ræða. Tekjurnar koma þá ekki lengur á móti kostnaði en skattgreiðandinn hefur að öllum líkindum greitt háa skatta árin á undan. Í ljósi þess að fyrstu árin væru ár uppbyggingar en ekki niðurrifs þótti ekki aðkallandi að leysa þennan þátt málsins og lausn hans því látin bíða síðari tíma.

Lögunum um kolvetnisskatt var eins og áður segir ætlað að ná til ýmissa aðstæðna sem almennu skattalögin náðu ekki til. Tvísköttunarsamningar geta hins vegar komið í veg fyrir framkvæmd þessarar útvíkkunar. Þeir koma hins vegar í veg fyrir að einstaklingar og fyrirtæki verði tvískattaðir og því um mikið hagsmunamál þessara aðila að ræða. Var því lögð áhersla á endurskoðun gildandi samninga og að fram færi athugun á því hvort þörf væri á að koma á nýjum.

### 3.3 Sérstakur kolvetnisskattur

Með lögum nr. 26/2000 um breytingar á lögum um kolvetnisskatt var lagður á sérstakur skattur á tekjur vegna kolvetnisvinnslu. Þar með var heildarmyndin svo gott sem fullmótuð. Við 27% kolvetnisskatt og 2% framleiðslugjöld bættist sérstakur kolvetnisskattur. Eftir stóð ákvörðun um hvernig skattalöggjöfin skyldi taka tillit til lokunar svæða en eins og áður segir var ekki talið brýnt að ganga frá þeim þætti að svo komnu máli.

Eins og áður hefur komið fram er sérstökum kolvetnisskatti ætlað að taka til þess þegar kolvetnisvinnsla skilar sérstaklega miklum hagnaði. Markmiðið er að skattleggja hagnað sem verður eftir þegar bóúð er að taka tillit til kostnaðar vegna vinnslunnar (e: *Resource Rent Tax*). Hugmyndafræðin að baki hinum sérstaka kolvetnisskatti er að skattgreiðandinn þurfi ekki að borga slíkan skatt fyrr en hann hefur haft ákveðinn ábata (e: *internal rate of return*) af einstakri kolvetnisauðlind. Þetta þýðir að hann á þess kost að reikna þann kostnað sem hann kann að hafa haft vegna viðkomandi auðlindar með einhverjum lágmarks vöxtum áður en til álagningar hins sérstaka skatts kemur.

Kolvetnisauðlind í skilningi laganna verður til þegar ráðherra hefur samþykkt framkvæmda- og vinnsluáætlun (e: *field development plan*). Eins og að framan greinir er tekið tillit til kostnaðar skattgreiðandans vegna viðkomandi olíulindar við útreikning á skattstofninum. Sú regla á að meginstefnu aðeins við þann kostnað sem til fellur eftir þennan skilgreinda tíma. Þetta gildir þó ekki um kostnað vegna olíufundar og mat á vinnsluhæfni olíulinda (e: *discovery and appraisal*). Slíkan kostnað má draga frá á fyrsta árinu, þ.e.a.s. á því ári sem olíulindin verður til í skattalegu tilliti.

Auk nýmæla um álagningu sérstaks kolvetnisskatt fela lögin einnig í sér frávik frá almennum reglum skattaréttar í Færeyjum. Sem dæmi um slík frávik eru ákvæði um að vaxtagjöld og vaxtatekjur reiknast ekki með þegar skattgrundvöllurinn er fundinn. Kostnaður vegna öflunar eigna (e: *acquisition of assets*) er hins vegar að fullu frádráttarbær á því ári sem til hans var stofnað.

Útfærsla á sérstaka skattinum heyrir að sjálfsögðu til nýjunga samkvæmt lögum. Eins og áður segir er lagt til grundvallar að fyrirtækin greiði ekki viðbótarskatt fyrr en þau hafa náð að jafna sig eftir miklar fjárfestingar og annan kostnað í upphafi starfseminnar. Skatturinn er ekki lagður á fyrr en ábatinn (e: *internal rate of return*) hefur náð ákveðnu lágmarki eða 20%. Það er því ákveðinn þröskuldur. Skatturinn fer hins vegar stighækkandi eftir því sem ábatinn hækkar. Þegar hagnaður af kolvetnisauðlind nær ekki þessum mörkum kemur ekki til skattlagningar af þessu tagi.

Prepaskiptingin er útfærð á eftirfarandi hátt: Þegar olíulind hefur hærri „*internal rate of return*“ en 20% eftir álagningu almenna kolvetnisskattsins verður lagður á 10% skattur ábatann. Þegar „*internal rate of return*“ verður hærri en 25% eftir að almenni skatturinn hefur verið lagður á verður viðbótarskatturinn 25%. Þriðja þrepið verður virkt þegar „*internal rate of return*“ er orðið hærri en 30% eftir skatt. Í slíkum tilvikum verður sérstaki skatturinn 40%.

Samkvæmt framansögðu er almenni olíuskatturinn frádráttarbær við útreikning skattstofnsins. Almenni skatturinn er hins vegar ekki reiknaður fyrir hverja kolvetnisauðlind sérstaklega eins og sérstaki skatturinn. Verður því að deila almenna skattinum á milli olíulinda í réttu hlutfalli við þær tekjur sem af hverri lind skapast og draga þann hluta sem tilheyrir viðkomandi lind frá þegar sérstaki skatturinn er reiknaður.

Gera verður ráð fyrir að olúfyrirtæki geri ákveðnar kröfur um hagnað m.t.t. aðstæðna í hverju tilviki. Sérfræðingar hafa reynt að gera sér grein fyrir hvar þessi mörk liggja m.v. aðstæður í Færeyjum. Áhrif á þessi mörk hafa m.a. vaxtagjöld, áhætta af því að rannsókn skili ekki árangri, kostnaður við að vinna kolvetni á miklu dýpi og í erfiðum veðurskilyrðum. Það eru þessi atriði sem liggja að baki 20% þröskuldinum og stighækkun skatts sem áður er lýst.

Eins og áður segir lögðu Færeyingar ríka áherslu á að væntanlegur skattgreiðandi gæti frá upphafi gert sér grein fyrir hversu miklir skattar og gjöld yrðu á hann lögð. Í stöðluðum leyfum er kveðið á um skuldbindingar sem hafa fjárhagslega þýðingu og ýmis gjöld, þ. á m framleiðslugjöld. Með lögnum um olíuskatt og sérstakan olíuskatt var stigið lokaskrefið. Niðurstaðan varð sú að tekjur vegna olíustarfsemi verða aldrei skattlögð umfram 57,1%. Framleiðslugjöldin og almenni skatturinn koma fyrst til framkvæmda og eru frádráttarbær við útreikning á skattstofni sérstaka skattsins. Þegar 2% framleiðslugjöld og 27% kolvetnisskattur hafa verið dregin frá til þess að reikna út sérstaka skattinn verður jaðarskatturinn 35,6% á fyrsta þrepi viðbótarskattsins. Á öðru þrepi verður jaðarskatturinn 46,3% og því þriðja 57,1%. Álagðir skattar vegna kolvetnisvinnslu verða því eins og áður segir hæstir 57,1%.<sup>26</sup>

## 4 Ísland

### 4.1 Inngangur

Eins og fram kemur í inngangi greinargerðar þessarar var það markmið laga nr. 13/2001, að skýra réttarstöðu olúfyrirtækja sem hefðu hug á að leggja stund á kolvetnisstarfsemi á íslenskum svæðum. Undirbúningur sem nú stendur yfir fyrir veitingu leyfa er liður í næsta skrefi í þá átt. Ef leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis verða veitt í kjölfarið og rannsóknir leiða í ljós að olía í vinnanlegu magni sé til staðar, verðum við að gera ráð fyrir að olúfyrirtækin komi til með að hafa af því allnokkrar tekjur. Áður hefur verið fjallað um sérstöðu þessarar starfsemi, m.a. vegna mikilla tekjumöguleika ef til vinnslu kemur, og réttmætra krafna eigenda viðkomandi auðlindar til hlutdeildar í ábata olúfyrirtækjanna.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt munu gilda um tekjur vegna kolvetnisstarfsemi ef til vinnslu kolvetnis kemur, nema annað verði ákveðið. Það þarf

---

<sup>26</sup> Almennar athugasemdir við frumvarp það er varð að lögum nr. 26/2000, kafli um *special income taxation*.

Því að skoða hvort lögín ná með eðlilegum hætti til þessarar starfsemi og hvort og þá hvaða ný atriði þarf að mæla fyrir um í lögum. Hér þarf ekki eingöngu að líta til þess hvort fylla þurfi upp í einhverjar eyður í skattalöggjöfínni m.t.t. kolvetnisstarfsemi, heldur einnig hvort núgildandi ákvæði eiga að einhverju leyti illa við um slíka starfsemi sem hér um ræðir. Því þarf að skoða hvort rétt er að gera viðeigandi breytingar á gildandi lögum eða hvort betur fari á því að setja sérstök lög um álaginu skatts vegna olíustarfsemi. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að gildandi lög eru almenn lög og munu þá gilda um öll fyrirtæki sem skattlögð eru í landinu. Vegna sérstöðu kolvetnisstarfsemi er alls ekki víst að þau sjónarmið sem kalla á breytingar hennar vegna eigi við um aðra starfsemi. Annar kostur er að setja undanþáguákvæði og/eða sérstakar reglur um þessa starfsemi í almennu lögín. Þriðji kosturinn er að undanskilja olíustarfsemi frá almennu lögnum og setja sérlög um hana og gera viðeigandi breytingar á almennu lögnum.

Áður en lagt verður mat á hvort og þá hvaða breytingar þarf að gera á gildandi skattalögum eða setja sérstök lög um kolvetnisskatt þurfa forsendur stjórnvalda að vera ljósar. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hversu mikla áherslu íslensk stjórnvöld vilja leggja á hlutdeild ríkisins í hugsanlegum ábata. Í inngangi er þó gengið út frá því að þekkingarþátturinn sé ekki eini hvati Íslendinga til rannsókna á þessu sviði. Von um tekjulind eigi þar sinn sess. Í Færeyjum var það lagt til grundvallar að nýting auðlinda skilaði sér til þjóðfélagsins í heild. Markmiðið væri að kolvetnisstarfsemi skilaði Færeyingum svo miklum tekjum sem jarðfræðilegar aðstæður, tækni, olíuverð og samkeppni á alþjóðamarkaði leyfðu<sup>27</sup> (skýrsla bls. 264). Til að ná þessu markmiði sínu og með tilliti til þess að tekjur vegna olíustarfsemi geta orðið óvenju miklar m.v. aðra starfsemi, brugðust Færeyingar við með því að setja sérstök lög um kolvetnisskatt og sérstakan kolvetnisskatt. Þau fyrrnefndu færa út skattskylduna og búa til sérstakan tekjuskattstofn en þau síðarnefndu leggja á sérstakan skatt til viðbótar kolvetnisskattinum. Færeysku leiðinni er lýst í stuttu máli í kafla 3 hér að framan. Eins og áður segir hefur ekki verið mörkuð stefna í þessum efnunum hér á landi. Í umfjölluninni hér á eftir verður við það miðað að við munum fylgja fordæmi Færeyinga. Verður því skoðað hvort og þá hvað þurfi helst að rannsaka í íslenskri skattalöggjöf m.v. þær forsendur.

## 4.2 Lög um tekjuskatt og eignarskatt

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, hvílir sú skylda á þeim sem heimilisfastir eru hér á landi að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað. Hið sama gildir um þá sem dvelja eða hafa starfað hér á landi lengur en samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili. Lögaðilar samkvæmt 2. gr. laganna, (þ.á m. þrotabú og dánarbú) sem eru skráðir hér á landi á viðeigandi hátt bera sömu skyldu, þ.e.a.s. að greiða tekjuskatt af öllum tekjum, hvar sem þeirra er aflað. Í 3. gr. laganna eru taldir þeir sem bera takmarkaða skattskyldu. Samkvæmt ákvæðinu bera þeir takmarkaða skattskyldu sem 1. og 2. gr. taka ekki til eða eru undanþegnir

---

<sup>27</sup> Preparation for Oil Exploration, Report of the Hydrocarbon Planning Commission, bls. 264.

skattskyldu samkvæmt 4. gr. Er þar m.a. um að ræða alla menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín, jafnvel þótt dvöl þeirra eða starf vari í 183 daga samfleytt eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili, sbr. 1. lið 3. gr. Hin takmarkaða skattskylda felst í því að þessir aðilar, og þeir aðilar aðrir sem tilgreindir eru í liðum 1-8, greiða aðeins tekjuskatt af þeim tekjum eða launum sem verða til eða er aflað hér á landi. Þannig greiða aðilar sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar, sbr. 4. lið, tekjuskatt af þeim tekjum en ekki öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað eins og þeir gerðu ef þeir bæru fulla skattskyldu.

Í II. kafla laganna er fjallað um skattskyldar tekjur. Samkvæmt 7. gr. eru skattskyldar tekjur, með þeim undantekningum og takmörkunum sem lögin greina, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær koma eða í hvaða formi þær eru. Síðari ákvæði II. kafla fjalla síðan nánar um hin mismunandi form tekna sem undir ákvæði kaflans heyra.

Eins og fram kemur í kafla 3.2 fela færeysku lögin um kolvetnisskatt ekki í sér breytingu á ótakmarkaðri skattskyldu manna og lögaðila. Þau fela heldur ekki í sér breytingu á þeirri reglu að þeir sem bera takmarkaða skattskyldu greiða ekki skatt af öllum tekjum sínum, eingöngu þeim sem hin takmarkaða skattskylda tekur til. Þau víkka skattskyldu hins vegar að því leyti að þeir sem bera takmarkaða skattskyldu greiða af tekjum sem stafa af kolvetnisstarfsemi hvar sem þeirra er aflað. Það sem skiptir máli er að þær verða til vegna kolvetnisstarfsemi. Þetta þýðir því að tekjur vegna kolvetnisstarfsemi sem eru greiddar frá öðru landi verða skattlagðar um leið og þær falla til, skattlagningin bíður með öðrum orðum ekki þar til skattskyldan verður ótakmörkuð vegna dvalar eða starfs í landinu í tiltekinn tíma.

Ef útvíkka á skattskyldu frá því sem gildandi lög mæla fyrir um, kemur til greina að fylgja dæmi Færeyinga og skilgreina einn tekjuflokk samkvæmt lögnum sem tekjur af kolvetnisstarfsemi og mæla fyrir sérstaklega um skattskyldu slíkra tekna. Þetta mætti hugsanlega gera með því að bæta ákvæði við 3. gr. um takmarkaða skattskyldu af slíkum tekjum en jafnframt að ákvæði 1. gr. um að ekki skipti máli hvar þeirra sé aflað eigi við um þessar tekjur. Hin leiðin væri að kveða á um þetta í sérstökum lögum. Þetta verður að skoða með tilliti til þess hvort gera þarf frekari breytingar á lögnum þannig að betur fari á að setja heildarlög um kolvetnisskatt í stað þess að hafa mörg undanþáguákvæði í almennu lögnum.

Það er grundvallaratriði í framangreindri nálgun að skilgreina skattskylduna útfrá þeirri starfsemi sem skapar hinar skattlögðu tekjur. Armur íslenskra skattalaga nær hins vegar ekki til allrar slíkrar starfsemi þar sem hún getur skarast við starfsemi annarra ríkja. Í þessu sambandi er einnig vísað til þess að færeysku lögin náðu ekki til „*off-shore*“ starfsemi. Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignaskatt tekur skattskylda til þeirra sem dvelja, njóta launa fyrir störf sín eða reka fasta starfsstöð hér á landi. Til samanburðar má nefna að tekið er fram í lögum um mat á umhverfisáhrifum að þau taki til framkvæmda samkvæmt lögnum hvort heldur er á landi, í landhengi, lofthelgi eða í mengunarlögsögu Íslands. Hér virðist því nauðsynlegt að skilgreina landfræðileg mörk og kveða á um skattheimildir á grundvelli samninga við önnur ríki. Færeysku

lögin gera það ágætlega í liðum 1-3 í 1. gr. laganna þar sem kveðið er á um skattlagningu slíkra tekna á færeysku yfirráðasvæði og jafnvel á öðrum svæðum sem hafa tiltekin tengsl við starfsemi á færeyskum svæðum og samið hefur verið um að lúti færeyskum lögum.

Í III. kafla laga nr. 90/2003 kemur fram hvaða kostnað megi draga frá tekjum. Tekjuskattstofninn er skilgreindur í V. kafla laganna. Þar segir í 61. gr. að tekjuskattstofn lögaðila, sbr. 2. gr. teljist tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður í 31. gr. Hið sama gildir um tekjustofn manna sem ekki hafa með höndum atvinnustarfsemi eða sjálfstæða starfsemi og byggir frádráttur þá á ákvæðum 30. gr. Mun umfjöllun um þau atriði sem helst koma til álita m.t.t. kolvetnisskatts einkum snúast um stöðu lögaðila í þessum efnum. Einkum verður litið til þeirra atriða sem þarfnast skoðunar m.v. þá leið sem Færeyingar fóru í lagasetningu um kolvetnisskatt.

Eins og áður greinir teljast skattskyldar tekjur, með þeim undantekningum sem lögin greina, hvers konar gæði, arður laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, sbr. 7. gr. laganna. Lögin munu að óbreyttu taka til tekna sem stafa af kolvetnisstarfsemi með sama hætti og annarra tekna, a.m.k. að svo miklu leyti sem lögin ná til slíkrar starfsemi. Lög Færeyinga um kolvetnisskatt eru frábrugðin þessu almenna ákvæði þar sem þau taka eingöngu til tekna sem stafa af tiltekinni starfsemi. Aðrar tekjur viðkomandi fyrirtækis lúta hins vegar ákvæðum almennu laganna.

Samkvæmt B-lið 7. gr. taka lögin meðal annars til allra tekna af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknarir o.fl. Það sem skiptir máli hér er að skattskyldan miðast við endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu. Verður að gera ráð fyrir að hér sé átt við það sem að framan hefur verið nefnt söluverð samkvæmt reikningi. Hér kæmi því til álita hvort efni standa til að heimila skattyfirvöldum að leggja markaðsverð til grundvallar í undantekningartilvikum.

Frá tekjum lögaðila er, sbr. 31. gr., heimilt að draga rekstrarkostnað frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri. Hér er enginn greinarmunur gerður á uppruna teknanna. Ef takmarka á frádrátt við kostnað sem stafar af kolvetnisstarfsemi þarf að mæla sérstaklega fyrir um slíkar takmarkanir.

Af öðrum efnisatriðum II. kafla færeysku laganna um útreikning tekjuskatts má nefna að samkvæmt 32. gr. íslensku laganna er heimilt að færa niður eignir á því ári sem þær myndast eða með jöfnum fjárhæðum á 5 árum. Þá eru í 31. gr. heimildir til frádráttar vegna rekstrartaps o. fl. Miðað við niðurstöðu Færeyinga í þessum efnum þyrfti að aðlaga þessar reglur að rekstrarumhverfi olíufyrirtækjanna. Sama verður sagt um vaxtagjöld en þau eru frádráttarbær samkvæmt 49. gr. Önnur vandamál samfara skattlagningu þessara starfsemi eiga væntanlega einnig við hér og þarfnast sérstakrar skoðunar, s.s. gildandi tvísköttunarsamningar og eftir atvikum gerð nýrra slíkra samninga.

Samkvæmt 71. gr. laganna skulu lögaðilar greiða skatta sem nema 18% af tekjuskattstofni. Þar eru þó undantekningar á sem ekki verða raktar hér. Eins og fram kemur í kafla 3 hér að framan var gengið út frá því í Færeyjum að kolvetnisskattur jafngilti fyrirtækjaskatti í landinu. Er það einn þáttur í heildarskattlagningu og gjaldtöku af kolvetnisvinnslu þar í landi en mikil áhersla var á það lögð að olíufyrirtækin gætu séð fyrir heildarmyndina að þessu leyti. Álagðir skattar verða þar hæstir 57,1%, sbr. kafla 3.3. Skattprósenta hér er töluvert lægri en í Færeyjum og í öðrum nágrannaríkjum. Lægri skattprósenta er auðvitað aðlaðandi fyrir olíufyrirtæki á samkeppnismarkaði. Hér komum við aftur að því að kröfur íslenskra stjórnvalda um hlutdeild í hagnaði liggja ekki fyrir. Ef framangreind niðurstaða Færeyinga er lögð til grundvallar er hins vegar ljóst að hækka þarf fyrirtækjaskattinn eða auka hlutfall hins sérstaka kolvetnisskatts í heildarskattlagningu.

### 4.3 Sérstakur kolvetnisskattur

Samkvæmt þessari stuttu skoðun á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er þörf á endurskoðun laganna m.t.t. kolvetnisstarfsemi. Auk nauðsynlegra breytinga á þeim lögum eða setningu sérlaga um kolvetnisskatt þarf einnig að taka afstöðu til þess hvort leggja skuli á sérstakan olíuskatt. Tekjuskattur lögaðila á Íslandi er 18% sem er lægra en víðast annars staðar og var væntanlega ekki ákveðið með möguleika á skattlagningu olíutekna í huga. Áður er fjallað um sérstöðu kolvetnisstarfsemi í hagnaðarlegu tilliti. Spurningin verður því hvort íslensk stjórnvöld hyggjast öðlast meiri hlutdeild í hagnaði en sem svarar fyrirtækjaskatti, hvort sem hann verður óbreyttur fyrir alla starfsemi í landinu eða færður nær því sem tíðkast á samkeppnismarkaðinum að því er þessa starfsemi varðar.

Hér vaknar sú spurning hvort rétt sé að fresta því að taka afstöðu til þess hvort leggja beri á sérstakan olíuskatt og útfæra hann. Eins og áður segir að þarf að ákveða hvort hærri skattur verði lagður á olíufyrirtæki en önnur fyrirtæki sem hafa starfsemi í landinu. Á það ber að líta að það kemur örugglega ekki til álagningar sérstaks skatts fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Á þessari stundu er heldur ekki vitað fyrir víst að vinnsla kolvetnis og tekjur af henni muni verða að veruleika. Það má því færa fyrir því rök að sjá hvað setur og geyma dýra vinnu við útfærslu slíks skatts þangað til við vitað verður hvort hennar verður þörf. Olíufyrirtækin kunna einnig að líta það jákvæðum augum að slíkur skattur hafi ekki verið lagður á hér á landi og ákveðið á þeim forsendum að beina sjónum sínum að íslenskum svæðum en eins og áður er vikið að er skattaumhverfi ein meginforsenda ákvörðunar um að sækjast eftir rannsóknar- og vinnsluleyfi á tilteknum stöðum. Það er hefur hins vegar einnig verið rætt um það að olíufyrirtækin vita að þau munu verða skattlögð og að þau vilja frekar geta gert sér grein fyrir því hver staða þeirra muni verða heldur en að þurfa að bregðast við nýju umhverfi loksins þegar vinna þeirra er farin að skila einhverjum tekjum. Það getur því einnig haft neikvæð áhrif ef við erum ekki tilbúin að þessu leyti, eða getum a.m.k. gefið út meginlínurnar í þessum efnum.

## 5 Lokaorð

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu tegundum skatta og gjalda sem hafa verið lögð á í tengslum við rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Einnig hefur verið skoðað hvaða leiðir nágrannaríkin, einkum Færeyjar hafa farið í þessum efnum. Athuginin hefur leitt í ljós mismunandi útfærslur eða samsetningu leyfisgjalda, svæðisgjalda og framleiðslugjalda, kolvetnisskatts og sérstaks kolvetnisskatts.

Ekki liggur fyrir hvaða forsendur íslensk stjórnvöld munu leggja til grundvallar. Hér hefur verið gert ráð fyrir að við færum svipaðar leiðir og Færeyingar. Er það í samræmi við þá ákvörðun að við undirbúning staðlaðs rannsóknar- og vinnsluleyfis verði einkum horft til efnisatriða færeyskra leyfa. Stutt samantekt um íslensk lög m.t.t. færeyskra laga um kolvetnisstarfsemi sýnir að sömu atriði þarfnast skoðunar hér og í Færeyjum. Hvort fylgja ber þeirra fordæmi og setja sérlög um kolvetnisskatt eða gera viðeigandi breytingar á almennum skattalögum mun nánari rannsókn leiða í ljós. Hins vegar verður að telja óhætt að treysta þeirri niðurstöðu Færeyinga að ákvarðanir í þessum efnum verða að taka mið hver af annari. Á meðan ekki liggur fyrir hvort og þá hversu há framleiðslugjöld munu verða er erfitt að taka endanlega ákvörðun um hvort tekjuskattur vegna kolvetnisstarfsemi skuli samsvara fyrirtækjaskatti, sbr. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt eða lúta sérreglum. Sömuleiðis verður að taka tillit til heildarmyndarinnar við ákvörðun um hvort leggja skuli á sérstakan kolvetnisskatt og þá hversu hár hann skuli vera.

Samkvæmt framansögðu verður ýmislegt lært af vinnu Færeyinga í þessum efnum. Þannig er rétt að skoða nánar helstu atriði kolvetnisskattalaganna og laganna um sérstakan kolvetnisskatt þegar að því kemur að endurskoða íslensk skattalög. Fyrirmyndin liggur ekki síður í vinnulaginu sem fólst í því að draga fram þau álitaefni sem tengdust viðfangsefninu og leysa þau á meðan á undirbúningi staðlaðra leyfa stóð þannig að unnt yrði að leggja heildarmat á niðurstöðu allra þátta.

Í fyrstu drögum að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi eru nokkur ákvæði sem lúta að sköttum og gjöldum að því marki sem unnt er að móta slíkar reglur á þessu stigi málsins. Þar er því ekki gerð tillaga um hversu há slík gjöld eigi að vera, það verður ekki ákveðið fyrr en skattahliðin hefur fengið viðeigandi umfjöllun. Greinargerð þessi er stutt yfirlit á grundvelli meginsjónarmiða sem byggt var á í Færeyjum og er henni ætlað að opna umræðuna um skattlagningu hugsanlegra tekna vegna kolvetnisvinnslu á íslensku yfirráðasvæði. Ljóst er að mikil stefnumótunarvinna er fyrir höndum og í framhaldinu vinna við að koma stefnu stjórnvalda í þessum málum í lagalegan búning. Er því lagt til hér að framhald málsins verði unnið í samvinnu við fjármálaráðuneytið og sérfræðinga í skattarétti.



## V. Hluti

### Greinargerð um umhverfis- og vinnuöryggismál

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	95
2	UMHVERFISSJÓNARMÍÐ SAMKVÆMT LÖGUM NR. 13/2001, UM LEIT RANNSÓKNIR OG VINNSLU KOLVETNIS.....	96
	2.1 Inngangur.....	96
	2.2 Þáttur í umsóknarferlinu.....	96
	2.3 Mat á umhverfisáhrifum.....	97
	2.4 Lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.....	98
	2.4.1 Markmið gildissvið og málsmeðferð.....	98
	2.4.2 Matsskyldar framkvæmdir.....	98
	2.4.3 Frumvarp til breytinga á lögum nr. 106/2000.....	101
	2.5 Grunnupplýsingar (e: <i>Baseline research</i> ).....	102
	2.6 Skyldur leyfishafa.....	104
3	ÖNNUR LÖG ÞAR SEM UMHVERFISSJÓNARMÍÐ KOMA VIÐ SÖGU.....	105
	3.1 Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.....	105
	3.1.1 Markmið, gildissvið og skilgreiningar.....	105
	3.1.2 Stjórnsýsla.....	106
	3.1.3 Framkvæmd.....	106
	3.1.4 Starfsleyfi.....	107
	3.1.5 Samantekt.....	108
	3.2 Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.....	109
	3.2.1 Markmið og gildissvið.....	109
	3.2.2 Stjórnsýsla.....	109
	3.3 Lög nr. 44/1999, um náttúruvernd.....	110
	3.3.1 Markmið og gildissvið.....	110
	3.3.2 Stjórnsýsla.....	110
	3.3.3 Lögin og kolvetnisstarfsemi.....	111
4	LÖG ÞAR SEM ÖRYGGISSJÓNARMÍÐ KOMA VIÐ SÖGU.....	112
	4.1 Lög nr. 13/2002, um leit rannsóknir og vinnslu kolvetnis og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.....	112
	4.2 Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.....	113
	4.2.1 Markmið, gildissvið og efni.....	113
	4.2.2 Stjórnsýsla.....	114
5	STJÓRNSÝSLA OG KOLVETNISSTARFSEMI.....	115
	5.1 Lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.....	115
	5.1.1 Almennt um valdsvið og verkefni iðnaðarráðherra og Orkustofnunar.....	115
	5.1.2 Stjórnsýsla á sviði umhverfis- og öryggismála.....	116
	5.2 Stjórnsýsla samkvæmt öðrum lögum.....	116
	5.3 Mótun reglna.....	118

# 1 Inngangur

Í lögum nr. 13/2001, um leit rannsóknir og vinnslu kolvetnis, er fjallað á heildstæðan hátt um kolvetnisstarfsemi. Iðnaðarráðherra hefur almenna reglugerðarheimild um framkvæmd laganna og til að setja reglur um einstaka þætti kolvetnisstarfsemi. Þá eru ýmsir þættir starfseminnar háðir leyfi eða samþykki iðnaðarráðherra. Í V. kafla laganna eru ákvæði um umhverfis- og vinnuöryggismál.

Í 21. gr. um umhverfissjónarmið segir:

„Við veitingu leyfis skv. III. og IV. kafla skal þess gætt að nýting auðlindanna sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni“.

Í 22. gr. um öryggisráðstafanir segir:

„Við kolvetnisstarfsemi skal gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar til kolvetnisstarfsemi á hverjum tíma, m.a. hvað varðar tæknibúnað og vinnuferli.

Leyfishafi og aðrir sem stunda kolvetnisstarfsemi skulu stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöð og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi fullnægi gildandi lögum.

Leyfishafi skal sjá til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón eða draga úr afleiðingum tjóns sem orðið hefur, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur um hafstöðvar.“

Við kolvetnisstarfsemi getur reynt á ýmsa þætti sem snerta umhverfi og vinnuöryggi og lúta ákvæðum annarra laga, s.s. laga um mat á umhverfisáhrifum, laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í kafla 2 verður fjallað um umhverfissjónarmið samkvæmt lögum nr. 13/2001 og í kafla 3 um önnur lög sem snúa að umhverfismálum. Vinnuöryggismál eru umfjöllunarefni 4. kafla.

## 2 Umhverfissjónarmið samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit rannsóknir og vinnslu kolvetnis

### 2.1 Inngangur

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 13/2001 má einungis veita leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni aðilum sem að mati iðnaðarráðherra hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til þess að annast þessa starfsemi. Samkvæmt 21. gr. skal þess gætt við veitingu slíkra leyfa að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Í þessum kafla verður leitast við að greina hvað felst í því að taka tillit til umhverfissjónarmiða samkvæmt lögnum og tengsl við lög um mat á umhverfisáhrifum.

### 2.2 Þáttur í umsóknarferlinu

Í athugasemd við 7. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 13/2001<sup>28</sup> er tekið fram að í 5. gr. tilskipunar 94/22/EB sé meðal annars við það miðað að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að leyfi séu einungis veitt á grundvelli viðmiðana sem varða a) tæknilegt og fjárhagslegt bolmagn fyrirtækja og b) hvernig þau hyggjast standa að leit, rannsóknum og/eða vinnslu á svæðinu sem um ræðir. Oftast munu hugtökin sérþekking og reynsla vera notuð yfir **tæknilega** þekkingu og reynslu. Hér er athugunarefni hvort viðmiðanir samkvæmt tilskipuninni taka aðeins til tæknilegra atriða eða hvort þar er einnig um að ræða kröfur um sérþekkingu í **umhverfismálum** og að leyfi verði aðeins veitt aðilum sem uppfylla slíkar kröfur. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að aðildarríkin mega, sbr. 2. mgr. 6. gr. fyrirnefndrar tilskipunar, setja skilyrði og gera kröfur um hvernig starfsemin er stunduð að svo miklu leyti sem hægt er að rökstyðja það, meðal annars með tilliti til umhverfissjónarmiða, verndunar lífrænna auðlinda og öryggi mannvirkja og starfsmanna.

Í nágrannalöndunum hafa verið gerðar kröfur um að umsækjendur um rannsóknar- og vinnsluleyfi geri grein fyrir viðhorfi sínu til umhverfisverndar, þekkingu og reynslu í þeim efnum. Þegar um leyfisútböð er að ræða er þetta tekið fram í auglýsingu og er meðal viðmiðana sem litið er til við val á umsækjendum. Ekki er ástæða til að ætla að þetta horfi öðru vísi við þótt um leyfi án auglýsingar (e: *opin door*) sé að ræða. Lög nr. 13/2001 gilda jafnt um leyfi og leyfisútböð, þ. á m. ákvæði 21. gr. um umhverfissjónarmið og ákvæði 7. gr. sem kveður á um að óheimilt sé að veita leyfi aðilum sem ekki hafa nægilega sérþekkingu og reynslu til að annast slíka starfsemi.

---

<sup>28</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda, 126. löggj., þskj. 182, 175. mál.

## 2.3 Mat á umhverfisáhrifum

Leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis verður þannig ekki veitt nema umsækjandi uppfylli ákveðnar kröfur. Leyfisveiting er einnig háð því að upplýsingar liggi fyrir um líkleg áhrif viðkomandi starfsemi á umhverfið. Upplýsingar í umsókn eru þó ekki mat á umhverfisáhrifum. Vaknar því sú spurning hvenær og hvernig eiginlegt mat á umhverfisáhrifum vegna starfsemi á grundvelli laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetna fer fram. Er hér um að ræða heildstæða starfsemi sem meta verður strax í upphafi eða er frekar um að ræða mat vegna einstakra þátta eftir því sem verkinu miðar? Það mælir með seinni möguleikanum að það kann að vera ótímabært að meta áhrif vinnsluþáttar starfseminnar áður en nokkur rannsóknarhola hefur verið boruð og áður en staðreynt hefur verið að kolvetni sé til staðar í vinnanlegu magni á tilteknu svæði. Virðist því rökrétt að meta einstaka þætti þegar og ef til þess kemur að viðkomandi þáttur starfseminnar muni raunverulega eiga sér stað.

Lög nr. 13/2001 krefjast leyfis eða samþykkis iðnaðarráðherra fyrir einstökum áföngum kolvetnisstarfsemi. Samkvæmt 21. gr. laganna ber að taka tillit til umhverfissjónarmiða við veitingu leyfa. Spurningin er með hvaða hætti ráðherra uppfyllir þessa kröfu 21. gr. Ákvæði þessu var breytt við meðferð frumvarpsins á Alþingi. Upphaflega var kveðið á um að gæta skyldi ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum við veitingu leyfis eða samþykkis fyrir starfsemi samkvæmt lögnum. Samkvæmt athugasemd við þessa grein frumvarpsins var því ljóst að leyfi eða samþykki iðnaðarráðherra fyrir starfsemi samkvæmt lögnum væri ávallt háð því að mat á umhverfisáhrifum hefði farið fram samkvæmt lögum þar að lútandi þegar við ætti.<sup>29</sup> Iðnaðarnefnd gerði athugasemd við þetta ákvæði frumvarpsins í nefndaráli og benti á það að hér væri um að ræða framkvæmdir sem væru „matsskyldar samkvæmt ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, hvort sem þess [væri] getið í frumvarpinu sjálfu eða ekki.“<sup>30</sup> Var ákvæðið því fellt niður og tekið upp ákvæði um umhverfissjónarmið í víðtækri merkingu, sbr. núgildandi 21. gr. Með vísan til framangreinds er ljóst að framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 13/2001 eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Eftir stendur hins vegar spurningin hvort mat á umhverfisáhrifum skuli taka til starfseminnar í heild. Þegar rannsóknar- og vinnsluleyfi er veitt er hins vegar óvíst hvort það verður framlengt með tilliti til vinnslu og þar með ekki hvort hluti starfseminnar muni eiga sér stað. Þá er í lögum nr. 13/2001 gert ráð fyrir að veitt verði leyfi eða samþykki fyrir einstökum þáttum starfseminnar. Er því ástæða til að skoða nánar hvaða framkvæmdir eru matsskyldar og hvort meta beri umhverfisáhrif þeirra í tengslum við leyfi hvers þáttar fyrir sig.

---

<sup>29</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda, 126. löggj., þskj. 182, 175. mál.

<sup>30</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda, 126. löggj., þskj. 733, 175. mál.

## 2.4 Lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum

### 2.4.1 Markmið gildissvið og málsmeðferð

Lögin gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi, lofthelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

Markmið laganna er:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- b. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið,
- c. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.”

Sé fyrirhuguð framkvæmd matsskyld samkvæmt lögnum skal framkvæmdaraðili gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Hann skal síðan gera skýrslu um mat á umhverfisáhrifum þar sem tilgreind eru áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu, sbr. 8. gr. laganna. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggja til grundvallar matinu, þeim þáttum framkvæmdarinnar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir og fyrirhuguðum mótvægisáhrifum. Skipulagsstofnun kynnir síðan hina fyrirhuguðu framkvæmd, leitar viðeigandi umsagna, sbr. 10. gr., og tekur í framhaldinu ákvörðun um hvort fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, eða lagst er gegn henni vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa, sbr. 11. gr. Framkvæmdaraðili er samkvæmt 14. gr. ábyrgur fyrir mati á umhverfisáhrifum og ber kostnað af matinu. Samkvæmt 16. gr. er óheimilt að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og skal leyfisveitandi taka tillit til hans.

### 2.4.2 Matsskyldar framkvæmdir

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eru framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lögin ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Þar á meðal eru olíuhreinsunarstöðvar og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir, sbr. 1. tölul. Hið sama gildir um vinnslu á meira en

500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 m<sup>3</sup> af jarðgasi á dag, sbr. 16. tölul., og geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000m<sup>3</sup> geymslugetu eða meira.

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum skulu samkvæmt 6. gr. laganna háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar samkvæmt viðmiðunum 3. viðauka. Hér er m.a. um að ræða jarðvarmavirkjanir ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir, sbr. 2. tölul. d, og leiðslur til flutnings á olíu og gasi á verndarsvæðum.

Í 4. kafla færeysku laganna um kolvetnisstarfsemi, nr. 31/1998, eru ákvæði um mat á umhverfisáhrifum. Þar er sérstaklega tekið fram í 1. mgr. 23. gr. að leyfi eða samþykki samkvæmt tilteknum ákvæðum laganna megji aðeins veita að teknu tilliti til mats á áhrifum viðkomandi framkvæmda og eftir að almenningur og stjórnvöld hafi haft tækifæri til þess að láta skoðun sína í ljós. Hér er um að ræða boranir, hafstöðvar, leiðslubúnað og lokun hafstöðva. Í 3. mgr. 15. gr. segir jafnframt að í framkvæmda- og vinnsluáætlun skuli meðal annars vera upplýsingar um og mat á áhrifum starfseminnar á umhverfið. Hið sama gildir um áætlun um lokun hafstöðva, sbr. 1. mgr. 21. gr. Lögin kveða með öðrum orðum sjálf á um hvaða framkvæmdir samkvæmt lögum skulu háðar mati á umhverfisáhrifum.

Íslensku lögin um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetna mæla ekki á sama hátt fyrir um matsskyldu einstakra þátta kolvetnisstarfsemi heldur fer um matsskyldu og málsmeðferð eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum. Lögin kveða hins vegar á um leyfi ráðherra fyrir tilteknum þáttum starfseminnar. Þannig mega boranir ekki hefjast fyrr en iðnaðarráðherra hefur samþykkt búnað, áætlun um borun og starfsfyrirkomulag, sbr. 14. gr. Byggingu og uppsetningu hafstöðvar og vinnslu kolvetnis má einungis hefja að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, sbr. 1. mgr. 15. gr., og vilji leyfishafi hefja slíka starfsemi skal hann, skv. 2. mgr. sömu greinar, leggja framkvæmda- og vinnsluáætlun fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar. Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis er háð leyfi iðnaðarráðherra, sbr. 1. mgr. 17. gr., og lokun hafstöðvar er, samkvæmt 1. mgr. 16. gr., háð samþykki iðnaðarráðherra. Leyfishafi skal leggja áætlun um lokun hafstöðvar fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig staðið verði að lokun. Áður hefur verið vikið að forsögu 21. gr. þar sem ákveðin tenging var gerð milli leyfa og samþykkis annars vegar og mats á umhverfisáhrifum hins vegar. Af því má draga þá ályktun að meta beri sérstaklega áhrif einstakra þátta kolvetnisstarfsemi sem eru háðir leyfi eða samþykki ráðherra og eru matsskyldir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 106/2000 er óheimilt að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Hér þarf því að greina betur hvaða þættir eru matsskyldir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og hvort ástæða er til að endurskoða viðauka laganna m.t.t. kolvetnisstarfsemi.

Matsskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum koma, eins og áður segir, fram í 1. og 2. viðauka laganna. Olíuhreinsunarstöðvar sem eru matskyldar skv. 1. tölul. 1. viðauka eru ekki til skoðunar í þessu verkefni. Hins vegar er vinnsla kolvetnis matsskyld, sbr. 16. tölul. 1. viðauka (vinnsla á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu). Sömu leiðis leiðslur til flutnings á olíu og gasi, sbr. f-lið 10. tölul., ef verndarsvæði er að ræða. Meiri vafi er á hvort um getur verið að ræða jarðvarma-virkjanir ofanjarðar til að nema jarðolíu, sbr. d-lið 2. tölul. 2. viðauka. Einnig getur komið til matsskyldu á grundvelli 23. tölul. 1. viðauka, geymslustöðvar fyrir jarðolíu með 50.000 m<sup>3</sup> geymslugetu eða meira, t.d. ef slík geymslustöð er partur af hafstöð.

Kolvetnisstarfsemi skiptist í stórum dráttum í fjóra meginflokka, leit, rannsóknir, vinnsla og lokun hafstöðva, (e: *preliminary surveys, exploration and appraisal, development and production, decommissioning*). Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið virðist aðeins vinnsluþátturinn vera matsskyldur samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í þessu sambandi má benda á að gert er ráð fyrir því í drögum að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi að umsókn leyfishafa um framlengingu leyfis vegna vinnslu fylgi yfirlýsing sem m.a. taki til umhverfissjónarmiða, sbr. 5. gr. Framkvæmda- og vinnsluáætlun skal einnig fela í sér mat á áhrifum vinnslu, þ. m. t. geymslu og flutnings, á ýmsa umhverfisþætti, sbr. 6. gr. Ef sá skilningur<sup>31</sup> er lagður til grundvallar fellur leiðslubúnaður undir vinnsluþáttinn og tilheyrir þannig mati á umhverfisáhrifum vinnslu kolvetnis. Leiðslubúnaður á verndarsvæðum er einnig matsskyldur. Aðrir þættir, s.s. leit, boranir á rannsóknartímanum og lokun hafstöðva virðist hins vegar ekki matsskyldir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Áður hefur verið fjallað um áskilnað um samþykki eða leyfi ráðherra fyrir leit, borunum, uppsetningu hafstöðva og vinnslu og lokun hafstöðva. Einnig hefur komið fram að leyfi eða samþykki iðnaðarráðherra fyrir matsskyldri starfsemi samkvæmt lögnum er ávallt háð því að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þar að lútandi þegar við á. Þar sem viðaukarnir taka ekki til framangreindra þátta kolvetnisstarfsemi þá er spurning hvort ráðherra getur gefið leyfi og samþykkt leit, boranir og lokun hafstöðva án þess að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum. Það virðist vera niðurstaðan ef horft er á það hvaða starfsemi er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar má halda því fram að þar sem áskilið er leyfi eða samþykki ráðherra sé um starfsemi að ræða sem vegna eðlis og umfangs kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. a-lið 1. gr. og 6. gr. laga nr. 106/2000. Hljóti því þeir þættir sem svo er ástatt um að vera matsskyldir. Fyrirmæli í færeysku kolvetnislögnum, um að mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram áður en veitt verður leyfi eða samþykki vegna borana á rannsóknartímanum, leiðslubúnaðar og lokunar hafstöðva, byggja á slíkum sjónarmiðum. Ákvæði 23. gr. þeirra laga vísar hins vegar ekki til ákvæða um leit. Leitin er því ekki matsskyld samkvæmt færeysku lögnum.<sup>32</sup> Hjá því verður þó ekki litið að þessir þættir starfseminnar eru ekki meðal þeirra framkvæmda sem 1. og 2. viðauki taka til. Þótt rök standi til þess, einkum að því er

---

<sup>31</sup> Í drögum að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi er byggt á færeyskri fyrirmynd að þessu leyti.

<sup>32</sup> Ekki mun hafa farið fram mat á umhverfisáhrifum áður en leitarleyfi var veitt á Íslandi.



snertir boranir og lokun hafstöðva, þá virðast þeir að óbreyttum lögum ekki matsskyldir.

Með vísan til framangreinds er ástæða til að skoða nánar hvort efni standi til að kveða með skýrum hætti um að þær framkvæmdir sem ráðherra þarf að samþykkja samkvæmt lögum nr. 13/2001 séu matsskyldar. Kemur þar til greina að fara þá leið sem farin var í Færeyjum, þ.e.a.s. með sérákvæði í kolvetnislögunum. Við setningu laga nr. 13/2001 var lögð áhersla á að um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis giltu önnur lög sem kynnu að varða starfsemina, þ. á m. lög um mat á umhverfisáhrifum. Þannig var ákveðið að fara ekki sömu leið og Færeyingar. Vegna þeirrar stöðu sem að framan er rakin er tilefni til að athuga hvort viðaukar laga um mat á umhverfisáhrifum taki nægjanlega tillit til kolvetnisstarfsemi. Engar breytingar að þessu leyti eru ráðgerðar í frumvarpi sem lagt hefur verið fram til breytinga á lögum nr. 106/2000.

Samkvæmt framansögðu er staðan þessi: Ýmsir þættir kolvetnisstarfsemi eru háðir sérstöku leyfi ráðherra. Ráðherra ber að taka mið af umhverfissjónarmiðum við veitingu leyfa. Ef það þýðir að fram skuli fara mat á umhverfisáhrifum í tengslum við leyfi, sbr 21. gr., fer slíkt mat fram á grundvelli laga nr. 106/2000. Eins og áður hefur verið rakið er þó ekki víst að allir leyfisskyldir þættir samkvæmt lögum nr. 13/2001 séu matsskyldir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ef tryggja á að einstakir þættir verði matsskyldir verður þarf annað hvort að gera breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum eða að mæla sérstaklega fyrir á um matskyldu í lögum nr. 13/2001.

#### 2.4.3 Frumvarp til breytinga á lögum nr. 106/2000<sup>33</sup>

Reglur um mat á umhverfisáhrifum byggjast á tilskipun ráðsins nr. 85/337/EBE, með síðari breytingum, nr. 97/11/EB, um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, kunna að hafa á umhverfið. Tilskipunin gerir ekki kröfu um að sett sé á fót sértakt matsferli óháð leyfisveitingaferli vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi. Kröfur hennar snúa að því að upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og samráðsferlið við stofnanir og almenning séu undanfari ákvörðunar um framkvæmdaleyfi og að þessi atriði séu tekin til umfjöllunar við ákvörðun þar um. Með öðrum orðum skal leyfisveitandi vera upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda.<sup>34</sup> Lög nr. 106/2000 ganga lengra að þessu leyti með því að hafa sérstök lög um matsferlið og með svokölluðu úrskurðarvaldi Skipulagsstofnunar. Hefur hið síðarnefnda valdið óvissu um hvort afstaða Skipulagsstofnunar getur bundið hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu leyfis til framkvæmda. Þetta breytist ef frumvarp sem lagt hefur verið fram um breytingu á lögum nr. 106/2000 verður að lögum. Samkvæmt frumvarpinu verður það hlutverk Skipulagsstofnunar að samræma gerð matsáætlana og matsskýrslna og treysta gæði þeirra en ekki að taka afstöðu til þess hvort fallast beri á eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hefur verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu. Slík ákvörðun

<sup>33</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda 131. löggj. Þskj. 241, 235, mál.

<sup>34</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda 131. löggj. Þskj. 241, 235, mál, almennar athugasemdir.

verður alfarið í höndum viðkomandi leyfisveitenda, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Hins vegar verður óheimilt að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd fyrir en álit Skipulagsstofnunar um þau atriði sem henni ber að fjalla um, liggur fyrir. Verði frumvarpið að lögum ber iðnaðarráðherra því að fjalla um álit Skipulagsstofnunar og taka afstöðu til þess og kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila. Þessar breytingar fela ekki í sér breytingu á því að fram fari mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, sbr. skýringu á 21. gr. laga nr. 21/2001, áður en leyfi verður veitt til framkvæmda. Það verður hins vegar skýrara að álit Skipulagsstofnunar bindur ekki hendur iðnaðarráðherra.

Í þessu sambandi má einnig spyrja hvort rétt sé að ganga lengra og taka mat á umhverfisáhrifum vegna kolvetnisstarfsemi út úr núverandi matsferli samkvæmt lögnum um mat á umhverfisáhrifum og nýta heimild tilskipunarinnar til að fella matið inn í leyfisveitingarferli vegna framkvæmda sem tengjast kolvetni.<sup>35</sup> Það myndi að öllum líkindum uppfylla kröfur tilskipunarinnar að iðnaðarráðherra tryggði að allar upplýsingar og athugasemdir kæmu fram áður en ákvörðun er tekin um veitingu leyfis. Matsskýrsla yrði þannig hluti af umsókn um viðkomandi leyfi og gæði matsskýrslu tryggð af iðnaðarráðuneytinu.

Eins og áður hefur verið rakið var það eindreginn vilji löggjafans að önnur viðeigandi lög giltu um kolvetnisstarfsemi, þ. á m. lög um mat á umhverfisáhrifum. Hefur það marga kosti að nýta reynslu sem Skipulagsstofnunar af umfjöllunum um matsskýrslur og að þurfa ekki að byggja upp slíka þekkingu í iðnaðarráðuneytinu. Ráðuneytið fær þannig í hendur hlutlausu umfjöllun til þess að taka afstöðu til. Ef frumvarpið til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum verður að lögum er tekinn af allur vafi um forræði ráðuneytisins á veitingu leyfa sem dregur úr þörfinni á að setja sérstakar reglur um kolvetni að þessu leyti.

## 2.5 Grunnupplýsingar (e: *Baseline research*)

Ef meta á hver umhverfisáhrif kolvetnisstarfsemi kemur til með að hafa á tiltekið svæði er nauðsynlegt að vita hvert ástand þess er áður en slík starfsemi hefst. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á nokkrum svæðum með það fyrir augum að kanna aðstæður með tilliti til kolvetnis og eru þær m.a. birtar í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins „*Leit að olíu við Ísland og á nálægum hafsbótum*“ sem kom út í október 1998. Samkvæmt lögum nr. 87/2003, um Orkustofnun er það m.a. hlutverk Orkustofnunar að standa fyrir rannsóknum á orkubúskap þjóðarinnar, á orkulindum landsins og hafsbotsins og á öðrum jarðrænum auðlindum, sbr. 2. tölul. Jafnframt að safna gögnum um þessar auðlindir, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og landsmanna, sbr. 3. tölul. 2. gr. Í samræmi við þetta hlutverk hefur Orkustofnun staðið fyrir rannsóknum og safnað slíkum upplýsingum. Auk þess að geyma upplýsingar m.t.t. nýtingar náttúruauðlinda má ýmislegt af þeim læra um ástand viðkomandi svæða m.t.t. ýmissa umhverfisþátta. Ýmsar aðrar opinberar stofnanir búa einnig yfir

---

<sup>35</sup> Hér má skoða mismunandi leiðir á Norðurlöndum

þekkingu og eiga gögn sem geta komið að gagni í þessu sambandi, s.s. Haf-  
rannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofan. Sem  
dæmi um slíka þætti má nefna veðurfar, sjávarlag, hafstrauma, ísafar og lífríki sjávar  
og hafsbots. Undirbúningur leyfisveitinga snýr því m.a. að því að taka saman  
upplýsingar af þessu tagi um líkleg leyfissvæði. Koma þær til með að mynda grunninn  
sem mat á hugsanlegum breytingum vegna starfseminnar miðast við.<sup>36</sup>

Gera verður ráð fyrir að fyrirliggjandi upplýsingar séu ekki tæmandi um ástand á því  
svæði sem sjónir manna beinast einkum að í dag. Er þá frekari rannsókna þörf einkum  
á þeim þáttum sem þykja líklegir til að geta orðið fyrir áhrifum af þeirri starfsemi sem  
hér um ræðir og með sérstakri áherslu á þá þætti sem eru í dag mikilvægir fyrir  
afkomu þjóðarbúsins eins og fiskveiðar.

Sem dæmi um grunnrannsóknir og upplýsingasöfnun má nefna undirbúningsvinnu  
Grænlandinga vegna leyfisútbóða sem nú standa yfir. Er þar í fyrsta lagi um að ræða  
samantekt BMP á ástandi viðkomandi svæða og forathugun á umhverfisáhrifum  
rannsókna og vinnslu á kolvetni (e: *A summary of the environment and a preliminary  
assessment of environmental impacts from exploration and development of hydrocarbon  
resources*). Í skýrslunni er umhverfi, þ. á m. lífríki viðkomandi svæða lýst og  
mögulegum áhrifum leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis á umhverfið. Jafnframt er í  
skýrslunni lagt til að gerðar verði frekari rannsóknir á áhrifum hinna ýmsu þátta  
starfseminnar. Þá hafa Grænlandingar tekið saman skýrslu um veðurfar, sjó og ísafar á  
þessum svæðum (e: *The Weather, Sea and Ice conditions offshore West Greenland*). Loks  
liggur fyrir svokallaður „*Environmental Oil Spill Sensitivity Atlas for the West Greenland  
Coastal Zone.*“

Undirbúningur kolvetnisstarfsemi felst, auk rannsókna og upplýsingasöfnunar um  
viðkomandi svæði, í því að gera sér grein fyrir þeim þáttum sem almennt geta haft  
áhrif á umhverfið. Ljóst er að leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis og lokun hafstöðva  
hafa mismunandi áhrif og hættu í för með sér og að lífríkið er misviðkvæmt fyrir  
þessum þáttum. Framangreind forathugun sem gerð var á vegum BMP í Grænlandi er  
gott dæmi um undirbúning af þessu tagi.

Samkvæmt framansögðu verða áhrif matsskyldrar framkvæmdar ekki metin nema  
fyrir liggi upplýsingar um ástand viðkomandi svæðis áður en til framkvæmda kemur.  
Áður en leyfi verða veitt verður því að safna fyrirliggjandi upplýsingum og afla þeirra  
að því leyti sem þær liggja ekki fyrir. Í því sambandi þarf að huga sérstaklega að þeim  
þáttum sem líklegir eru til þess að vera viðkvæmir fyrir framkvæmdinni þannig að  
koma megi í veg fyrir eða draga úr áhrifum framkvæmdar á viðkomandi svæði. Hér  
má geta þess að Norðmenn hafa útilokað opnun tiltekinna svæða vegna slíkra  
grunnupplýsinga. Ef afla þarf frekari upplýsinga þarf að taka afstöðu til þess hver skuli  
bera ábyrgð á öflun þeirra. Víðast er þessi skylda lögð á leyfishafa. Það verður þannig  
hluti skilmála hvers leyfis að afla þeirra upplýsinga sem vantar. Norðmenn hafa

---

<sup>36</sup> Í VII hluta skýrslunnar er yfirlit yfir þá þætti sem afla þarf upplýsinga um og tillögur um hvernig standa  
beri að söfnun þeirra, sbr. d-lið í verklýsingu verkefnisins.

sérstöðu að þessu leyti þar sem þeir hafa þegar viðtæka þekkingu á sínum svæðum og þurfa því ekki frekari rannsóknir.

## 2.6 Skyldur leyfishafa

Í 22. gr. laga nr. 13/2001 er fjallað um öryggisráðstafanir. Þar er kveðið á um að gæta skuli fyllsta öryggis við kolvetnisstarfsemi, öryggis á vinnustað og að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón eða draga úr afleiðingum þess. Fjallað verður um ákvæði 2. mgr. 22. gr., um öryggi á vinnustað, í kafla 4. Ákvæði 1. mgr. lagagreinarinnar kveður á um að gæta skuli fyllsta öryggis og þess að starfsemin uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar til kolvetnisstarfsemi á hverjum tíma, m.a. hvað varðar tæknibúnað og vinnuferli. Verður að líta svo á að þessi krafa eigi jafnt við um umhverfissjónarmið og vinnuöryggismál. Hið sama verður sagt um 3. mgr. sem leggur þá skyldu á leyfishafa að sjá til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón eða draga úr afleiðingum tjóns sem orðið hefur, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf. Krafa 21. gr. um að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða felur þannig í sér að leyfishafi verður bæði að sýna fram á það í matsskýrslu að hann uppfylli ákveðin viðmið í þessum efnum og haga starfseminni í samræmi við þær í framkvæmd

Hver eru þessi viðmið? Í þessu sambandi verður annars vegar að miða við þau sjónarmið sem oftast eru lögð til grundvallar í olíuiðnaðinum varðandi öryggismálefni og tæknileg atriði. Um þetta er fjallað í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 13/2001, um aðgæsluskyldu, þar sem segir að við rannsóknir og vinnslu á kolvetni skuli gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin sé í samræmi við góða alþjóðlega venju við svipaðar aðstæður. Hins vegar eru sjónarmið sem stjórnvöldum ber að leggja sérstaka áherslu á, sbr. 2. mgr. 13. gr., sem bannar leyfishafa að stofna til ónauðsynlegrar hættu eða leggja tálmanir á flutninga, flug, fiskveiðar eða aðra starfsemi. Meginmarkmiðið með ákvæðinu er að koma í veg fyrir að fiskveiðum verði raskað, sbr. athugasemd við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 13/2001.

## 3 Önnur lög þar sem umhverfissjónarmið koma við sögu

Hér að framan hefur verið fjallað um lög um mat á umhverfisáhrifum m.t.t. kolvetnisstarfsemi. Ýmis önnur lög varða slíka starfsemi og gilda þau um hana eftir því sem við á.

### 3.1 Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda

#### 3.1.1 Markmið, gildissvið og skilgreiningar

Lög nr. 33/2004 tóku gildi 1. október 2004. Í eldri lögum um þetta efni, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, voru sett í einn lagabálk ákvæði þeirra alþjóðasamninga um mengun sjávar sem Ísland hafði þá staðfest auk þess sem þau voru aðlöguð að síðari breytingum að þessu leyti. Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda byggja á þeim grunni.

Markmið laga um varnir gegn mengun hafs og stranda er, sbr. 1. gr. laganna, að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda. Þá er það markmið laganna að umhverfið fært til fyrra horfs eftir mengunaráhapp.

Gildissvið laganna kemur fram í 2. gr. þeirra. Samkvæmt henni taka lögini til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum hér á landi, í lofthelgi, í landhelgi og í mengunarlögsögu Íslands og getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki um þá. Sérlæg sem hér geta komið til greina eru t.d. lög um Siglingastofnun Íslands og siglingalög. Í þessu sambandi er bent á að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, er það m.a. verkefni stofnunarinnar að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerð samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.

Mengunarlögsaga er samkvæmt 3. gr. laganna hafsvæðið frá ytri mörkum landhelginna að ytri mörkum efnahagslögsögunnar og landgrunnsins og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Aðrar skilgreiningar 3. gr. sem skipta máli fyrir þá umfjöllun sem hér um ræðir eru:

**Olía** (13. tölul.): Vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þ.m.t. hráolía, svartolía, jurtaolía, olíuúrgangur og unnin olía.

**Losun** (7. tölul.): Þegar vísitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi. Það telst *ekki losun* þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið.

**Mengun** (9. tölul.): Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar.

**Varp** (24. tölul.): Þegar efnum eða hlutum er vísitandi eða af gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þ.m.t. þegar slíkum mannvirkjum er sökkt í hafið. Það telst *ekki varp* þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis starfa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið.

**Besta fáanleg tækni** (1. tölul.): Framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tæknin nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með „fáanlegri tækni“ er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með „bestu“ er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

Í I. viðauka með lögnum er listi yfir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum m.a. vegna eðlis starfseminnar. Á þeim lista eru olíuhreinsistöðvar, sbr. 20. tölul. og olíubirgðastöðvar, sbr. 25. tölul. Þá eru olíur, olíukennd kolvetni á lista yfir olíur og önnur efni sem hægt er að banna eða takmarka losun á í hafið, sbr. 5. tölul. II. viðauka.

### 3.1.2 Stjórnsýsla

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögnum að svo miklu leyti sem þau kveða ekki á um annað. Umhverfisstofnun, undir yfirstjórn umhverfisráðherra, hefur eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem þau mæla ekki fyrir um annað. Meðal hlutverka Umhverfisstofnunar er að sjá um að mengun hafs og stranda sé vöktuð. Stofnunin skal einnig sjá um gerð fræðsluefnis og fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur. Eftirlit með hafsvæðum umhverfis Íslands er hins vegar í höndum Landhelgisgæslu Íslands undir yfirstjórn dómsmálaráðherra en Siglingastofnun Íslands fer með eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna undir yfirstjórn samgönguráðherra.

### 3.1.3 Framkvæmd

Lögnum er skipt í tvo megin framkvæmdakafla. Annars vegar er kveðið almennt á um vernd hafs og stranda og hins vegar er að finna sérákvæði um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun sjávar. Í fyrri hlutanum er m.a. kveðið á um bann við losun og varpi efna og hluta í hafið, um ábyrgð einstaklinga og lögaðila og um tilkynninga-skyldu.

Samkvæmt 8. gr. er bein og óbein losun olíu frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum óheimil innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri. Varp efna og hluta í hafið er

óheimilt, sbr. 9. gr. Samkvæmt 7. gr. ber hver sá sem veldur mengun í mengunarlögsögu Íslands ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því tjóni sem rakið verður til mengunarinnar. Skal hann gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir hana eða draga úr henni. Samkvæmt 12. gr. er eigendum skipa eða skipstjórnarmönnum og eigendum eða rekstraraðilum vinnu- og borpalla á hafi úti skylt að tilkynna stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um alla losun, varp og mengun sem lögna ná til innan mengunarlögsögu Íslands.

Samkvæmt 6. gr. setur umhverfisráðherra í reglugerðir almenn ákvæði um verndun hafs og stranda, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Reglugerðirnar skulu settar í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra, samgönguráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við. Í greininni er talin upp í 24 liðum þau atriði sem sérstaklega skulu tiltekin í reglugerð, þ. á m. losun olíu og búnað skipa, palla og annarra mannvirkja á hafi úti til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu. Einnig skal í reglugerð mælt fyrir um eftirlit með þessum búnaði og hvernig skuli staðið að lagningu neðansjárleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni. Þá er í reglugerðum fjallað um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lög, varnir og viðbrögð við bráðamengun, rekstur mengunarvarnabúnaðar, upplýsingaskyldu og skyldu eftirlitsaðila til samvinnu. Í 6. gr. er einnig mælt fyrir um setningu reglugerðar um bann eða takmörkun á mengun frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL-samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að. Eru hér aðeins talin þau atriði samkvæmt a-y-lið 1. mgr. 6. gr. sem helst tengjast umfjöllun um kolvetnisvinnslu m.t.t. umhverfissjónarmiða. Í 2. mgr. 6. gr. er ráðherra heimilað að vísa í gildandi staðla í reglugerðum sem hann setur samkvæmt lögnum.

Hinn meginþáttur laganna fjallar, eins og áður segir, sérstaklega um bráðamengun. Er þar m.a. kveðið á um framkvæmd og stjórn á vettvangi og íhlutun vegna bráðamengunar. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á aðgerðum gegn bráðamengun utan hafnar-svæða og annast stjórn á vettvangi. Landhelgisgæslu Íslands er heimilt í samráði við Umhverfisstofnu að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu innan mengunarlögsögu Íslands til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun.

#### 3.1.4 Starfsleyfi

Reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig er vísað til laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar og fleiri laga sem reglugerðarheimilda. Reglugerðin gildir um undirbúning, innihald, auglýsingu og útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og fellur undir lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin gildir einnig um atvinnurekstur sem fellur undir lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Samkvæmt 29. gr. laga nr. 33/2004 halda reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1986 gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í bága við ákvæði laganna.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar skal allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun hafa gilt starfsleyfi, sbr. fylgiskjal 1, fylgiskjal 2 og I. viðauka reglugerðarinnar. Í fylgiskjali 1 er talinn sá atvinnurekstur sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi. Þar eru taldar olíuhreinsistöðvar, sbr. 20. tölul. og olíubirgðastöðvar, sbr. 24. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 105/2004, um breytingu á reglugerð nr. 785/1999.

Reglugerðin er eins og áður segir sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem mælt er fyrir um að ráðherra skuli setja í reglugerð almenn atriði um starfsleyfi. Samkvæmt 5. gr. a þeirra laga skal allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun hafa gilt starfsleyfi. Samkvæmt 6. gr. laganna gefur Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er upp í fylgiskjali með lögnum sem eru samhljóða fylgiskjölum reglugerðarinnar.

Ákvæði sambærileg 5. gr. a og 6. gr. laga nr. 7/1998 eru ekki í lögum nr. 33/2004. Lögin kveða því ekki á um að atvinnurekstur sem haft getur mengun í för með sér sé háður starfsleyfi. Lögin gera hins vegar ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsleyfi, að tiltekna áætlanir skuli liggja fyrir áður en starfsleyfi verði gefið út, sbr. 18.gr.,<sup>37</sup> og að Umhverfisstofnun geti afturkallað starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 22. gr. Í athugasemd við 6. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 33/2004<sup>38</sup> segir að ákvæðið um að ráðherra setji reglugerðir sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, þar sem fjallað sé um hliðstæð mál á landi og í lofti. Tekið er fram að æskilegt sé að byggja lögin upp á sama hátt. Lögin um verndun hafs og stranda eru þó frábrugðin lögum nr. 7/1998 að því er þetta tiltekna atriði varðar. Það er því athugunarefni hvort sú reglugerð sem sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 7/1978 og lögum nr. 32/1986 eigi sér nægilega stoð í gildandi lög um varnir gegn mengun á hafinu. Gefur þetta jafnframt tilefni til að skoða aðrar reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli beggja laganna með tilliti til þessa álitafnis.

### 3.1.5 Samantekt

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um hvers konar starfsemi sem getur haft í för með sér mengun á hafinu. Losun og varp kolvetnis í hafið er þannig óheimilt. Eins og fram kemur í kafla 1.1 telst það ekki losun eða varp þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni berast í hafið. Þetta er sérstaklega nefnt þar sem kolvetnisstarfsemi getur leitt til slíkrar mengunar og eiga þá önnur ákvæði laganna við um hana. Sömuleiðis ákvæði um ábyrgð og skyldu til að koma í veg fyrir og draga úr mengun. Sérstakt athugunarefni er hvort ákvæði reglugerðar um starfsleyfisskyldu samkvæmt lögum nr. 7/1998 verði að óbreyttum lögum beitt um starfsemi sem lög nr. 33/2004 taka til.

---

<sup>37</sup> 18. gr. tekur gildi 1. janúar 2006.

<sup>38</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda, 130. löggj., þskj. 164, 162. mál.



## 3.2 Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir

### 3.2.1 Markmið og gildissvið

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi. Lögin gilda samkvæmt 2. gr. þeirra um hvers konar starfsemi og framkvæmdir hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem markmið laganna tekur til, að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra.

Hollustuhættir og mengunarvarnir í lögnum taka samkvæmt 3. gr. laganna til hollustuverndar, mengunarvarnaeftirlits, vöktunar, tengdra rannsókna og fræðslu um þessi mál. Hollustuvernd tekur til eftirlits með matvælum, fegrunar- og snyrtiefnum, eiturefnum og hættulegum efnum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum. Mengunarvarnaeftirlit tekur til eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum og fræðslu um þessi mál. Vöktun umhverfisins tekur til mengunarvarnaeftirlits.

Eins og segir í 2. gr. laganna taka þau m.a. til starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögu að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra. Áður hefur verið fjallað um markmið og gildissvið laga nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Markmið þeirra er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem geta haft áhrif þar á. Framkvæmd laganna snýr að mörgu leyti að sömu atriðum og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. áður tilvitnuð ummæli í athugasemd við 6. gr frumvarps þess sem varð að lögum nr. 33/2004, þar sem vísað er til uppbyggingar laga nr. 7/1998. Þar er einnig vísað til þess að þau lög fjalli um „hliðstæð mál á landi og í lofti.“<sup>39</sup> Af skilgreiningu mengunarvarnahugtaksins verður hins vegar ráðið að „lögur“ sé ekki undanskilinn gildissviði laganna, enda er þeim ætlað að gilda í efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána. Lög um verndun hafs og stranda eru sérlög um verndun hafsins gegn mengun og byggja að mörgu leyti á þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að á þessu sviði. Verða þau því talin ganga lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir framár að því leyti sem þau kunna að skarast. Ákvæði laga nr. 7/1998 gilda hins vegar að öðru leyti eftir því sem við á. Á það einkum við um hollustuvernd. Ekki verður fjallað nánar um þann þátt laganna að svo stöddu.

### 3.2.2 Stjórnýsla

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framkvæmd laganna er í höndum heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmdinni og er

---

<sup>39</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda, 130. löggþ., þskj. 164, 162. mál.

stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni er undir löginn falla, sbr. 18. gr. laganna. Umhverfisstofnun gefur einnig út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og talinn er í fylgiskjali með lögunum. Eins og áður segir eru olúbirgðastöðvar og olíuhreinsistöðvar meðal starfsleyfisskyldrar starfsemi samkvæmt lögunum. Hér að framan var fjallað um lög um verndun hafs og stranda m.t.t. starfsleyfis. Ef þau lög gilda um mengunarvarnir á hafinu virðist, eins og áður segir, óljóst hvort starfsemi sem getur haft í för með sér mengun á hafinu þarf starfsleyfi. Þannig gætu olúbirgðastöðvar og olíuhreinsistöðvar verið undanþegnar starfsleyfi í þeim tilvikum sem lög nr. 33/2004 eiga við en ekki þegar þær falla undir lög nr. 7/1998. Bæði löginn heyra undir yfirstjórn umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun fer með framkvæmd þeirra. Vakin er athygli á þessu hér vegna þess að stjórnvöld verða við framkvæmd verkefna sinna að skilja á milli heimilda sem þau kunna að hafa á grundvelli einnar lagaheimildar frá framkvæmd annarrar og óskildrar lagaheimildar. Krafa um starfsleyfi kann að horfa mismunandi við eftir því á hvaða grundvelli Umhverfisstofnun fjallar um mál. Hið sama á við um eftirlit og beitingu valdheimilda stofnunarinnar að öðru leyti.

### 3.3 Lög nr. 44/1999, um náttúruvernd

#### 3.3.1 Markmið og gildissvið

Tilgangur laga um náttúruvernd er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Löginn eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Þá eiga löginn að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarmínjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Samkvæmt 2. gr. laganna gilda þau á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979.

#### 3.3.2 Stjórnsýsla

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarmála. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna og er ráðherra til ráðgjafar eftir því sem við á hverju sinni. Samkvæmt 6. gr. laganna er það meðal annars hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum, sbr. b-lið 2. mgr. Það er einnig hlutverk stofnunarinnar að gera álitserð vegna meiri háttar framkvæmda og rekstrar, sbr. h-lið, og veita leyfi samkvæmt lögunum, sbr. l-lið.

### 3.3.3 Lögin og kolvetnisstarfsemi

Af framansögðu verður ráðið að lög um náttúruvernd taki til kolvetnisstarfsemi eftir því sem við getur átt. Í VI. kafla er fjallað um nám jarðefna og er sértaklega tekið fram í 45. gr. að ákvæði kaflans gildi eftir því sem við eigi um efnistöku af eða úr hafsbotni í íslenskri landhelgi og efnahagslögsögu. Leyfi til slíkrar efnistöku utan netlaga fer hins vegar eftir ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, sbr. 47. gr. laganna. Iðnaðarráðherra skal þó leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Hér er rétt að taka fram að lög nr. 13/2001 voru ekki komin til sögunnar við setningu náttúruverndarlaga og verður að skoða ákvæði 45. gr. í því ljósi. Lögin hafa einnig að geyma sérstakt ákvæði um friðlýsingu náttúruminjar í hafi. Samkvæmt 54. gr. getur umhverfisráðherra friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Umhverfisráðherra getur gert þetta að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða álitum Haf- rannsóknarstofnunarinnar, Umhverfisstofnunar eða Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ákvæði annarra greina VII. kafla um friðlýstar náttúruminjar gilda, samkvæmt 2. mgr. 54. gr. eftir því sem við getur átt um friðlýstar náttúruminjar í hafi.

## 4 Lög þar sem öryggissjónarmið koma við sögu

### 4.1 Lög nr. 13/2002, um leit rannsóknir og vinnslu kolvetnis og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir

Eins og fram kemur í inngangskafli er fjallað um öryggisráðstafanir í 22. gr. laga nr. 13/2001. Samkvæmt 1. mgr. skal við kolvetnisstarfsemi gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar til slíkrar starfsemi á hverjum tíma, meðal annars hvað varðar tæknibúnað og vinnuferli. Samkvæmt 2. mgr. skulu leyfishafi og aðrir sem stunda kolvetnisstarfsemi stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöð og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi fullnægi gildandi lögum. Loks segir í 3. mgr. að leyfishafi skuli sjá til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón eða draga úr afleiðingum tjóns sem orðið hefur, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf.

Eins og fram kemur í kafla 2.6 eiga ákvæði 1. og 3. mgr. 22. gr. við um bæði umhverfis- og öryggissjónarmið. Krafa um að leyfishafi geri nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja tjón og draga úr afleiðingum tjóns sem orðið er, er þannig bæði í þágu umhverfis- og vinnuöryggis. Hið sama verður sagt um kröfu um að kolvetnisstarfsemi uppfylli kröfur sem gerðar eru til slíkrar starfsemi á hverjum tíma. Uppfylli leyfishafi slíkar kröfur hlýtur það að draga úr líkum á því að starfsemin komi til með að hafa óæskileg áhrif á umhverfið auk þess sem vinnustöðin verður öruggari enda vísað til tæknibúnaðar og vinnuferla í dæmaskyni í þessu sambandi. Ákvæði 2. mgr. snýr meira að því sem kalla má aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöð. Ekki er nánar fjallað um inntak þess í lögum nr. 13/2001 en vísað til gildandi laga í því sambandi. Er þar annars vegar um að ræða lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem fjallað hefur verið um í kafla 3.2. Eins og þar kemur fram taka lögin til hollustuverndar og mengunarvarnaeftirlits í sambandi við hvers konar starfsemi og framkvæmdir hér á landi, í lofthelgi og efnahagslögsögu að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra. Lögin gilda því um slíka starfsemi að svo miklu leyti sem lög um varnir gegn mengun hafs og stranda gera það ekki. Er þar einkum um að ræða þá þætti laganna sem snúa að hollustuvernd og reglur sem settar hafa verið samkvæmt lögnum þar að lútandi. Hins vegar er um að ræða lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og beinist umfjöllun kafla 2 hér á eftir að þeim lögum.

Samkvæmt 23. gr. laga nr. 13/2001 skal sérstöku öryggisbelti komið á fót umhverfis hafstöðvar. Er síðan mælt fyrir um að iðnaðarráðherra setji nánari reglur um öryggisbelti í samræmi við alþjóðlegar venjur, þar á meðal um samgöngur og fiskveiðar á svæðinu. Getur hann lagt bann við umferð óviðkomandi skipa og loftfara um svæðið og, ef öryggisástæður mæla með, reglur sem takmarka rétt skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað. Ákvæðið er í samræmi við hafréttarsáttmálann, sbr. athugasemd við 23. gr. frumvarpsins<sup>40</sup>, og hefur þann tilgang að vinna

---

<sup>40</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda, 126. löggj., þskj. 182, 175. mál.

gegn slysa- og mengunarhættu auk þess sem það tryggir öryggi siglinga, útbúnaðar og mannvirkja.

## 4.2 Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

### 4.2.1 Markmið, gildissvið og efni

Samkvæmt 1. gr. laganna er með þeim leitast við

- a. að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu.
- b. að tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Lögin gilda samkvæmt 2. gr. laganna um alla starfsemi þar sem einn eða fleiri menn vinna. Siglingamál eru undanþegin lögnum og önnur verkefni sem sérstaklega eru falin Siglingastofnun Íslands. Einnig eru undanskildar lögnum alþjóðasamþykktir sem Ísland er og verður aðili að, þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira, sbr. a-lið 2. mgr. Samkvæmt b-lið 2. mgr. eru loftferðir einnig undanþegnar lögnum og alþjóðasamþykktir sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar. Hér gildir því hið sama og um lög um varnir gegn mengun hafs og stranda að þessu leyti að því er snertir forræði Siglingastofnunar Íslands á siglingamálum. Samkvæmt 8. tölul 1. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1996 skal stofnunin annast mál er varða siglinga og sjómannaölög að því leyti sem þau tengjast skipum, skráningu þeirra og búnaði, siglingaöryggi og öðrum málum sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa. Stofnunin fer einnig með eftirlit samkvæmt lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.

Athygli vekur að ekki er tekið fram að lögin skuli gilda í lofthelgi, landhelgi og í efnahagslögsögu Íslands eins og gert er með einum eða öðrum hætti í þeim lögum sem fjallað hefur verið um hér að framan. Þau gilda hins vegar um alla starfsemi þar sem einn eða fleiri menn vinna. Verður því að líta svo á að þau gildi um alla slíka starfsemi í íslenskri lögsögu að svo miklu leyti sem hún er ekki sérstaklega undanskilin, sbr. það sem áður segir um starfssvið Siglingastofnunar Íslands. Í þessu sambandi má benda á að í athugasemdum við 22. gr. frumvarp þess er varð að lögum nr. 13/2001 er vísað til þess að ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gildi um starfsemi samkvæmt lögnum.

Efni laganna er best lýst með því að greina frá kaflaheitum þeirra. Í II. og IV. kafla er fjallað um samskipti atvinnurekenda og starfsmanna og almennar skyldur beggja. Í V. kafla eru ákvæði um framkvæmd. Þar segir t.d. í 37. gr. að vinnu skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja

skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Í VI. og VII. kafla eru ákvæði um vinnustaðinn, sem skal þannig úr garði gerður að gætt sé fyllsta öryggis og um vélar, tækjabúnað o.fl. Eins og um framkvæmd vinnunnar skal um vinnustaðinn og vélar og tækjabúnað fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Í VIII. kafla eru ákvæði um hættuleg efni og vörur, í þeim IX. um hvíldartíma, frídaga og hámarksvinnutíma en í X. kafla er fjallað um vinnu barna og unglunga. Loks eru ákvæði um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir í XI. kafla. Síðari kaflar snúa meira að atriðum tengdum stjórnslu.

#### 4.2.2 Stjórnslu

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum nr. 46/1980, sbr. 73. gr. laganna. Vinnueftirlit ríkisins heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og annast stjórnslu og eftirlit á því sviði er lögin ná til, sbr. 74. gr. Auk eftirlits með framkvæmdinni felast verkefni Vinnueftirlitsins í stórum dráttum í ráðgjöf, og leiðbeiningum, öflun þekkingar, m.a. með rannsóknum, fræðslu og skráningum, sbr. 75. gr. Vinnueftirlit ríkisins veitir einnig umsagnir um það hvort starfsemi sem fyrirhugað er að hefja sé í samræmi við lögin og reglugerðir settum samkvæmt þeim, sbr. 93. gr.

Samkvæmt 95. gr. skal hver sá sem hefur með höndum starfsemi sem lögin gilda um hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

Félagsmálaráðherra setur einnig nánari reglur um öll efnisatriði laganna að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

## 5 Stjórnsýsla og kolvetnisstarfsemi

### 5.1 Lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis

#### 5.1.1 Almennt um valdsvið og verkefni iðnaðarráðherra og Orkustofnunar

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 3/2004 og ákvæðum í sérlögum fer iðnaðarráðuneytið m.a. með mál er varða jarðrænar auðlindir á landi og á hafsbotni. Iðnaðarráðherra fer því með yfirstjórn mála samkvæmt lögum nr. 13/2001. Samkvæmt lögnum hefur iðnaðarráðherra almenna heimild til setningar reglugerðar um framkvæmd laganna auk sérstakra heimilda til að setja reglugerð um tiltekin efnisatriði. Þannig hefur ráðherra heimild til að setja nánari reglur um hafstöðvar, sbr. 4. mgr. 22. gr. um hafstöðvar og 23. gr. um sérstök öryggisbelti umhverfis hafstöðvar.

Leyfisveitingar á grundvelli laga nr. 13/2001 eru einnig í höndum iðnaðarráðherra. Hann veitir þannig rannsóknar- og vinnsluleyfi, sbr. 7. gr. og leyfi til byggingar og starfrækslu leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis, sbr. 17. gr. laganna. Samkvæmt 18. gr. er bygging og starfræksla leiðslubúnaðar á vegum annars ríkis til flutnings á kolvetni milli landa um landgrunn Íslands háð leyfi iðnaðarráðherra. Þá mega boranir í jarðlög undir hafsbotni, bygging og uppsetning hafstöðva og vinnsla á kolvetni einungis hefjast að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, sbr. 14. og 15. gr. laganna. Ráðherra þarf einnig að samþykkja framkvæmda- og vinnsluáætlun, sbr. 2. mgr. 15. gr. og lokun hafstöðva, sbr. 1. mgr. 16. gr. Auk þess sem krafist er samþykkis ráðherra á þessum áföngum hefur hann einnig heimild til að kveða á um að skyldur samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfi haldist eftir að gildistíma leyfisins lýkur, sbr. 12. gr., og gera breytingar á áður samþykktri framkvæmda- og vinnsluáætlun, sbr. 2. mgr. 15. gr. Ráðherra er einnig heimilt að leggja á leyfishafa skyldu til samstarfs, kveða á um innihald samstarfssamnings komi aðilar sér ekki saman um það og um skyldu til samnýtingar tveggja eða fleiri kolvetnisauðlinda, sbr. 19. og 20. gr. laganna.

Orkustofnun er sérstök ríkisstofnun, sem heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun. Hlutverk stofnunarinnar kemur fram í 2. gr. þeirra laga. Verkefni stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 13/2001 snúa einkum að eftirliti með framkvæmd laganna og upplýsingagjöf, sbr. VI. kafla laganna. Samkvæmt 24. gr. annast Orkustofnun eftirlit með leitar- rannsóknar og vinnsluvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt. Stofnunin gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum ráðherra. Orkustofnun skal einnig safna öllum upplýsingum um landgrunnið sem til verða við starfsemi samkvæmt lögnum, sbr. 25. gr., og taka við skýrslum leyfishafa um rannsóknir þeirra og vinnslu samkvæmt ákvæðum í viðkomandi leyfi, sbr. 26. gr.

Sérstakt athugunarefni er hvort fela beri Orkustofnun frekari verkefni við framkvæmd laganna, t.d. vald til að veita rannsókar- og vinnsluleyfi. Í því sambandi má benda á slíkar heimildir í nýjum raforkulögum.

### 5.1.2 Stjórnsýsla á sviði umhverfis- og öryggismála

Eins og áður hefur komið fram eru rannsóknir og söfnun gagna nauðsynlegur undanfari leyfisveitinga. Á það ekki aðeins við um jarðfræðilegar forsendur kolvetnisstarfsemi. Slíkar upplýsingar eru einnig nauðsynlegar til þess að tryggja að nægileg þekking sé fyrir hendi á ástandi svæðis svo unnt verði að meta áhrif slíkrar starfsemi á umhverfið. Grunnrannsóknir og upplýsingaöflun eru meðal hlutverka Orkustofnunar samkvæmt 2. gr. laga um Orkustofnun, sbr. og 25. gr. laga nr. 13/2001. Orkustofnun fylgist einnig í umboði ráðherra með framkvæmd leyfa sem þurfa að uppfylla kröfur á grundvelli umhverfis- og öryggissjónarmiða.

Í kafla 2 var fjallað um lögundið mat á umhverfisáhrifum og tengsl þess við rannsóknar- og vinnsluleyfi iðnaðarráðherra. Einnig hefur verið greint frá heimildum iðnaðarráðherra til þess að setja nánari reglur um hafstöðvar. Í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 13/2001, er tekið fram að hér geti verið um að ræða reglur til þess að tryggja öruggt og heilsusamlegt umhverfi við kolvetnisstarfsemi. Ástæða þyki til að hafa heimild til handa ráðherra til að setja sérreglur um vinnuáðstöðu á hafstöðvum þar sem gerðar séu strangari kröfur en almennt gilda um vinnuáðstöðu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.<sup>41</sup> Iðnaðarráðherra getur einnig sett reglur um sérstök öryggissvæði í samræmi við alþjóðlegar venjur. Sérstök öryggisbelti eru yfirleitt talin nauðsynleg umhverfis mannvirki og útbúnað sem notaður er til kolvetnisvinnslu vegna slysa- og mengunarhættu. Slíkar ráðstafanir tryggja einnig öryggi siglinga, útbúnaðar og mannvirkjanna, sbr. athugasemdir í tilvitnuðu frumvarpi.

### 5.2 Stjórnsýsla samkvæmt öðrum lögum

Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis hafa ekki að geyma nánari ákvæði um hvernig uppfylla skuli kröfur 21. og 22. gr. laganna um umhverfissjónarmið og öryggisráðstafanir. Ljóst er að gildandi lögum á þessum sviðum var ætlað að gilda um kolvetnisstarfsemi. Er hér einkum um að ræða lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög um hollustuvernd og mengunarvarnir, náttúruverndarlög og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Markmiðum, gildissviði og meginefni þessara laga er lýst í köflum 3 og 4. Þar er einnig gerð grein fyrir hvernig yfirstjórn samkvæmt þeim er háttáð og stjórnsýsluverkefnum ráðuneyta og undirstofnana í stórum dráttum. Yfirstjórn þessara laga er í höndum annarra ráðuneyta en iðnaðarráðuneytisins samkvæmt reglugerð nr. 3/2004, um Stjórnarráð Íslands. Það er því á valdsviði annarra ráðuneyta að setja reglur og fara með framkvæmd ýmissa mála sem taka þarf tillit til við framkvæmd laga nr. 13/2001.

---

<sup>41</sup> Vefútgáfa Alþingistíðinda, 126. löggj., þskj. 182, 175. mál.



Þannig koma ýmsar reglur til með að gilda um starfsemina sem ekki stafa frá yfirstjórn auðlindamála.

Iðnaðarráðherra hefur þó heimild til að setja sérstakar reglur um hafstöðvar og sérstök öryggisbelti. Eins og áður segir er tekið fram í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpinu að ástæða væri til að ráðherra hefði heimild til að setja sérreglur um vinnu- aðstöðu á hafstöðvum þar sem gerðar væru strangari kröfur en almennt gildi um vinnu- aðstöðu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma. Samkvæmt þessu gilda viðeigandi lög um starfsemina en iðnaðarráðherra getur sett strangari reglur. Slíkar reglur yrðu þá settar á grundvelli laga nr. 13/2001. Þau lög vísa hins vegar efnislega til annarra gildandi laga á viðkomandi sviði. Iðnaðarráðherra hefur ekki heimild til að setja nánari reglur á grundvelli laga um verndun gegn mengun hafs og stranda, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Virðist því tilefni til að kanna nánar grundvöll sérstakra reglna sem iðnaðarráðherra setur um hafstöðvar að því er snertir umhverfissjónarmið og öryggis- ráðstafanir. Slíkar reglur eru af öðrum toga en aðrar reglur sem iðnaðarráðherra setur. Ef reglusetning á þessu sviði mun áfram tilheyra starfssviði iðnaðarráðherra er mikilvægt að höfð verði samvinna við önnur viðeigandi ráðuneyti við gerð þeirra. Sem dæmi um slíka samvinnu má benda á 6. gr. laga nr. 33/2004 þar sem kveðið er á um að við setningu reglugerða sem umhverfisráðherra setur samkvæmt ákvæðinu, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, hafi ráðherra samráð við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra eftir því sem við á.

Í kafla 2 var fjallað um fyrirmæli 21. og 22. gr. laga nr. 13/2001 um að taka beri tillit til umhverfis- og öryggissjónarmiða. Þessi atriði eru því samofin allri framkvæmd kolvetnisstarfsemi og koma til skoðunar hjá stjórnvöldum á þessu sviði m.a. við leyfis- veitingar. Mælir það með því að þessir þættir starfseminnar heyri undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins eins og aðrir þættir hennar. Lög nr. 13/2001 virðast öðrum þræði byggja á þessum grundvelli, sbr. heimild iðnaðarráðherra til að setja reglur um hafstöðvar. Tilvísun til gildandi laga á þessu sviði bendir hins vegar til þess að þessir þættir starfseminnar tilheyri stjórnslu viðkomandi stjórnvalda. Það er því athugunar- efni annars vegar hvort iðnaðarráðherra hafi, eða skuli hafa nauðsynlegar vald- heimildir til að stýra öllum þáttum kolvetnisstarfsemi og sjá um alla stjórnslu- framkvæmd sem hana snerta. Hins vegar hvort tilteknir þættir skuli heyra undir önnur stjórnvöld sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði og ef svo er hvort þeir eru nægilega aðgreindir frá verkefnum iðnaðarráðherra samkvæmt lögum nr. 13/2001.

Nágrannapjóðirnar hafa farið mismunandi leiðir í þessu efni. Í Noregi ber *the Petroleum Directorate* ábyrgð á bæði öryggis- og vinnuumhverfismálum í tengslum við kolvetnis- starfsemi. Þessi þáttur í stjórnslu stofnunarinnar tilheyrir hins vegar ekki olú- og orkumálaráðuneytinu eins og aðrir þættir kolvetnisstarfsemi. Í Danmörku tilheyra allir þættir starfseminnar umhverfis- og orkumálaráðuneytinu. Í Bretlandi hefur öryggis- þátturinn verið skilinn frá auðlindaþættinum og tilheyra nú tveimur ráðuneytum. Niðurstaða Færeyinga var að kolvetnislögin ættu við um aðra þætti en mengunar- varnir, en rík áhersla lögð á samvinnu.

## 5.3 Mótun reglna

Leyfishafi þarf að sýna fram á að hann uppfylli kröfur á sviði umhverfis- og öryggismála til þess að fá rannsóknar- og vinnsluleyfi. Framkvæmdin þarf einnig að vera í samræmi við viðurkennd viðmið. Ýmsir alþjóðasamningar gera kröfur á þessu sviði sem hafa verið lögfestar á Íslandi. Settar hafa verið ýmsar reglur um umhverfis- og öryggismál í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um verndun hafs og stranda og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum og í reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þessum lögum er ætlað að gilda um kolvetnisstarfsemi. Lagasetning á þessu sviði hefur hins vegar ekki tekið sérstakt mið af kolvetnisstarfsemi hingað til. Eðli slíkrar starfsemi getur hins vegar kallað á sérstakar, og á einhverjum sviðum strangari reglur en annars gilda, sbr. athugasemd í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 13/2001 um heimild iðnaðarráðherra til að setja sérstakar reglur um hafstöðvar sem áður er rakin.

Nágrannaþjóðirnar hafa farið mismunandi leiðir við framsetningu viðmiða að þessu leyti. Á Írlandi eru almenn ákvæði í leyfum. Grænlandingar byggja á ákveðnum stöðlum. Í Færeyjum eru engin ákvæði um þetta í stöðluðum rannsóknar- og vinnsluleyfum. Þar er í gildi reglugerð á grundvelli V. kafla kolvetnislaganna nr. 35/2001 „*Concerning Health, Safety and the Environment during the exploration phase of the hydrocarbon activities.*“ Unnið hefur verið að nýrri reglugerð á þessu sviði sem á að taka til starfseminnar í heild.

Almennt má segja að kröfur á þessu sviði hafi þróast úr því að vera nákvæm fyrirmæli til markmiðssetningar. Slík nálgun er talin gefa kolvetnisiðnaðinum valfrelsi að því er snertir tæknilegar og framkvæmdalegar lausnir. Eftirlitið byggist á innra eftirliti enda er ábyrgð á kolvetnisstarfseminni fyrst og fremst hjá leyfishöfum.<sup>42</sup>

Þessi þáttur greinargerðarinnar þarfnast frekari úrvinnslu bæði að því er snertir hugmyndafræði og útfærslu reglna. Einnig þarf að skoða hvort setja skuli kafla um umhverfis- og öryggissjónarmið í staðlað rannsóknar- og vinnsluleyfi. Þetta tengist líka stjórnáskilum þar sem skera þarf úr um hver fari með yfirstjórn og heimildir til reglusetningar á þessu sviði. Það er þó ljóst að góð samvinna þarf að vera á milli stjórnvalda auðlindamála og annarra viðeigandi stjórnvalda við mótun reglna þar sem þau mál sem hér hafa verið til umfjöllunar koma við sögu.<sup>43</sup>

---

<sup>42</sup> Preparation for Oil Exploration, Report of the Hydrocarbon Planning Commission, bls. 144.

<sup>43</sup> Einnig kann að vera ráðlegt að fá leiðbeiningar um útfærslu slíkra reglna frá aðilum sem hafa tekið þátt í mótun þeirra. Eftirfarandi er tölvupóstur frá Alex Buvic sem býður aðstoð í þessum efnum:

Reference is made to my E-mail dated 26-06-04 concerning HSE regulation. As I mentioned in my E-mail I was about to move from the Faroe Islands back to Norway after 8 years of work for the Ministry of Petroleum in the Faroes. I have now established my own consulting firm AB Management, Øvre Tastesjøen 3, 4029 Stavanger Norway Tlf/fax +47 51543494, mobil: +47 93097818. E-mail asergeib@online.no. I have also been in Greenland to make a presentation for the Government of Greenland on philosophies, strategies, and structure of an offshore related HSE regulatory setup. If desirable, I am pleased to visit with you in Iceland to make a similar presentation, and give advise with regard to structuring a HSE regulatory and supervisory setup for the coming offshore petroleum activity. Regards, Alex Buvik.

## VI. Hluti

Greinargerð  
um samkomulag við Noreg  
frá 22. október 1981,  
um olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu



Samkvæmt 3. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, hefur Ísland fullveldisrétt innan efnahagslögsögunnar að því er varðar meðal annars rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum. Fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu tekur samkvæmt 6. gr. sömu laga til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum sem þar eru. Landgrunnið er síðan afmarkað í reglugerð nr. 196/1985.

Með lögum nr. 73/1990 voru settar reglur um eignarétt og nýtingarrétt að auðlindum hafsbotnsins. Samkvæmt 1. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Eignarrétturinn að því er kolvetni snertir er ítrekaður í lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í 3. gr. laganna segir að íslenska ríkið sé eigandi kolvetnis samkvæmt 1. gr. og er að starfsemi samkvæmt lögum sé háð leyfi iðnaðarráðherra.

Hinn 22. október 1981 var undirritaður samningur milli Íslands og Noregs um landgrunnið á milli Íslands og Jan Mayen. Um er að ræða skilgreint svæði landgrunnnsins samkvæmt 2. gr. samningsins. Samningurinn gekk í gildi 2. júní 1982. Þar er ákveðið að Íslendingar og Norðmenn skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar verði reglur um hvernig háttáð skuli olíuleit á þeim ef til komi. Í samræmi við samninginn hafa frumrannsóknir á Jan Mayen hrygg verið framkvæmdar í samvinnu við norsk stjórnvöld. Ef rannsóknar- og vinnsluleyfi verða veitt til frekari rannsókna á tilteknum svæðum skulu þau byggjast á sameignarsamningi (e: joint venture contracts) nema aðilar samþykki eitthvert annað samningsform, sbr. 4. gr. Samkvæmt samningnum skal hvort ríki eiga rétt á fjórðungs hlutdeild í kolvetnisstarfsemi á svæði hins. Finnist kolvetni í vinnanlegu magni á norska hluta svæðisins (norðan við skilgreinda línu) er Íslandi heimilt að fá hlutdeild í samræmi við sinn hluta enda greiði það Noregi samsvarandi hluta kostnaðarins, sbr. 2. mgr. 5. gr. samningsins.

Samningurinn er að mörgu leyti óljós um réttindi og skyldur samningsaðila. Þar kemur t.d. ekki fram hvað átt er við með fjórðungs hlutdeild í kolvetnisstarfsemi samkvæmt rannsóknar- og vinnsluleyfum. Orðalag ákvæðisins getur bent til þess að Ísland eða íslensk fyrirtæki eigi rétt til að ganga inn rannsóknar- og vinnsluleyfi sem norsk stjórnvöld veita á svæðinu. Einnig kemur til greina að skýra ákvæðið svo að fjórðungur viðkomandi leyfis verði veittur af íslenskum stjórnvöldum, eða eigi jafnvel rétt á fjórðungi tekna af kolvetnisvinnslu norðan við lögsögumörkin.

Samningurinn milli Íslands og Noregs er eins og áður segir frá árinu 1981. Á þeim tíma höfðu lög nr. 41/1979 sem kveða á um fullveldisrétt Íslands yfir landgrunninu tekið gildi. Hann er hins vegar gerður fyrir gildistöku laganna um eignarétt íslenska ríkisins og auðlindum hafsbotnsins (1990), laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (1991) og laga um Evrópska efnahagssvæðið (1993). Verður að skoða hann í því ljósi. Tvö fyrrgreindu lögin hafa ekki áhrif á rétt Íslands til þess að gera samninga um réttindi sín yfir auðlindum sínum, sbr. 1. gr. laga nr. 73/1993. Hins vegar er ástæða til að skoða samninginn m.t.t. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem byggir meðal annars á markmiði aðildarríkjanna að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri

framkvæmd og jafnrétti, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila. Evrópskar samkeppnisreglur kunna því að hafa áhrif á t.d. ákvæði 4. gr. samningsins milli Íslands og Noregs um samstarfssamninga. Hið sama má segja um gagnkvæma hlutdeild Íslands og Noregs í kolvetnisstarfsemi hins. Hvort og hversu mikil áhrifin geta orðið fer meðal annars eftir því hvernig ákvæði samstarfssamningsins eru skýrð. Ef um er að ræða skilyrðislausan rétt íslenskra fyrirtækja í rannsóknar- og vinnsluleyfi er ljóst að evrópskar reglur, þ. á m. tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 94/22/EB, um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatsefni. Leiði athugun í ljós að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið raski ekki ákvæðum umrædds samnings þarf að huga að því að rannsóknar- og vinnsluleyfi séu í samræmi við skuldbindingar samkvæmt honum. Þannig þyrfti t.d. að setja fyrirvara í leyfisútbod um fjórðungs hlutdeild norskra aðila í veittum leyfum.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að samkomulagið kallar á viðræður við Noreg um framkvæmd þess um olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu. Í framhaldinu þarf að huga að útfærslu á ákvæðum hans í rannsóknar- og vinnsluleyfi að höfðu tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Rétt er að taka fram að í drögum að rannsóknar- og vinnsluleyfi er ekki gerð tillaga þar að lútandi.

## VII. Hluti

Greinargerð  
um framhald olíuleitarmála

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	125
2	VALKOSTIR.....	126
3	TILLÖGUR UM FRAMHALD .....	127
	3.1 Skipulag undirbúningsvinnunnar .....	128
	3.2 Verkpættir og kostnaður .....	128
	3.3 Öflun grunnupplýsinga - lýsing á verkefnum .....	129

## TÖFLUR

Tafla 1.	<i>Yfirlit um fyrri áfanga undirbúnings fyrir veitingu leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Jan Mayen-svæðinu – verklýsing og kostnaðaráætlun. ....</i>	131
Tafla 2.	<i>Framvinduáætlun um undirbúning fyrir veitingu leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Jan Mayen-svæðinu miðað við að leið 3 verði farin. ....</i>	133



# 1 Inngangur

Þrjú svæði á landgrunni Íslands koma helst til greina sem olíuleitarsvæði: Jan Mayen-svæðið, Hatton Rockall-svæðið og landgrunn Norðurlands. Líklegt er talið að fyrst muni koma til álita að veita leyfi til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Jan Mayen-svæðinu og hefur samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál að ósk iðnaðarráðuneytisins látið taka saman yfirlit um þann undirbúning sem fram þarf að fara til þess að unnt sé veita leyfi á því svæði. Nefndin fékk Margréti Völu Kristjánsdóttur lögmann til þess að taka saman yfirlitið. Niðurstöður hennar liggja nú fyrir í skýrslunni “Undirbúningur fyrir veitingu leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis” (Orkustofnun, 2005).

Af niðurstöðunum má ráða að leyfisveitingar á Jan Mayen-svæðinu muni kalla á umtalsverðan undirbúning af hálfu stjórnvalda sem samtals muni taka um þrjú til fjögur ár og vinna megi í tveimur áföngum. Í fyrri áfanganum, sem áætlað er að taki að lágmarki um tvö ár, þarf að fara fram nánari athugun og taka ákvarðanir um breytingar á lögum og reglum á ýmsum sviðum. Er þar meðal annars um að ræða skattlagningu tekna og gjaldtöku af kolvetnisstarfsemi, umhverfismat, framkvæmd umhverfis- og öryggismála og ákvarðanir um stjórnslu bæði m.t.t. hlutverks Orkustofnunar og gagnvart öðrum stjórnvöldum. Einnig þarf að afla ýmissa grunnupplýsinga um efnahagslegar hliðar olíuvinnslu og um náttúrufar á Jan Mayen-svæðinu. Ennfremur er talið nauðsynlegt að taka upp viðræður við Norðmenn um framkvæmd Jan Mayen-samningsins og taka ákvarðanir um hvernig jarðvísindalegri ráðgjöf við stjórnvöld verði best hagað. Í skýrslu Margrétar Völu eru sett fram fyrstu drög að stöðluðu rannsóknar- og vinnsluleyfi. Í fyrri áfanganum þarf að móta leyfisdrögin frekar. Taka þarf afstöðu til ýmissa álitaefna sem reifuð eru í tengslum við þau í skýrslunni og færa til samræmis við breytingar og eftir atvikum nýmæli í lögum. Við lok þessa áfanga væri lagaumhverfi rannsóknarborana og vinnslu að mestu leyti tilbúið til kynningar.

Sjálft leyfisveitingaferlið færi fram í seinni áfanganum, sem tæki eitt til tvö ár.

Til viðbótar við þennan undirbúning er nauðsynlegt að olíuleitarfyrirtæki afli frekari gagna af svæðinu með mælingum í tvö til þrjú ár svo byggja megi leyfisumsóknir á sem bestum upplýsingum. Ólíklegt er að fyrirtækin fáist til að hefja mælingar á svæðinu að nýju fyrr en stjórnvöld hafa gefið yfirlýsingu um að þau stefni að því að bjóða fram rannsóknar- og vinnsluleyfi á svæðinu innan tiltekins tímafrests. Verði slík yfirlýsing ekki gefin snemma á undirbúningsstiginu mun það lengja þann tíma sem þarf til að ljúka öllu ferlinu.

## 2 Valkostir

Samráðsnefndin telur skynsamlegt að í framhaldi af skýrslu Margrétar Völu verði tekin ákvörðun um framvindu olíuleitarmálanna næstu árin. Að mati nefndarinnar koma þrjár leiðir helst til greina:

1. Að bíða með frekari undirbúning fyrir leyfisveitingar og geyma hugsanlegar auðlindir í jörðu þar til áhugi olíuiðnaðarins á Jan Mayen-svæðinu er orðinn verulegur. Verðmæti hugsanlegra auðlinda og áhugi olíufyrirtækja á svæðinu mun sennilega aukast með tímanum. Leyfisskilmálar geta því orðið okkur hagstæðari í framtíðinni en nú. Til marks um verulegan áhuga olíufyrirtækja mætti hafa að stór olíufyrirtæki, sem sjálf stunda rannsóknarboranir og olíuvinnslu, sneru sér til íslenskra stjórnvalda með óskir um rannsóknar- og vinnsluleyfi eða að Norðmenn tækju ákvörðun um að veita slík leyfi á sínum hluta svæðisins. Helsti ókosturinn við þessa leið er sá að erfitt getur verið að bregðast skjótt við skyndilegum áhuga olíufyrirtækja eða óvæntri þróun í olíuleit á norska hluta svæðisins. Verði hún valin er jafnframt hætt við að einkaaðilar muni ekki leggja meira fé í leit á svæðinu á næstu árum.

2. Að ljúka undirbúningi fyrir leyfisveitingar, en fresta ákvörðun um hvenær leyfi verða veitt. Í þessari leið felst að lokið verði þeim undirbúningi sem fram þarf að fara á vegum stjórnvalda áður en leyfisveitingaferlið hefst en jafnframt svigrúm til þess að hefja ekki ferlið fyrr en stjórnvöld telja að réttar aðstæður hafi skapast. Þessi fyrri áfangi undirbúningsins mun að lágmarki taka um tvö ár, en leyfisveitingaferlið eitt til tvö ár til viðbótar. Taki stjórnvöld ákvörðun um að stefna að leyfisveitingum strax að fyrri áfanga undirbúningsins loknum verður í fyrsta lagi hægt að veita leyfi þremur árum seinna vegna þeirra mælinga sem olíuleitarfyrirtæki þyrftu að ljúka og umsóknir yrðu byggðar á. Verði þessi leið farin er því eðlilegt að gera ráð fyrir að minnsta kosti fimm árum frá því undirbúningurinn hefst þar til unnt verður að veita leyfi. Stjórnvöld geta þó stýtt þennan tíma um eitt ár með því að gefa yfirlýsingu snemma á undirbúningsstiginu um að þau stefni að því að veita leyfi innan tiltekins tímafrests og hvetja þannig olíuleitarfyrirtæki til þess að hefja mælingar fyrr en ella. Nauðsynlegum undirbúningi í fyrri áfanga er lýst nánar í töflu 1.

3. Að stefna opinskátt að leyfisveitingu innan fárra ára og hefja skipulegan undirbúning á næsta ári. Vegna hækkandi olíuverðs, tækniþróunar, framgangs olíuleitar við Færeyjar og áhuga Geysis Petroleum, samstarfsfyrirtækja þeirra og annarra aðila á olíuvinnsluréttindum á Jan Mayen-svæðinu telur samráðsnefndin að ákveðið tækifæri sé til þess að efna til rannsóknarborana á Jan Mayen-svæðinu á næstu árum með veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfa.

Það kann að þykja ótímabært að taka slíka ákvörðun vegna þess að óvissa er um áhuga stærri olíufyrirtækja á olíuleit á svæðinu en telja verður þátttöku slíkra fyrirtækja forsendu fyrir því að ráðist verði í boranir. Þegar þetta er metið þarf þó að hafa í huga að ólíklegt er að áhugi þessara fyrirtækja skýrist að ráði fyrr en ljóst er að stefnir í leyfisveitingar á svæðinu, því fyrirtækin taka sér yfirleitt ekki tíma til þess að setja sig inn í olíumöguleika á svæðum þar sem óvissa ríkir um leyfisveitingar. Ef talið er mikilvægt

að á næstu árum verði áfram fjárfest í mælingum á svæðinu og olíumöguleikar þar athugaðir í alvöru af fyrirtækjum sem hafa burði til þess að standa sjálf fyrir borunum kann að vera nauðsynlegt að tilkynna að til standi að bjóða fram rannsóknar- og vinnsluleyfi innan fárra ára. Líklegt er að borun einnar rannsóknarholu muni auka verulega við núverandi þekkingu á svæðinu og gera frekari leit markvissari. Samráðsnefndin hefur gert drög að áætlun um hvernig standa megi að undirbúningi og framkvæmd leyfisveitinga ef þessi leið verður farin. Framvinduáætlunin er sett fram í töflu 2. Einstakir þættir í fyrri áfanga undirbúningsvinnunnar eru hinir sömu og leiðar 2 sem lýst er hér að framan og sama gildir um áætlaðan kostnað (sbr. töflu 1).

Samkvæmt áætluninni er stefnt að leyfisútbóði árið 2008 og að leyfi verði veitt í lok þess árs eða í ársbyrjun 2009. Upplýst verði um þessa fyrirætlun á fyrsta ársfjórðungi 2005 og undirbúningur hefjist sama ár. Fyrstu tvö árin verði gerðar viðeigandi breytingar á lagaumhverfi og stjórnsýslu auk þess sem aflað verði nauðsynlegra grunnupplýsinga um eðli og hugsanlegt umfang rannsóknarborana og olíuvinnslu í kjölfar leyfisveitinga, líkleg áhrif slíkrar starfsemi á íslenskan efnahag og atvinnulíf, leiðir til að tryggja sem mesta hlutdeild íslenskra aðila í henni. Einnig verði aflað grunnupplýsinga um náttúrufar á Jan Mayen-svæðinu með áherslu á viðkvæm svæði og lífverur og leiðir til þess að draga úr mengun og öðrum óæskilegum umhverfisáhrifum og truflunum á annarri starfsemi, t.d. fiskveiðum. Jafnframt verði leyfisskilmálar mótaðir að verulegu leyti. Fyrri áfanga undirbúningsvinnunnar verði því lokið árið 2006. Á fyrsta ársfjórðungi 2007 verði fyrirkomulag leyfisveitinga kynnt og gefnar nánari upplýsingar um hvenær áætlað sé að leyfisveitingaferlið hefjist. Árinu verði svo varið til undirbúnings leyfisveitinga en sjálft leyfisveitingaferlið fari fram árið 2008. Bæði árin verði haldið áfram að afla frekari grunnupplýsinga. Áætlunin veitir olíuleitafyrirtækjum svigrúm til mælinga á svæðinu í þrjú ár. Með þessari framvindu gæti borun í fyrsta lagi hafist árið 2009 en líklega að það yrði ekki fyrr en ári seinna.

Að afla ýmissa grunnupplýsinga svo sem um eðli og hugsanlegt umfang rannsóknarborana og olíuvinnslu í kjölfar leyfisveitinga, líkleg áhrif slíkrar starfsemi á íslenskan efnahag og atvinnulíf, leiðir til að tryggja sem mesta hlutdeild íslenskra aðila í henni og meta hvaða lágmarkskröfur skuli gera um efnahagslegan og annan ávinning samfélagsins af starfseminni ef heimila ætti vinnslu innan fárra ára fremur en að láta nýtingu hugsanlegra auðlinda bíða betri tíma. Einnig þarf að afla grunnupplýsinga um náttúrufar á Jan Mayen-svæðinu með áherslu á viðkvæm svæði og lífverur og leiðir til þess að draga úr mengun og öðrum óæskilegum umhverfisáhrifum og truflunum á annarri starfsemi, t.d. fiskveiðum.

### 3 Tillögur um framhald

Í ljósi þess sem hér hefur verið reifað telur samráðsnefndin vel koma til greina að sú undirbúningsvinna sem fellur undir fyrri áfanga og er sameiginleg leiðum 2 og 3 verði hafin á næsta ári og stefnt verði að því að ljúka henni með kynningu á fyrsta ársfjórðungi 2007. Verði raunin sú gæti verið skynsamlegt að iðnaðarráðherra fylgi henni úr hlaði á næstu mánuðum með yfirlýsingu um framhald olíuleitarmála. Nefndin lýsir

síð reidubúna til aðstoða ráðuneytið við að leggja mat á hvernig standa skuli að framhaldi málsins og hversu langt yfirlýsingar um það skuli ganga.

Í töflu 1 er sett fram yfirlit um fyrri áfanga undirbúnings að veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfa á Jan Mayen-svæðinu, þ.e.a.s. þann undirbúning sem fram þarf að fara áður en unnt verður að hefja sjálft leyfisveitingaferlið. Um er að ræða þrenns konar undirbúning: breytingar á lagaumhverfi, öflun grunnupplýsinga og kynningu á fyrirkomulagi olíuleitar.

Nánar er fjallað um skipulag undirbúningsvinnunnar, kostnað og öflun grunnupplýsinga hér á eftir.

### 3.1 Skipulag undirbúningsvinnunnar

**Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál.** Lagt er til að undirbúningsvinnunni verði stjórnad af samráðsnefndinni. Í henni sitja nú fulltrúar iðnaðarráðuneytis, utanríkisráðuneytis og Orkustofnunar og starfsmaður hennar er sérfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknum. Í nefndina verði einnig skipaðir fulltrúar fjármálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

**Vinnuhópar.** Skynsamlegt virðist að skipta undirbúningsvinnunni á þrjá vinnuhópa skipuðum nefndarmönnum, öðrum sérfræðingum og launuðum starfsmönnum. Skýrslur verði keyptar af stofnunum og ráðgjöfum.

**Vinnuhópur A** fjalli um laga- og reglugerðarumhverfi olíuleitar og olíuvinnslu, þ.m.t. drög að leyfi, kolvetnislögin, fyrirkomulag stjórnsýslu og framkvæmd Jan Mayen-samningsins og kynningu á fyrirkomulagi olíuleitar.

**Vinnuhópur B** fjalli um frumforsendur, efnahags- og atvinnumál og skatta og gjöld.

**Vinnuhópur C** fjalli um náttúrufar, umhverfis- og vinnuöryggismál og áhrif olíuleitar og vinnslu á aðra starfsemi.

### 3.2 Verkpættir og kostnaður

Lagt er til að undirbúningsvinnan verði hafin strax á þessu ári og stefnt verði að því að ljúka henni með kynningu á fyrsta ársfjórðungi 2007. Undirbúningurinn verði á vegum iðnaðarráðuneytisins en samráð haft við önnur ráðuneyti og keyptar skýrslur af undirstofnunum þeirra. Samráðsnefndin áætlað að heildarkostnaður við undirbúninginn muni nema 25 m.kr. á árinu 2005 og 36 m.kr. á árinu 2006, eða 61 m.kr. alls og að kostnaður muni skiptast milli verksviða ráðuneyta sem hér segir: iðnaðarráðuneytið 18 m.kr., fjármálaráðuneytið 11 m.kr., sjávarútvegsráðuneytið 12 m.kr., umhverfisráðuneytið 15 m.kr., utanríkisráðuneytið 2 m.kr. Áætlaður kostnaður vegna þjónustu erlendra ráðgjafa er 3 m.kr. Vegna undirbúnings fjárlaga 2006 þarf helst strax í janúar að vera ljóst hvort ráðuneytið vill stefna að þessu marki eða ekki. Á fjárlögum 2005 eru 7 m.kr. sem gætu runnið til þessara verkefna. Jafnframt er í sjóði hafréttarverkefnis hjá

Orkustofnun fé sem ekki verður notað til þess verkefnis fyrr en á árinu 2006. Með tilfærslu 18 m.kr. til olíuleitarmála á árinu 2005 væri nægt fé komið til hrinda undirbúningnum í framkvæmd en á fjárlögum 2006 þyrfti að koma nýtt fé, 54 m.kr., til að standa undir vinnu það ár og endurgreiða hafréttarverkefninu 18 m.kr.

### 3.3 Öflun grunnupplýsinga – lýsing á verkefnum

#### Verkefni VB-1. Frumforsendur, hugsanleg framvinda og sviðsmyndir

Mikilvægt er að undirbúningur fyrir leyfisveitingar byggji á skynsamlegum forsendum um mögulegar olíulindir og verðmæti þeirra, tækni sem beitt yrði við leit, rannsóknarboranir og vinnslu ásamt hugmyndum um framvindu og umfang starfseminnar. Upplýsingar um þessi atriði þurfa að liggja fyrir til þess að unnt sé að meta efnahagsleg áhrif og ávinning af starfseminni, taka ákvarðanir um skatta og gjöld og hvaða kröfur skuli gera til umhverfisverndar og vinnuöryggis. Vegna óvissunnar um tilvist olíulinda er best að nálgast þetta með því að setja fram tilgátur um starfsemina og hvernig hún gæti þróast að gefnum misstórum olíufundum á svæðinu. Vegna reynsluskorts okkar er eðlilegt að fá erlenda ráðgjafa til að vinna þetta verk.

Skýrsla um þennan verkþátt þyrfti að fjalla um eftirfarandi atriði:

- Mögulegar olíugildirur og borsvæði, hafdýpi og bordýpi.
- Fjarlægð frá höfnum, flugvöllum, þjónustumiðstöðvum og markaði.
- Stærð linda, magn vinnanlegrar olíu og vinnslueiginleika olíugeymis.
- Mælingasvæði, mælingatækni og umfang mælinga.
- Rannsóknar- og vinnsluboranir, bortækni og stoð- og þjónustustarfsemi við þær.
- Vinnslu og flutninga, tækni, uppbyggingu hafstöðva, vinnsluhraða og vinnsluferil og stoð- og þjónustustarfsemi við vinnslu og flutninga
- Lokun hafstöðva og frágang vinnslusvæða.
- Umfang leitar, borana og vinnslu, kostnað/veltu, tímasetningar, framkvæmdaáðila, starfsstöðvar og íslenska hlutdeild.

#### Verkefni VB-2. Efnahags- og atvinnumál.

Þegar ákveðið verður hvort og með hvaða skilmálum skuli veita leyfi til rannsóknarborana og olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um hugsanlegan efnahagslegan ávinning af starfseminni og hlutdeild Íslendinga í henni. Helstu spurningar sem leita þarf svara við eru þessar:

-Hver getur efnahagslegur heildarávinningur af olíuleit og olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu orðið að gefnum mismunandi forsendum um olíufundi? Með efnahagslegum ávinningi er átt við ýmsar efnahagsstærðir svo sem tekjur ríkissjóðs, framlag starfseminnar til þjóðarframleiðslu, fjölda nýrra starfa og þjóðhagslega hagkvæmni. Hér þarf að taka tillit til fórnarkostnaðar vegna áhrifa á umhverfi og meta hugsanleg áhrif á atvinnulíf og atvinnutækifæri utan höfuðborgarsvæðisins.

-Hvaða leiðir er hægt að fara til að tryggja að hlutur Íslands í starfseminni verði sem stærstur? Huga þarf að hlutdeild eða beinni þátttöku íslenska ríkisins og íslenskra fyrirtækja í leyfum, leit, borunum og vinnslu og tengdri starfsemi. Kanna þarf hvernig stuðla megi að því að

- olíufyrirtækin starfræki starfsstöðvar á Íslandi,
- efni, vistir, búnaður og starfsfólk fari um íslenskar hafnir og flugvelli eða með íslenskum flutningsfyrirtækjum
- íslensk fyrirtæki og einstaklingar fái raunveruleg tækifæri til að taka þátt í starfseminni,
- olíufyrirtækin nýti íslenskar vörur og þjónustu í sem mestum mæli og styðji við uppbyggingu innlendra þekkingar og færni á sviði olíuleitar, olíuvinnslu og tengdrar starfsemi með þjálfun, menntun og rannsóknum.

Meta þarf sérstaklega hvort grundvöllur sé fyrir íslenskt ríkisolíufyrirtæki eða stofnun íslenskra olíuleitar- og olíuvinnslufyrirtækja.

-Hvaða lágmarkskröfur á gera um efnahagslegan og annan ávinning samfélagsins af starfseminni ef heimila ætti vinnslu innan fárra ára fremur en að láta nýtingu hugsanlegra auðlinda bíða betri tíma?

### **Verkefni VC-1. Náttúrufar á Jan Mayen-svæðinu**

Vinna þarf yfirlitsskýrslur um þá þætti í náttúrufari Jan Mayen-svæðisins sem taka þarf sérstakt tillit til við olíuleit og vinnslu á svæðinu. Hér er annars vegar um að ræða yfirlit um þætti svo sem veðurfar, ísafar, sjávarlag, hafstrauma, hafdýpi og botngerð sem ráða miklu um hvaða kröfur skuli gera til skipa, borpalla, vinnuferla o.fl. svo koma megi í veg fyrir mengun, slys og tjón. Hins vegar er um að ræða yfirlit um lífríki svæðisins og veiðistofna, þ.e.a.s. fugla, sjávarspendýr, fiska og aðrar sjávarlífverur, sem nota megi sem grundvöll til þess að meta umhverfisáhrif af olíuleit og olíuvinnslu.

### **Verkefni VC-2. Umhverfisvernd og mengunarvarnir**

Þegar fyrir liggja grunnupplýsingar um eðli og umfang starfseminnar og náttúrufar svæðisins úr verkefnum VB-1 og VC-1 er nauðsynlegt að kanna hvernig draga megi úr mengun og öðrum óæskilegum umhverfisáhrifum sem olíuleit og olíuvinnsla kann að valda. Þarf þá fyrst að greina hver þessi óæskilegu áhrif geti verið og hvaða svæði og lífverur séu viðkvæm fyrir þeim.

### **Verkefni VC-3. Áhrif á aðra starfsemi**

Vinna þarf yfirlitsskýrslu um áhrif olíuleitar og olíuvinnslu á aðra starfsemi á væntanlegum leitar- og vinnslusvæðum. Þar veða fiskveiðar langt þyngst en einnig þarf að huga að öðrum atriðum svo sem siglingum og lögnum á hafsbotni.

**Tafla 1.** Yfirlit um fyrri áfanga undirbúnings fyrir veitingu leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Jan Mayen-svæðinu  
– verklýsing og kostnaðaráætlun.

VERKÞÆTTIR - SKREF	LYSING	FAGSVIÐ	VINNU- HÓPAR	RÁÐGJAFAR/ FRAMKVÆMDA- AÐILAR	AÆTL. KOSTN. (m. kr.)
<b>Breytingar á lagaumhverfi</b>					<b>22</b>
<i>Drög að leyfi</i>	Fullvinna þarf drög að leyfi. Fyrstu drög liggja fyrir en lausir endar kalla á frekari athuganir eða bíða ákvarðana. Þessir eru helstir: - Ýmis tæknileg atriði svo sem þrepaskipting leyfis, framkvæmdakvaðir, eftirgjöf leyfissvæða o.fl. - Ákvæði um skatta og gjöld - Ákvæði um umhverfismál, vinnuöryggi og hollustuvernd - Leiðir til þess að hvetja til sem mestrar íslenskrar hlutdeildar í starfseminni og til yfirfærslu á tækniþekkingu - Hvort stefna skuli að leyfisútboði eða opinni gátt - Samræmi við EES-reglur - Ákvæði um hlutdeild norskra aðila í starfseminni	Iðnaðarráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur A	Lögfræðingar	4
<i>Kolvetnislögin</i>	Utfæra kolvetnislögin nánar	Iðnaðarráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur A	Lögfræðingar	2
<i>Skattar og gjöld</i>	Ákveða hvaða skattakjör skuli bjóða olíufyrirtækjum og hvernig annarri gjaldtöku skuli háttáð, breyta lögum	Fjármálaráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur B	Lögfræðingar	6
<i>Umhverfis- og vinnuöryggismál</i>	Ákveða fyrirkomulag umhverfismats, umhverfisverndar, vinnuöryggismála og hollustuverndar. Samræma lög og reglur, kerfið verði gegnsætt og fyrirsjáanlegt. Útbúa reglur um hollustuvernd, vinnuöryggi og umhverfisvernd	Umhverfisráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur C		6
<i>Stjórnsýsla</i>	Skýra valdsvið og ábyrgð og samhæfa stjórnsýslu bæði hvað varðar innri stjórnsýslu á vegum iðnaðarráðuneytisins og stjórnsýslu gagnvart öðrum stjórnvöldum	Iðnaðarráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur A	Lögfræðingar	2
<i>Jan Mayen-samningurinn</i>	Semja við Norðmenn um framkvæmd samkomulagsins um olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu	Utánríkisráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur A		2

Framhald á næstu síðu

**Tafla 1 (framhald).** Yfirlit um fyrri áfanga undirbúnings fyrir veitingu leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Jan Mayen-svæðinu – verklýsing og kostnaðaráætlun.

VERKÞÆTTIR - SKREF	LYSING	FAGSVIÐ	VINNU- HÓPAR	RÁÐGJAFAR/ FRAMKVÆMDA- AÐILAR	AÆTL. KOSTN. (m. kr.)
<b>Oflun grunnupplýsinga</b>					<b>31</b>
<i>Frumforsendur</i>	Setja fram sviðsmyndir og framvinduferla fyrir rannsóknarboranir og olíuvinnslu	Iðnaðarráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur B	Erl. ráðgjafar	3
<i>Efnahags- og atvinnumál</i>	Kanna - áhrif rannsóknaborana og olíuvinnslu á efnahag og atvinnulíf - kostnað ríkisins vegna rannsóknaborana og olíuvinnslu - þjóðhagslega hagkvæmni og hvaða kröfu skuli gera um arð til ríkisins - leiðir til að tryggja hlutdeild Íslendinga í rannsóknaborunum, olíuvinnslu og tengdri starfsemi	Fjármálaráðun. " " "	Samráðsnefnd, vinnuhópur B	Sérfræðingar fjárm.ráðun.	5
<i>Náttúrufar á Jan Mayen-svæðinu</i>	Vinna yfirlitsskýrslur um -sjávarhita, ölduhæð og hafstrauma -lífríki sjávar og veiðistofna -veðufar og hafís -landfræðilegar og jarðfræðilegar aðstæður og stöðu olíuleitar	Sjávarút.v.ráðun. " Umhverfisráðun. Iðnaðarráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur C " "	Hafrannsóknastofnunin Veðurstofan Íslenskar orkurannsóknir	16
<i>Umhverfisvernd og mengunarvarnir</i>	Vinna yfirlitsskýrslur um -viðkvæm svæði og lífverur -mengun og önnur óæskileg áhrif á umhverfi og lífríki vegna borana og vinnslu -leiðir til að draga úr mengun og öðrum umhverfisáhrifum	Umhverfisráðun. " "	Samráðsnefnd, vinnuhópur C " "		5
<i>Ahrif á aðra starfsemi</i>	Vinna yfirlitsskýrslu um áhrif á fiskveiðar, siglingar, lagnir á hafsbotni og aðra starfsemi	Sjávarút.v.ráðun. Samgönguráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur C	Hafranns.st. Siglingastofnun	2
<b>Kynning á fyrirkomulagi olíuleitar</b>	-Setja upp upplýsingavef um olíuleitarmál -Vinna annað kynningarefni -Kynna olíuleitarfyrirkomulagið á innlendum og erlendum vettvangi	Iðnaðarráðun.	Samráðsnefnd, vinnuhópur A " "	Orkustofnun/ Íslenskar orkurannsóknir	4 2 1 1
<b>Verkefnisstjórn</b>		Iðnaðarráðun.	Samráðsnefnd		4
<b>Samtals</b>					<b>61</b>



Tafla 2. Framvinduáætlun um undirbúning fyrir veitingu leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Jan Mayen-svæðinu miðað við að leið 3 verði farin.

Tafla 2 - Framvinduáætlun fyrir leið 3	2004			2005			2006			2007			2008			2009		
	For-athugun	Fyrri áfangi: Undirbúningur						Seinni áfangi: Leyfisveitingaferli										
<b>VERKÞÆTTIR - SKREF</b>																		
<b>Aðgerðir stjórnvalda</b>																		
<i>Lagaumhverfi</i>																		
Yfirlit um nauðsynlegan undirbúning leyfisveitinga til rannsókna og vinnslu unnið og kynnt																		
Fyrirætlan um leyfisveitingu gerð opinber, fyrirvari um niðurstöður athugana																		
Ákvörðun um skipulag undirbúningsvinnunnar, tímasetningar og fjárveitingar																		
Frumvörp undirbúin og lögð fram																		
Umsagnir hagsmunaaðila og erlendra ráðgjafa fengnar á fyrirkomulagi olíumála																		
Samráð við Norðmenn, samkomulag um framkv. Jan Mayen-samnings undirbúið																		
Drög að leyfi mótuð og birt																		
<i>Óflun grunnupplýsinga - fyrri áfangi</i>																		
Yfirlitsskýrslur unnar um																		
frumforsendur og hugsanlega framvindu olíuleitar og olíuvinnslu																		
efnahagslegar hliðar olíuleitar og olíuvinnslu og atvinnumál																		
náttúrufar Jan Mayen-svæðisins																		
umhverfisvernd og mengunarvarnir																		
áhrif olíuleitar og olíuvinnslu á fiskveiðar og aðra starfsemi																		
<i>Kynning á fyrirkomulagi olíuleitarmála</i>																		
Fyrirhugað fyrirkomulag leyfisveitinga, borana og vinnslu kynnt																		
Fyrirkomulag stjórnsýslu og jarðfræðiráðgjafar við stjórnvöld undirbúið og kynnt																		
Upplýsingavefur um olíuleitarmál undirbúinn og opnaður																		
<i>Leyfisveitingaferli</i>																		
Fyrirmynd að leyfi fullmótuð og birt																		
Óskað eftir tilnefningu olíufyrirtækja á svæðum þar sem veita ætti leyfi																		
Umsagnir hagsmunaaðila og erlendra ráðgjafa fengnar á fyrirkomulagi olíumála																		
Frestur til að skila tilnefningum																		
Alþjóðleg ráðstefna um olíuleit við Ísland undirbúin og haldin																		
Aðferð við leyfisveitingar undirbúin og kynnt																		
Leyfi boðin út/gátt opnuð																		
Frestur til að skila leyfisumsóknum, samningaviðræður um leyfiskilmála																		
Leyfum úthlutað																		
<i>Óflun grunnupplýsinga - seinni áfangi</i>																		
Framhaldsathuganir á náttúrufari Jan Mayen-svæðisins, umhverfisvernd o.fl.																		
Framhaldsathuganir á efnahagslegum hliðum rannsóknaborana og vinnslu																		
<b>Aðgerðir mælingafyrirtækja og olíufyrirtækja</b>																		
Mælingar																		
Úrvinnsla																		
Ný gögn til sölu																		
Túlkun																		
Leyfisumsóknir undirbúnar																		

# Heimilda- og lagaskrá

## Færeyjar

Preparation for Oil Exploration, Report of the Hydrocarbon Planning Commission to the Faroese Government, Torshavn 1997.

Vefútgáfa: [http://www.oms.fo/uk/presscentre\\_reports\\_ORNreport .htm](http://www.oms.fo/uk/presscentre_reports_ORNreport.htm)

Lög, greinargerðir, reglugerðir og aðrar upplýsingar sóttar á heimasíðu Oljumálastýrið <http://www.oms.fo>:

Parliamentary Act on Hydrocarbon Activities, no 31/1998 of 16 March 1998,

Parliamentary Act on the First Licencing Round no 5 of 8 February 2000, (unofficial translation).

Explanatory notes on the Parliamentary Bill on the First Licencing round (unofficial translation).

Model Licence for Exploration for and Production of Hydrocarbons, First Round, Schedule B to the Bill on the First Licensing Round, Ministry of Petroleum (unofficial translation).

Parliamentary Act on the Second Licensing Round for Exploration for and Production of Hydrocarbons, no 67/2004 (unauthorized translation).

Explanatory notes on the Parliamentary Bill on the Second Licensing Round.

Model License for Exploration for and Pruduction of Hydrocarbons, Second Licensing Round, Schedule B to the Act on the Second Licensing Round, (unofficial translation), Petroleum Administration.

Brochure on and Invitation to the Second Licensing Round, Petroleum Administration.

Parliamentary Act on Taxation of Revenue relating to Hydrocarbon Activities (Hydrocarbon Tax Act), 21 April 1999, no. 26/1999.

Explanatory notes to the Bill on Taxation on Revenue relating to Hydrocarbon Atctivities (Hydrocarbon Tax Act).

Amendments to Parliamentary Act on Taxation of Revenue relating to Hydrocarbon Activities (Special Tax), no. 26/2000 of 7. March 2000.

Explanatory notes to the Bill on Taxation on Revenue relating to Hydrocarbon Atctivities (Special Tax Act) (unofficial translation 13 March 2000).

Parliament Act on assessment, collection, audit, etc. In connection with taxation of income derived form hydrocarbon activities (The Hydrocarbon Tax Administration Act), no 16/2000 of 14 February 2000,.

Executive Order no 113 of 20 November 2003, Proposal for Executive Order on geological and geophysical matters in connection with approval of deep drilling.

Executive Oder, no 35/2001 of 8 March 2001, concerning health, safety and the environment during the exploration phase of the Hydrocarbon Activities.

Executive Order, no. 34/2001, on reimbursement of expenses in connection with hydrocarbon activities.

## Grænland

Lög, greinargerðir, reglugerðir og aðrar upplýsingar sóttar á heimasíðu Bureau of Minerals and petroleum, <http://www.bmp.gl>:

Order no. 368 of June 18, 1998, on the Act on Mineral Resources in Greenland (the Mineral Resources Act).

Strategy regarding exploration and exploitation of hydrocarbons in Greenland, 2003, Government of Greenland, Bureau of Minerals and Petroleum, June 2003.

Invitation to apply for Hydrocarbon Exploration and Exploitation Licences under the West Greenland Licensing Round 2004, government of Greenland, Bureau of Minerals and Petroleum, April 2004.

Model Licence, Exclusive Licence 2004/xx for Exploration and Exploitation of Hydrocarbons in an Offshore Area in West Greenland, Government of Greenland, Bureau of Minerals and Petroleum, April 2004.

Model Licence, Exclusive Licence ../... for Exploration for and Exploitation of Hydrocarbons, Open- Door Areas in Greenland, Government of Greenland, Bureau of Minerals and Petroleum, April 2002.

Model Joint Operation Agreement for Licence No ... for Exploration and Exploitation of Hydrocarbons for an ... Shore Area ... in ... Greenland, Government of Greenland, Bureau of Minerals and Petroleum, April 2004.

Model Guarantee, Government of Greenland, Bureau of Minerals and Petroleum, April 2004.

Guidelines for submitting applications for approval of offshore installations for hydrocarbon exploration in Greenland, with particular emphasis on HSE (Health, Safety and Environmental) requirements, Government of Greenland, Bureau of Minerals and Petroleum

The 2004 licence areas in Greenland, A summary of the environment and a preliminary assessment of environmental impacts for exploration and development of hydrocarbon resources, Note prepared for the Bureau of Minerals and Petroleum, Government of Greenland, National Environmental Research Institute, NERI, 24. March 2004.

Environmental Oil Spill Sensitivity Atlas for the West Greenland Coastal Wone, Internet – version, Produced for the Danish Energy Agency, Ministry of Environment and Energy and Bureau of Minerals and Petroleum, Government of Greenland, by National Environmental Research Institute and Geological Survey of Denmark and Greenland in association with other institutions, June 2000.

Weather, Sea and Ice Conditions Offshore West Greenland, focusing on new license areas 2004, The Danish Meteorological Institute (DMI) Copenhagen 2004

Arctic Offshore Oil & Gas Guidelines, Arctic Council, PAME, October 2002.

## Írland:

Licensing Terms for Offshore Oil and Gas Exploration and Development 1992, Department of the Marine and Natural Resources, Ireland

Ýmsar upplýsingar af heimasíðu Department of the Marine and Natural Resources:  
<http://www.dcmnr.gov.ie> eða <http://www.pad.ie>

Helstu lög:

Petroleum and Other Minerals Development Act, 1960 (No. 7. of 1960)

Safety, Health and Welfare (Offshore Installations) Act, 1987 (No. 18 of 1987)

Safety, Health and Welfare at Work Act, 1989, (No. 7 of 1989)

Sea Pollution Act, 1991 (No. 27 of 1991)

Finance Act, 1992

Taxes Consolidation Act, 1997

## Noregur:

Ýmsar upplýsingar af heimasíðu the Norwegian Petroleum Directorate : <http://www.npd.no>:

Fact sheet 2002, Norwegian Petroleum Activity

Petroleum Production Licence No ... for Petroleum Activities, 18th Licensing Round (Unofficial translation)

Guidelines for Application for production Licences, 18th. Licensing Round ([http://www.npd.no/English/Emner/Ressursforvaltning/Undersokelse\\_og\\_leting/18runde.htm](http://www.npd.no/English/Emner/Ressursforvaltning/Undersokelse_og_leting/18runde.htm))

Petroleum Production License no... concerning Petroleum Activities, 17th Licensing Round

Accounting Agreement concerning Petroleum Activities

Joint Operating Agreement concerning Petroleum Activities

Act 29 November 1996 No. 72, relating to petroleum activities with later amendments

Royal Decree 27. June 1997, No 653 of 1997) with later amendments

## Athugasemd um tilvísanir til lagafrumvarpa

Þegar um frumvörp til **erlendra laga** er efni þeirra fengið af heimasíðu viðkomandi stjórnvalds, sbr. heimildaskrá hér að framan. Víðast er gerð grein fyrir efni athugasemda í texta skýrslunnar án nákvæmrar tilvísunar til formlegrar útgáfu þeirrar í heimalandinu.

Tilvísanir til **íslenskra** lagafrumvarpa vísa til vefútgáfu Alþingistíðinda, slóð <http://www.althingi.is>. Er þetta gert til hægðarauka fyrir þá sem koma til með að nota skýrsluna sem vinnuskjal við frekari undirbúning veitingu rannsóknar- og vinnsluleyfa.